16



Mjólkursamingurinn frá 2005 hefur elst illa



26–27

Hættir eftir 47 ára starf fyrir íslenska bændur



28–29

Bjartsýn á framtíðarhorfur í mjólkurframleiðslu

Bændablaðið

13. tölublað 2015 • Fimmtudagur 9. júlí • Blað nr. 446 • 21. árg. • Upplag 32.000



Baldur Björnsson er vinnumaður og ungahirðir í Vigur í sumar. Þarna er hann með munaðarlausa unga sem álpast hafa úr hreiðrum eða hafa farið ofan í lundaholur. Í stað þess að setja þá á sjóinn og láta máfana éta þá eru þeir aldir heima þar til þeir geta bjargað sér sjálfir. Eru þeir heimafólki og ferðamönnum til gleði og gamans. Mynd / Björn Baldursson.

## Æðarvarp hefur gengið bærilega í sumar á norðanverðu landinu:

# Dúntekja yfir meðallagi

## – staðan á varpinu mun betri við Djúp en í fyrra, segir Salvar Baldursson, bóndi í Vigur

**„Æðarvarpið hefur gengið mjög vel þrátt fyrir kalt vor og að varpið hafi farið mun seinna af stað en í fyrra,“ segir Salvar Ólafur Baldursson, bóndi í Vigur.**

„Þótt það hafi verið svona kalt fyrst og varpið langt á eftir því sem venja er, virðist ástandið á kollunum vera mjög gott. Það er mikill fjöldi af ungum og dúntekja virðist víðast hvar vera mun meiri en í fyrra.

Kollurnar settust upp um hálfum mánuði seinna nú en í venjulegu ári. Síðan hefur verið mikill kraftur í varpinu. Þessi staða hentar okkur reyndar mjög vel, þar sem gróður var ekki kominn mikið af stað og því ekki hætta á að hreiðrin færu á kaf í gras.“

Þegar tíðindamaður Bændablaðsins ræddi við Salvar í byrjun síðustu viku voru enn þó nokkuð margar kollur á hreiðrum. Æðarbændur eru yfirleitt fáorðir um umfang þess dúns sem fæst í þeirra varpi og tala frekar um dúntekjuna í víðum skilningi.

„Hjá mér var dúntekjan í fyrra um 25% undir því sem gerist í meðalári. Þá var mjög leiðinlegt veður og í samanburði er það eins og svart og hvítt miðað við veðurfarið nú í sumar. Dúntekjan nú verður örugglega eins og í góðu meðalári.“

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands var fluttur út dúnn fyrir 152,1 milljón (fob-verð) á tímabilinu janúar til maí árið 2014, en fyrir 210,1 milljón á sama tíma 2015. Fróðlegt verður því að sjá tölur fyrir útflutning dúns sem heimtist úr hreiðrum nú í júní.

Salvar segir að annað fuglavarp í eyjunni virðist líka vera að ganga vel. Krían hafi komið upp miklum fjölda unga og sömu sögu sé að segja af lundanum sem er annar nytjastofn í Vigur ásamt æðarfuglinum og hefur verið nýttur í árhundruð.

„Ég hef skoðað ábúðina fyrir Náttúrustofu Suðurlands sem heldur utan um tölur um lundann og það er yfir 90% ábúð hér í lundaholum. Sömu sögu er að segja á öðrum stöðum í Djúpinu, enda virðist vera mikið af æti og staðan góð fyrir allt fuglalíf.“ /HKr.



Íbúar í eyjunni Vigur í Ísafjarðardjúpi hafa um aldir haft nytjar af æðarfugli, lunda og öðrum sjófuglum. Staða ætis í Djúpinu skiptir öllu máli varðandi afkomu fuglastofnanna og um leið afkomu íbúanna. Mynd /HKr.

## Afkoma æðarfugls, lunda, kríu og fleiri tegunda markast af ætisframboðinu í sjónum við landið:

# Makríllinn hreinsaði upp ætið í Djúpinu í fyrra

### – „Þetta gerðist ótrúlega fljótt," segir Salvar Baldursson, bóndi í Vigur

**Salvar Baldursson, bóndi í Vigur við Ísafjarðardjúp, segir að afkoma æðarfugls, lunda, kríu og margra annarra fuglategunda ráðist af aðgengi að nægu æti í sjónum. Í fyrra hafi makríllinn hreinsað upp ætið í Djúpinu á örskömmum tíma.**

„Í fyrra var gríðarlega mikið kríuvarp í Vigur og krían kom upp miklum fjölda unga. Það var mikil áta í sjónum og næg fæða. Ungarnir voru við það að verða fleygir þegar makríllinn kom í stórum torfum í Djúpið. Eftir stuttan tíma var orðinn ördeyða í fæðu fyrir fuglinn og kríuungarnir drápust unnvörpum.

Ég hef aldrei séð svona áður, eftir að makríllinn kom tók algjörlega fyrir ætið sem fuglarnir lifa á. Þetta var svona rétt eins og við hefðum verið með opna matvörubúð í Djúpinu sem var svo skyndilega lokað. Þetta gerðist ótrúlega fljótt."

*Makríllinn étur nær 3 milljónir tonna í lögsögunni við Ísland*

Samkvæmt upplýsingum Hafrannsóknastofnunar hafa á liðnum árum gengið um 1,5 milljón tonna af makríl inn í lögsögu Íslands á tímabilinu frá maí til september. Á ferð sinni kringum landið étur makríllinn heil ósköp af fæðu, og þá aðallega krabbaflær og rauðátu. Eykur makríllinn við það þyngd sína um 40–50%. Þannig er makríllinn sem kemur inn í lögsöguna sem flökkufiskur snemmsumars að synda út úr henni aftur að hausti og búinn að éta um 2,5–3 milljónir tonna af æti. Þetta æti hefði annars verið til skiptanna fyrir aðra fiskistofna, hvali og fugla. Getur þetta afrán makrílsins að sumra mati skýrt að nokkru þann vanda sem lundinn og krían hafa átt við að eiga undanfarin ár, einkum við suður- og vesturströnd landsins. Það að makríllinn skuli nú vera talsvert seinna á ferðinni gæti gefið von um betri árangur í varpi en síðustu ár og að ungar komist á legg og geti frekar bjargað sér við ætisöflun.

*Bjarga munaðarlausum ungum*

Æðarungar sem villast af hreiðrum eiga það á hættu að verða étnir af máfum. Í sumar hefur Baldur Björnsson, bróðursonur Salvars, verið vinnumaður í Vigur og m.a. haft það hlutverk að bjarga þessum ungum. Þá álpast alltaf töluverður fjöldi æðarunga í lundaholur og kemst ekki þaðan út aftur. Hefur Vigurfólk reynt að vakta holurnar og bjarga þaðan ungunum sem ella hefðu drepist.

„Maður finnur stundum lundaholur með 15 til 20 ungum og þeir eru ekki alltaf lifandi. Ef þeir eru á lífi bjargar maður þeim. Þegar við erum með slíkan hóp höldum við honum sér og setjum aldrei aðra unga þar með. Ástæðan er að þeir geta fengið hníslasótt sem er meltingarfærasýking, sem er algeng í alifuglum. Því gefum við þeim ungum sem við erum að ala hverju sinni penicillin fyrstu dagana og pössum upp á að utanaðkomandi ungar blandist þá ekki í hópinn."

*Einstæð samvinna mannfólksins og fuglanna*

Baldur sér svo um að ala ungana í tvær til þrjár vikur á úrvalsfóðri áður en þeim er sleppt aftur. Þeir fara þá frjálsir í fjöruna og út á sjó, en ekki er óalgengt að þessir ungar komi aftur heim að bæ til að fá eitthvað gott í gogginn. Þessir fuglar eiga síðan væntanlega eftir að launa Vigurbændum lífgjöfina með því að gefa þeim dún. Þykir erlendum sem innlendum ferðamönnum þessi einstæða einstaka samvinna manna og fugla afar áhugaverð.

*Blómleg ferðaþjónusta*

Um langt árabil hafa Salvar og kona hans, Hugrún Magnúsdóttir, og fjölskylda verið að byggja upp öfluga ferðaþjónustu og móttöku fyrir ferðamenn í Vigur. Virðist ásókn ferðamanna fara stöðugt vaxandi og hafa Vigurbændur mætt þessu með því að breyta fjósinu í móttökustað og veitingaþjónustu.

„Það hafa verið að koma hér um 200 manns nánast á hverjum degi. Við erum ágætlega undir það búin að taka á móti ferðamönnum. Við erum búin að skipta um móttökuhús og koma þar upp góðri aðstöðu. Núna erum við búin að breyta fjósinu og koma þar upp góðri eldunaraðstöðu og snyrtingum og fleiru," segir Salvar. Hann segir mikinn straum vera í eyjuna af fólki af skemmtiferðaskipum sem koma til Ísafjarðar og í Ísafjarðardjúp á sumrin. */HKr.*

# Staða lundastofnsins fer batnandi

### – áhrif sjávarhita á fæðu og afkomu eru mikil og stuttnefjustofninn virðist vera að hrynja, segir Erpur Snær Hansen líffræðingur

**Erpur Snær Hansen, líffræðingur hjá Náttúrustofu Suðurlands, hefur haldið utan um tölur um afkomu lunda og fleiri sjófuglategunda við landið. Hann segir að í heild sé afkoma lundans hér við land undir meðallagi þótt staðan fari batnandi og geti verið mjög góð á einstökum svæðum á Vestfjörðum og norðanlands.**

Erpur segir að farið sé í tvö röll með talningu á sumrin. Þar er farið tvo hringi í kringum landið í tólf lundabyggðir. Þegar Bændablaðið hafði samband við hann á þriðjudag í síðustu viku var verið að klára talningu í Stórhöfða í Vestmannaeyjum.

„Í heildina er þetta svipað og undanfarin fimm ár. Ástandið er best fyrir norðan þótt við segjum ekki að það sé gott. Ábúðin, eða það hlutfall af holum sem orpið er í, hefur verið að aukast fyrir norðan hægt og bítandi og sjaldan eða aldrei verið eins hátt og í ár. Þessi varpárangur er samt eins og hann gerist lélegastur á Bretlandseyjum og teldist því rétt undir meðallagi í því samhengi.

Við Suður- og Vesturland gengur ábúðin mjög illa og hefur verið 20% lægri en venja er undanfarin fimm ár. Í Eyjum er hún um 56% á meðan hún er að meðaltali yfir 70% fyrir norðan," segir Erpur. „Lundinn hefur þó ekki enn afrækt holurnar hér í Eyjum sem eru góðar fréttir. Árið 2011 skildi lundinn t.d. eftir um 80% af eggjunum."

Eins og fram kom í samtali við Salvar Baldursson var hún um 90% þetta vorið í Vigur sem er með því besta sem gerist. Segir Erpur að ábúðin hafi líka verið mjög góð í Drangey í Skagafirði.

*Uppgangur á Austurlandi*

„Góðu fréttirnar eru að það er búinn að vera uppgangur á Austurlandi frá 2012."

Þann 26. júní var farið í talningu í Hafnarhólma á Borgarfirði eystri. Þar var ábúðin 92% og 68% höfðu klakist þegar skoðað var.

„Það er óvenjulegt núna að í Hafnarhólma var lundinn fyrstur til að klekja út ungum, en venjulega er hann fyrstur til fyrir norðan. Þar er síli og loðna uppistaðan í fæðunni, en sílið hefur þó verið á hægri niðurleið fyrir austan á meðan loðnan fer vaxandi þótt hún eigi það til að hverfa sum árin. Það var mjög mikið af loðnu í fyrra en hún var bara svo smá að það hefur ekki skilað nægu æti til að ala upp ungana. Það verður gaman að sjá árangurinn í Papey en



Erpur Snær Hansen með lundapysju. Mynd / Johannes Hellwig.

þar er mjög stórt varp, eða um 150 þúsund pör, eða álíka og í Skrúð."

Lítið hefur verið um síli við Suðurströndina og Vesturland undanfarin ár, en vart hefur orðið við aukningu á sama tíma í sílastofnunum við Norðurland. Hafa Erpur og hans menn vel náð að greina fæðuöflun fuglanna með myndatökum. Segir hann að umpólun virðist hafa verið í framboði á síli í fæðu fuglanna við Norðurland.

Þann 28. júní var skoðað í Dyrhólaey við Suðurströndina, en þar reyndist ábúðin vera tæplega 64% svo munurinn eftir landsvæðum er því mikill.

*Sterkt samhengi við sjávarhita*

Í samantekt Erps um lundaveiðar í háf í Vestmannaeyjum sem spannar yfir 134 ár, kemur greinilega fram samspil afkomu sjófugla við hitastig í sjónum. Þarna er um að ræða lengstu samfelldu veiðisögu fyrir sjófugla í heiminum.

Segir Erpur að slök staða lundastofnsins sé ekkert einsdæmi því sama eigi við um aðra sjófugla sem lifi á síli og loðnu. Hækkandi vetrarhiti í sjónum frá 1996 virðist hafa slæm áhrif á sílið við Suðurland. Loðnan hafi sömuleiðis hörfað undan hitanum til Suðaustur-Grænlands og hrefnustofninn hafi að stærstum hluta fylgt henni eftir að mati sérfræðinga. Úr þessu verður væntanlega skorið í stórri hvalatalningu sem fram fer nú í sumar.

*Fá upplýsingar um vetursetu fuglanna*

„Við höfum verið að setja staðsetningartæki á nokkrar tegundir fugla eða svokallaða dægurrita undanfarin ár og höfum fengið töluvert af niðurstöðum. Fuglar norðan- og vestanlands virðast eiga sér vetrarstöðvar á Labradorhafi milli Grænlands og Nýfundnalands. Hins vegar heldur meginhluti fuglanna á sunnanverðu landinu frá Papey að Vestmannaeyjum sig yfir Atlantshafshryggnum, suður af Charlie-Gibbssvæðinu við Grænland. Ungfuglinn virðist þó samkvæmt merkingum halda sig nær landi."

*Stuttnefjustofninn að hrynja*

„Stóru fréttirnar í þessu er að helmingur af okkar stuttnefjustofni virðist eiga sér vetursetu við vestanvert Grænland. Þar er hins vegar verið að veiða um 65 þúsund stuttnefjur á veturna sem er væntanlega að helmingshluta úr okkar stofni. Það hjálpar ekki til við að halda þeim stofni við sem hefur verið á niðurleið mun lengur en lundinn. Þegar fuglinum gengur svona illa eins og verið hefur undanfarin ár, þá eru þessar veiðar Grænlendinga algjört kjaftshögg. Hér hafa veiðar dregist mjög saman eftir að Svandís Svavarsdóttir stytti veiðitímann og það hefur haft mikið að segja. Stuttnefjan á í miklum vanda og stofninn er hreinlega að hrynja," segir Erpur. */HKr.*

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

# PREMIUM PRO-FIT

## Kúafóður sem hámarkar fitu, prótein og afurðamagn samtímis

### Inniheldur ríkulegt magn af hágæða fiskimjöli

**PREMIUM PRO-FIT 13 & 17**

inniheldur MEGAFAT kalsíumhúðaða fitu (aðallega C:16)

- MEGAFAT stuðlar að aukinni fitu í mjólk
- MEGAFAT er mjög orkuríkt og dregur úr hættu á súrdoða og lömun
- MEGAFAT stuðlar að aukinni frjósemi

www.bustolpi.is

**PREMIUM PRO-FIT** er mest selda kúafóður Bústólpa



Bústólpi ehf · fóður og áburður · Oddeyrartanga · 600 Akureyri · bustolpi@bustolpi.is · Sími 460 3350 · Fax 460 3351

Fréttir

# Með skrúfu í eyra

**Þeir deyja ekki ráðalausir kúabændur á norðausturhorni landsins þótt töng týnist þegar verið er að merkja gripina sem fæðast í þennan heim með löggiltu númeri.**

Það vakti mikla kátínu í nautalógun á Sláturhúsi Vopnfirðinga þann 30. júní þegar skoðað var eyrnamerki á einum nautgripnum sem verið var að slátra. Þá kom í ljós að eigandinn hafði ekki dáið ráðalaus þótt hefðbundin verkfæri og búnað vantaði þegar hann var að festa eyrnamerkin á.

Hafa skal það sem hendi er næst og hugsa ekki það sem ekki fæst hefur ráðagóður eigandi þessa grips greinilega hugsað. Hefur hann því gripið ryðfría stjörnuskrúfu og skrúfjárn og einfaldlega skrúfað númerið í eyra gripsins eins og sjá má á þessari mynd sem Ágústa Skúladóttir á Refsstað í Vopnafirði sendi okkur.






Haukur Þórðarson við vitann á Fonti.

# Tónleikar á „heimsenda“

**Þann 17. júlí næstkomandi verða opnunartónleikar Spilað fyrir hafið en þar mun Haukur Þórðarson gítarleikari spila ljúfa tóna daglega á Fonti á Langanesi fram til 1. ágúst.**

Tónleikaröðin er verkefni á vegum Langanesbyggðar og hefur menningarhluti Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra styrkt verkefnið.

Langanes er einstök náttúruperla með fjölskrúðugt fuglalíf. Að keyra út á Font er þó ekki heppilegt fyrir fólksbíla enda vegurinn á köflum grýttur. Markmiðið með verkefninu er að njóta tónlistar úti í náttúrunni, í þessu einstaka umhverfi þar sem tilfinningin er að komið sé út á heimsenda, eða allavega svo langt sem komist verður á landi ísa. Yfirskriftin er að spila tónlist fyrir hafið og hugsa til alls þess sem það hefur gefið en einnig tekið. Staðsetningin er ekki hefðbundin en stundum þarf bara að hugsa aðeins út fyrir rammann.



Vitinn á Fonti. Haukur á tröppunum.

Haukur er Langnesingur í húð og hár og stundar nú nám við tónlistarskóla FÍH. Hann segir að verkefnið sé viss áskorun en finnst ekki mikið mál að rúnta þessa leið daglega í þennan tíma. Frekari upplýsingar um tónleikana má finna á heimasíðu Langanesbyggðar, langanesbyggd.is, eða á fésbókinni. /GBJ





Holdanautgripir í Kerlingardal skammt austan við Vík í Mýrdal. Mynd / HKr.

## Ný lög er varða nautgriparækt:

# Innflutningur erfðaefnis í holdanautgripi heimilaður

## – meirihluti atvinnuveganefndar vill fósturvísa og ræktun í einangrunarstöð

**Frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum (erfðaefni holdanautgripa) var samþykkt á Alþingi 30. júní sl.**

Alls samþykktu 46 þingmenn frumvarpið en 7 voru á móti, einn greiddi ekki atkvæði og 9 voru fjarverandi. Í frumvarpinu er ekki tekið skýrt fram hvernig að framkvæmd málsins skuli staðið, en væntanlega verður það gert í reglugerð.

*Meirihlutinn vill fósturvísa og ræktun í einangrunarstöð*

Meirihluti atvinnuveganefndar lagði áherslu á í sinni athugasemd við frumvarpið að fyllstu varúðar verði gætt við undirbúning og framkvæmd innflutnings á erfðaefni. Þar sagði m.a.:

„Meirihlutinn telur að miða skuli við tillögu A í meginatriðum hvað varðar tilhögun og kröfur til innflutnings, um framkvæmd á innflutningi erfðaefnis og kröfur til aðstöðu á einangrunarstöð en umrædd tillaga er fylgiskjal með áliti þess.

Meirihlutinn telur að miða skuli við innflutning erfðaefnis með fósturvísum á einangrunarstöð og mælir ráðherra fyrir um kröfur til einangrunarstöðva í reglugerð líkt og áður hefur komið fram. Kröfur til einangrunarstöðvar setur ráðherra í reglugerð. Þar verði tekið tillit til sjónarmiða eins og nálægðar við bú er halda nautgripi og hversu stórt svæði verði að vera skepnulaust. Gripum sem fæðast af því erfðaefni verði í framhaldi heimilt að dreifa af einangrunarstöð við 9–12 mánaða aldur að undangenginni rannsókn og mati á áhættu á að með gripum geti borist sjúkdómar.

Að sama skapi verði heimilt að taka sæði til frystingar af sömu gripum. Meirihlutinn telur að miða beri við að gripir verði ekki fluttir af einangrunarstöð fyrr en við 9–12 mánaða aldur en að undangengnum rannsóknum til áframeldis og kynbóta á búum bænda. Jafnframt ber að viðhafa vöktun með sjúkdómum.“

*Minnihluti telur áhættuna of mikla*

Lilja Rafney Magnúsdóttir VG skilaði minnihlutaáliti þar sem segir m.a.:

„Minnihlutinn telur að mikil áhætta felist í því fyrir íslenskan landbúnað að flytja inn erfðaefni, hvort sem um er að ræða fósturvísa eða sæði. Telur minnihlutinn að ekki eigi að taka slíka áhættu enda mikil hætta á smitsjúkdómum hjá íslensku búfé sem hefði ófyrirséðan skaða í för með sér.

Minni hlutinn telur brýnt að fram fari lýðræðisleg umræða um efni frumvarpsins sem sérfræðingar, bændur og fulltrúar Bændasamtaka Íslands taki þátt í.“ /HKr.

## Lög voru samþykkt í desember sem gera verndun afurðaheita mögulega:

# Unnið að því að íslensk afurðaheiti njóti verndar í Evrópu

## – enginn hefur sótt um að fá sínar vörur skráðar hér á landi

**Í lok desember 2014 samþykkti Alþingi ný lög um vernd afurðaheita þar sem heimilað er að vísa sérstaklega til uppruna þeirra afurða sem slíkrar verndar njóta, þess svæðis sem þau koma frá eða hefðbundinnar sérstöðu þeirra. Þar hefur verið rætt um fjölmörg möguleg matvöruheiti, eins og skyr og vestfirskan harðfisk, Hólsfjallahangikjöt og fleira.**

Þótt lögin hafi nú verið í gildi í hálft ár, hafa enn ekki borist neinar umsóknir um skráningu á íslenskum afurðaheitum samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun. Hlýtur það að teljast nokkuð sérstakt, þar sem mikil umræða hefur farið fram um það á liðnum árum að nauðsynlegt væri fyrir Íslendinga að tryggja sér matvælaheiti eins og skyr. Hefur sú umræða líka sprottið upp í kjölfar auglýsinga mjólkurrisans Arla í Bretlandi á eigin skyri fyrirtækisins og jógúrt þar sem sérstaklega er reynt að höfða til upprunans á Íslandi. Greinilega er þó verið að beita ákveðinni blekkingu um upprunann á framleiðslu fyrirtækisins og nota hreinleikaímynd Íslands sem þykir sterk. Er þeta auglýst með orðunum „Icelandic Style“.




ARLA – „Icelandic style yougurt“.

Íslensk stjórnvöld hafa að undanförnu átt í viðræðum við Evrópusambandið um að tiltekin afurðaheiti sem fengið hafa slíka vernd innan Evrópusambandsins muni einnig njóta slíkrar verndar hér á landi.

Stjórnvöld leggja nú mat á hvort af slíku verður, en drög að samningi um þessi mál voru lögð fram 18. júní síðastliðinn. Samkvæmt lögunum sem sett voru á síðasta ári er heimilt að veita afurðaheiti, sem vísar til uppruna, vernd á grundvelli skráningar samkvæmt lögum þessum ef öll eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt:

**a.** ef afurðin er upprunnin á tilteknu svæði, stað eða landi,
**b.** ef rekja má gæði eða eiginleika afurðar, verulega eða að öllu leyti, til staðhátta, að meðtöldum náttúrulegum og mannlegum þáttum, og
**c.** ef framleiðsla, vinnsla og tilreiðsla afurðar fer fram á hinu skilgreinda landsvæði.

Markmið laganna er að veita þeim afurðum sem uppfylla þær kröfur og þau skilyrði sem sett eru um slíkar vörur nauðsynlega lagalega vernd auk þess að stuðla að aukinni neytendavernd og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti.

Með lögunum er íslenskum framleiðendum gert mögulegt að sækja um sérstaka vernd fyrir afurðir sínar á grundvelli eins eða fleiri fyrrgreindra atriða. Slík vernd afurða er nýlunda hér á landi en hefur tíðkast um árabil í nágrannalöndum okkar og munu margir kannast við sérmerkta osta frá Frakklandi eða skinku frá Spáni svo dæmi sé tekið.

Áður en fallist er á vernd erlendra heita samkvæmt milliríkjasamningi skal Matvælastofnun auglýsa lista yfir þau afurðaheiti sem verndar munu njóta auk upplýsinga um hvar nálgast megi afurðalýsingu fyrir viðkomandi matvæli.

Matvælastofnun hefur því auglýst eftir andmælum gegn því að heiti þau sem listuð eru á heimasíðu stofnunarinnar (http://www.mast.is/frettaflokkar/frett/2015/06/30/Ny-log-um-vernd-afurdaheita-/) öðlist vernd á Íslandi. Andmæli skulu vera skrifleg og berast Matvælastofnun, Austurvegi 64, 800 Selfossi, fyrir 31. ágúst 2015. /HKr.

# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

Brenderup

## - mikið úrval aukahluta

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra akstursseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.

Frá 169.000,- m/vsk



### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur
- Burðargeta allt að 1935 kg.

Frá 1.350.000,- m/vsk



### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:

- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn
- Burðargeta allt að 2.643 kg.

Frá 1.025.000,- m/vsk



### Söluaðilar

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toppbílar | Kraftvélar |
|---|---|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Kletthálsi 2 | Dalvegi 6-8 |
| Garðabæ | 603 Akureyri | 260 Reykjanesbær | 800 Selfossi | 110 Reykjavík | 201 Kópavogur |
| Sími: 570-5070 | Sími 460-4300 | Sími 420-6600 | Sími 480-8000 | Sími 587-2000 | Sími 535-3500 |





# Hestaferðin byrjar í Líflandi

**Teymingagjarðir, hnakktöskur, saltsteinar, kjarnfóður, flugnanet, regnfatnaður, girðingaborðar, staurar, spólur og margt fleira.**

Sala og ráðgjöf
S. 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is
lifland@lifland.is

LÍFLAND

# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339

**Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is

**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is

**Auglýsingastjóri:** Auður Laila Jónsdóttir audur@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.

Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**

**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621


## LEIÐARINN

# Að brauðfæða jörðina

**Bændasamtök Íslands urðu í maímánuði fullgildir aðilar að Alþjóðasamtökum bænda, World Farmers Organisation (WFO), á grundvelli samþykktar Búnaðarþings frá því í byrjun mars. WFO eru ung samtök, stofnuð á grunni Heimssamtaka búvöruframleiðenda sem liðu undir lok.**

Um þessar mundir er heimssýningin EXPO-2015 haldin í Mílanó undir yfirskriftinni „Feeding the Planet, Energy for life", sem í lauslegri þýðingu útleggst sem „Að brauðfæða jörðina – orka lífsins". Það var því vel til fundið að halda allsherjarþing WFO í Mílanó undir sömu yfirskrift í borginni nú í lok júnímánaðar og ánægjulegt fyrir Bændasamtök Íslands að vera loks þátttakandi í því mikilvæga samtali sem þar fer fram.

WFO eru samtök bænda alls staðar úr veröldinni auk þess sem samvinnufélög bænda eru einnig aðilar að samtökunum. Víðast hvar í heiminum er litið á hagsmuni bænda og samvinnufélaga þeirra sem hina sömu. Sem dæmi eru Evrópusamtök bænda, COPA-COGECA, sameiginleg samtök bænda og samvinnufélaga bænda í Evrópu. Þó svo að dæmi séu um öflug samvinnufélög bænda á Íslandi er langt frá því að þessu rekstrarformi sé gefinn nægur gaumur hér á landi.

### *Mikilvægi þess að taka ábyrga afstöðu*

Aðalritari Aameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, ávarpaði fundinn með hjálp nýjustu tækni og þar lagði hann áherslu á mikilvægi bænda af báðum kynjum við að tryggja fæðuöryggi með sjálfbærum landbúnaði. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) er þegar orðin aðili að starfi WFO og lýsti aðalritarinn sérstakri ánægju með það samstarf. Hann lagði einnig mikla áherslu á rekstur fjölskyldubúa og sagði að verkefni landbúnaðarins verði ekki leyst af hendi nema með aðkomu þeirra. Enn fremur lagði hann áherslu á það allir legðust á eitt í að útrýma hungri í heiminum og mikilvægi þess að taka ábyrga afstöðu til loftslagsmála. Áhugavert er að geta þess að Sameinuðu þjóðirnar telja samvinnufélög mikilvæg í baráttu gegn hungri í heiminum og hafa kallað þau „rekstrarform með samvisku".

Það voru fleiri stórmenni sem létu frá sér heyra á þinginu. Frans páfi sendi kveðju og fagnaði þeirri áherslu sem lögð var upp þar, enda mikilvægt að þróa landbúnaðinn til að takast á þær miklu áskoranir sem fram undan eru við að brauðfæða heiminn sem þyrfti jafnframt að ræða í félagslegu samhengi.

Á þinginu kusu bændur nýjan forseta samtakanna og varð dr. Evelyn Nguleka fyrir valinu. Þar fer ung kona sem er menntaður dýralæknir og bóndi frá Zambíu. Hún er mjög frambærilegur og öflugur einstaklingur sem undan nokkurs vafa á eftir að tala máli landbúnaðarins með sóma hvar sem hún kemur og halda hagsmunum bænda og samvinnufélaga þeirra á lofti.

Það er skemmtileg tilviljun að hún skuli vera kosin sama dag og síðasta Bændablað kom út, en í leiðara þess var ítrekað mikilvægi þess að konur tækju virkan þátt í félagsmálum bænda.

Í ályktun þings WFO er tekið á mörgum mikilvægum atriðum er varða starfsskilyrði bænda í heiminum og mikilvægi samvinnufélaga í virðiskeðjunni. Ljóst er að landbúnaður er afar breytilegur eftir heimsálfum og áherslur bænda eru mismunandi. Þrátt fyrir það er flest sem WFO fjallar um ekki fjarri því sem íslenskir bændur ræða á Búnaðarþingi og bændafundum um allt land, eins og sjá má hér að neðan þar sem helstu atriði ályktunar þingsins eru tekin saman.

### *Landbúnaður er kjarni sjálfbærrar þróunar*

Þingið leggur áherslu á að landbúnaður er kjarni sjálfbærrar þróunar. Bændur og dreifbýlissamfélög bera ábyrgð á fæðuöryggi, fullnægjandi næringu og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Bændur skapa hagvöxt og atvinnu með framleiðslu afurða til frekari vinnslu og viðskipta. Með því bætum við hag samfélagsins í heild auk okkar sjálfra. Landbúnaðurinn mun leggja sitt af mörkum til að efla framleiðslu endurnýjanlegrar orku svo sem með lífeldsneyti, orkuframleiðslu úr lífmassa og annarri nýsköpun.

Ræktun skóga er eitt af því sem mun skipta verulegu máli til að vinna gegn loftslagsbreytingum og tryggja framboð á hreinu vatni. Bændur eru vörslumenn landsins og hafa hag af því að halda landinu ræktanlegu og frjósömu, enda gengur landbúnaður ekki upp án þess.

Samvinnufélög í landbúnaði, í krafti skipulags þeirra og uppbyggingar, ættu að geta átt verulegan hlut að því að minnka orsakavalda matarsóunar.

Landbúnaður hefur mótað landslag og menningu um allan heim. Landbúnaðarframleiðsla er undirstaða dreifbýlissamfélaga, bæði félags- og menningarlega, um leið og þau samfélög geta boðið upp á sjálfbæra ferðaþjónustu. Landbúnaðurinn hefur því bæði félagslegt og menningarlegt hlutverk.

Sem markaðsdrifnir framleiðendur á heimsmarkaði leitast bændur sífellt við að framleiða meira með því að nota minna. Hagkvæm og skilvirk notkun aðfanga leiðir til aukinnar framleiðni og minni umhverfisáhrifa. Aðgengi að aðföngum þarf að vera tryggt svo sem að landi, auðlindum mörkuðum og fjármagni.

Bændur þurfa sanngjarnt afurðaverð. Í virðiskeðju þar sem bændur eru oft í þröngri stöðu á milli afurðastöðva og aðfangabirgja, hafa þeir oft lítið svigrúm til samninga. Við erum þakklát fyrir stuðning og traust neytenda og myndum vilja nánara samband þar á milli. Við þurfum allan þann stuðning sem mögulegt er til að styrkja stöðu bænda innan virðiskeðjunnar. Ef bændum er ekki umbunað á sanngjarnan hátt fyrir framleiðslu sína í formi afurðaverðs, þá verður ekki um neitt fæðuöryggi að ræða, engin framleiðsla endurnýjanlegrar orku og engin þróun í hinum dreifðari byggðum. Þangað verður ekkert að sækja.

Það er ljóst að hinar alþjóðlegu áskoranir fyrir landbúnað í heiminum eru miklar. Eftir að hafa kynnst viðhorfum og aðstæðum margra þingfulltrúa er ljóst að víða þarf gríðarlegt átak til að takast á við þessar áskoranir. Þar getum við vestrænu þjóðirnar orðið að liði, með því að styðja við uppbygginguinnviða og deila þekkingu.

Umræða um landbúnaðarmál hér á landi er oft á tíðum óvægin og hljómar stundum eins og markmið hennar sé eingöngu að tala niður íslenskan landbúnað. Ekkert er hafið yfir gagnrýni, en stundum er gott að horfa á hlutina í stærra samhengi.

Bændur um allan heim eru einfaldlega mjög mikilvægir … fyrir okkur öll. /SSS

## LOKAORÐIN

# Blekking til sölu

**Það er sannarlega rannsóknarefni hvað Íslendingar geta verið grunnhyggnir þegar kemur að fylgispekt við ímyndaðan pólitískan rétttrúnað. Það hefur m.a. endurspeglast vel í ofurtrú á innleiðingu á erlendu regluverki um alla skapaða hluti.**

Innleiðing blekkingarkerfis sem heimilar sölu á hluta af fjöreggi þjóðarinnar, í formi ímyndar hreinleika náttúru og orku, er eitt þessara fyrirbæra sem troðið hefur verið upp á þjóðina. Þetta var gert án þess að okkar stuðpúði gagnvart erlendu valdi, Alþingi og alþingismenn, segðu púst þegar kom að því að samþykkja þetta dæmalausa rugl. Það er fyrst núna árið 2015 að sama fólkið og samþykkti þetta er að átta sig á fáránleika málsins.

Sumt af því fólki sem samþykkti lög um þetta fyrirbæri 2008 án þess að segja múkk, hefur svo setið æpandi og emjandi vikum saman á þingi í vor í endalausu ræðurugli um „fundarstjórn forseta". Það er engin afsökun að benda á að svona hafi þetta alltaf verið og þar séu allir samsekir, hvorum megin stjórnarborðs fólk annars situr. Þessu verður að breyta og taka upp skilvirkari vinnubrögð. Þjóðin hefur ekki efni á að halda fólki á launum í svona rugli.

Ef erlend reglugerðarsmíð og innleiðing þeirra reglna er svo múlbundin í EES-samningum, þá verður að fara í endurskoðun á þeim samningum. Þessu hafa Norðmenn áttað sig á og fleiri eru eflaust að hugsa sér til hreyfings í þeim efnum. Þá er athyglisvert að Bretar vilja í það minnsta fá endurskoðun á aðildarsamningum sínum að ESB sem er enn múlbundnara fyrirbæri.

Svipaðar kröfur heyrast nú frá Danmörku og Svíþjóð, samt eru enn til pólitísk öfl hér á landi sem vilja teyma Íslendinga inn í þetta skriffinnskubákn.

Möguleikinn á upptöku evru var sú gulrót sem helst var hampað af ESB-sinnum. Nú stígur hver verðlaunahagfræðingurinn af öðrum fram á sjónarsviðið og segir að evran, eins og hún sé uppbyggð, geti aldrei gengið í svo sundurleitu ríkjabandalagi. Til þess þurfi að steypa ESB-ríkjunum saman í eina efnahagslega og pólitíska heild. Þrátt fyrir orð þessara virtustu hagfræðinga, er til fólk á Íslandi sem enn lemur hausnum við íslenska grjótið og hvetur til bumbusláttar á Austurvelli um ESB-aðild í nafni lýðræðis. Á sama tíma er allt í kalda koli í vöggu lýðræðisins í Grikklandi, sem þó átti að vera í öruggum höndum eftir inngöngu í ESB … eða hvað? /HKr.


# Hátíð á Hvanneyri



– Laugardaginn 11. júlí – kl. 13.30-17 –

*Farmall í 70 ár – Fornbílar – Markaður – Listsýningar*

*Kvenfélagskaffi, Skemman kaffihús*

*Fróðleikur, skemmtun og afþreying af ýmsu tagi.*

***Maður er manns gaman...!***


Austurbrú:

# Áhrif brottfluttra eru mikil

**Austurbrú, þróunarfélag Austurlands, hefur ásamt samstarfsaðilum á Borgundarhólmi í Danmörku, Suðurey í Færeyjum og Vesterålen í Noregi unnið að viðamikilli rannsókn þar sem leitast er við að kortleggja virði brottflutts fólks til heimahaganna í gegnum menningarviðburði. „Heima er þar sem Eyjahjartað slær".**

Flestar jaðarbyggðir eiga það sameiginlegt að ungt fólk flyst þaðan í miklum mæli, oftast til að sækja sér aukna menntun. Þetta unga og vel menntaða fólk hefur ekki skilað sér til baka og hefur af mörgum verið álitið sem svo að svæðin séu að missa mannauð varanlega. Nýlegar rannsóknir hafa hins vegar bent til þess að snúa þurfi sjónarhorninu og líta á unga brottflutta fólkið sem fjölþætta auðlind. Markmið rannsóknarinnar „Eyjahjartað" var að skoða þá nálgun betur og gera tilraun til þess að mæla þá auðlind sem felst í hinum brottflutta. Litið var til efnahagslegra, menningarlegra og félagslegra þátta.

### *Frumkvæði brottfluttra*

Þátttakendur í rannsókninni voru aðilar á jaðarsvæðum í þremur löndum auk Austurlands; Bornholm í Danmörku, Suðurey í Færeyjum og Vesterålen í Noregi. Litið var til hátíða, höldnum að frumkvæði brottfluttra. Til að meta áhrif og virði brottflutts fólks á Austurlandi voru notaðar fjórar austfirskar hátíðir: Sviðamessan á Djúpavogi, Eistnaflug í Neskaupstað, Bræðslan á Borgarfirði og LungA á Seyðisfirði. Allar eiga þessar hátíðir sameiginlegt að brottfluttir Austfirðingar annaðhvort standa fyrir þeim og skipuleggja eða spila stórt hlutverk við undirbúning þeirra og framkvæmd.

### *Mannauður*

Í ljós kom að meirihluti hátíðanna er gríðarlega stórt innlegg í svæðisbundna ferðamennsku, félagslíf og menningu á þeim stöðum þar sem þær eru haldnar. Því er hægt að álykta að framlag brottfluttra sé mikilsvirði fyrir svæðin sem flutt er frá. Þessi niðurstaða getur nýst sem innlegg í stefnumótun og áætlanagerð á jaðarsvæðum og ýtir undir mikilvægi þess að hlú vel að ungmennum á mótunarárum þeirra og mynda sterk tengsl við svæðin. Enn fremur að veita þurfi brottfluttum tækifæri til að viðhalda tengslum og leggja sitt af mörkum án þess endilega að flytja til baka. Í því liggur mikill mannauður sem jaðarbyggðir geta nýtt sér. /MÞÞ

**Líf og starf**



Hress gönguhópur lífeindafræðinga og fleiri í Ólafsdal.

# Ólafsdalur, perla sem allir þurfa að heimsækja

**Ólafsdalur er merkur sögu- og minjastaður við sunnanverðan Gilsfjörð, um 6 km frá veginum yfir Gilsfjarðarbrúna. Þar var fyrsti búnaðarskóli Íslands stofnaður af frumkvöðlinum Torfa Bjarnasyni árið 1880, fyrir 135 árum. Auk þess er nú 100. ártíð Torfa (d. 1915).**

Samkvæmt upplýsingum frá Rögnvaldi Guðmundssyni, formanni Ólafsdalsfélagsins, verður opið í Ólafsdal alla daga í sumar kl. 12.00-17.00 fram til 16. ágúst. Umsjónarmenn verða hjónin Elfa Stefánsdóttir tómstundafræðingur og Haraldur Baldursson tæknifræðingur.

Sýningar eru þar um sögu Ólafsdalsskólans, konurnar í Ólafsdal o.fl., en auk þess er skólahúsið sjálft frá 1896 fallegt og skoðunarvert. Í sumar verður þar boðið upp á kaffi, rjómavöfflur og ís frá rjómabúinu á Erpsstöðum. Einnig geta gestir fræðst um lífræna ræktun grænmetis í Ólafsdal og keypt það á staðnum.

Fræðslustígur er í Ólafsdal og góðar gönguleiðir í fallegu umhverfi. Staðurinn er því ein af þessum perlum á Íslandi sem allir þurfa að heimsækja.



Séð yfir Ólafsdal.

### *Hátíð 8. ágúst*

Ólafsdalshátíð verður að þessu sinni haldin laugardaginn 8. ágúst. Verður dagskráin fjölbreytt og fjölskylduvæn að vanda; tónlistaratriði, skemmtun fyrir börnin, áhugavert erindi, vandaður handverksmarkaður og veitingar. Þá verður lífrænt vottað Ólafsdalsgrænmeti til sölu og glæsilegt Ólafsdalshappdrætti.

Nánari upplýsingar um Ólafsdal má finna á www.olafsdalur.is og www.facebook.com/Olafsdalur.



Sett niður í garðinn 23. maí 2015. Birgir Ómarsson mundar skófluna.



Torfi Sverrisson Markússonar Torfasonar tekur á því.



Mæðgurnar Margét Lára Rögnvaldsdóttir og Helga Björg Stefánsdóttir.



Hálfsystkinin Markús Karl Torfason Markússonar Torfasonar og Þórey Sigríður Torfadóttir (Þóra Sigga).

---

**133**

## MÆLT AF MUNNI FRAM

Þessi vísnaþáttur verður, líkt og sá síðasti, helgaður framlagi **Hjálmars Freysteinssonar** læknis sem flutt var á margumræddu hagyrðingakvöldi Karlakórs Eyjafjarðar. En áður en lengra er haldið birtist ein af nýrri vísum Hjálmars, ort í kjölfar lagasetningar á verkfall hjúkrunarfræðinga og félaga í BSRB. Gerðardómi verður svo falið að ákvarða þessum stéttum réttláta þóknun fyrir sín störf:

*Svona á að sætta menn,*
*setja á rétta skipan.*
*Koma að góðu gagni enn*
*gulrótin og svipan.*

**Birgir Sveinbjörnsson** vitnar til ummæla **Jóns Aðalsteins Hermannssonar** sem telur ráðherra Framsóknar helst til holduga. Hvað finnst Hjálmari um það?:

*Þetta nokkuð augljóst er,*
*allir vita rétta svarið.*
*Við ráðherrana margt finnst mér*
*miklu verra en holdafarið.*

Um stjórnanda karlakórsins, **Petru Björk**, átti að yrkja sérstaklega. Ekki tókst **Hjálmari** þó fullkomlega að láta hennar nánustu fjölskyldu í friði:

*Petra hlýlegt hugarþel*
*hefur til að bera.*
*Ort 'ún hefur um mig vel*
*sem aðrir sjaldan gera.*

*Um það bera vil ég vott,*
*veit af dæmum sönnum,*
*hún kemur auga á eitthvað gott*
*í ólíklegustu mönnum.*

**Birgir** innir **Hjálmar** eftir viðhorfi hans til múslima:

*Eins og hér í Eyjafirði*
*ætla má þar sé,*
*misjafn sauður í mörgu fé.*

Upplýst var um yfir 100 milljarða gróða íslenskra banka. **Birgir** spyr því hvort **Hjálmar** kysi frekar að eiga banka eða stjórna:

*Að stýra banka er streð og kvöl,*
*stoðar lítt að minni hyggju*
*að eiga von um orlofsdvöl*
*í einbýli á Kvíabryggju.*

Nú, líkt og hinum hagyrðingunum, þá var **Hjálmari** fyrirskipað að hafa viku vistaskipti við einhvern hinna hagyrðinganna. Í hlut **Hjálmars** kom að gegna húsbóndaskyldum hjá **Margréti**, konu **Péturs Péturssonar**:

*Orðbragð mitt ég vanda vil,*
*vel mun úr þessu greiðast.*
*Heimilisfólkið má hlakka til*
*en hrossunum kynni að leiðast.*

Í framhaldi biður **Birgir** um hestavísu frá **Hjálmari**:

*Hrossin eru fjörug, fögur,*
*með fulla knapa rata heim.*
*Aldrei neinar sannar sögur*
*sagðar heyri ég af þeim.*

Þar sem konur verma nú alla helstu yfirlögreglustóla landsins, þá spyr **Birgir** hvað **Hjálmari** þyki um það. Hér kaus **Hjálmar** „limruhátt“ til að lýsa viðhorfi sínu.

*Löggunni stýra stelpur nú*
*stuðlar að jafnrétti tíska sú.*
*Hitt er líka til bóta,*
*að lög megi brjóta*
*geri menn það í góðri trú.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

Fréttir



Brynjar og Skuggi með fullt af bakkaplöntum sem voru gróðursettar uppi í fjalli við Hólsgerði.

Skógrækt í Eyjafirði:

# Þarfasti þjónninn notaður til plöntuflutninga

**Brynjar Skúlason, skógfræðingur notar athyglisverða aðferð til að flytja plöntur upp í fjall í Eyjafirði. Þar beitir hann gamalreyndu „flutningatæki" sem nýtir einungis gras og vatn sem orkugjafa.**

„Hesturinn heitir Skuggi og við eigum heima á bænum Hólsgerði í Eyjafirði og ræktum þar skóg á um 190 ha svæði sem er allt frekar bratt og skorið með mörgum lækjargiljum. Þarfasti þjónninn kemur því vel að notum hér í sveitinni og er algjörlega nauðsynlegur til að flytja plöntur upp í fjall þar sem erfitt er að koma við öðrum flutningstækjum," segir Brynjar Skúlason skógfræðingur.

Brynjar tekur þó skýrt fram að þetta sé ekki neitt frumkvöðlastarf hjá sér því þessari aðferð hafi verið beitt á einhverjum bæjum á Fljótsdalshéraði. „Tækin eru fengin að láni hjá Héraðsskógum, tekur alls tuttugu og fjóra 67 gata bakka, en ég lét 14 duga í hverri ferð upp í fjall sem er sama og kemst á pallinn á 6-hjólinu. Engar bilanir, bensín og vesen, bara þramma af stað og plönturnar settar nákvæmlega þar sem á að gróðursetja þær," segir Brynjar.

Hann segir að Haraldur Bjarnason á Eyvindará hafi átt hugmyndina að verkfærinu og rætt hana við starfsmenn Héraðsskóga fyrir mörgum árum. Jóhann Þórhallsson og Sigrún Ólafsdóttir (söðlasmiður) í Brekkugerði útbjuggu klakkinn og Sveinn Óðinn Ingimarsson sauð grindurnar sem festar eru á klakkinn og eru með festingum fyrir plöntubakkana. */MHH*

Endurheimt Brimnesskóga í Skagafirði:

# Sumarvinnuhópur Landsvirkjunar og sjálfboðaliðar gróðursetja

**Nýlega gróðursetti sumarvinnuhópur Landsvirkjunar Blöndustöð 2.000 kynbættar birkiplöntur í gróðurreit til endurheimtunar Brimnesskóga í grennd við ána Kolku í Skagafirði.**

Landsvirkjun hefur um árabil lagt verkefninu lið undir heitinu „Margar hendur vinna létt verk". Alls unnu fimmtán manns að gróðursetningu og áburðargjöf í þessum áfanga. Birkiplönturnar eru ættaðar úr Geirmundarhólaskógi í Skagafirði. Þær hafa verið kynbættar í Gróðrarstöðinni Mörk í Reykjavík en eru ræktaðar hjá Barra ehf. Sveitarfélagið Skagafjörður á landið sem er um 23 ha en áhugahópur um endurheimt Brimnesskóga annast framkvæmdir. */MÞÞ*




# Norskir svínabændur berjast við MRSA-bakteríuna

**Í síðasta Bændablaði var umfjöllun um bakteríuna MRSA CC398 sem er ónæm fyrir sýklalyfjum og finnst í svínakjöti í verslunum í Bretlandi. Bakterían hefur borist í menn og valdið alvarlegum sýkingum og er þekkt á svínabúum víða um Evrópu ásamt því að vera alvarlegt vandamál á dönskum svínabúum. Sami vandi er nú að koma upp í Noregi.**



Sýklalyfjaónæmi vekur ugg meðal lækna.

Að sögn norska bændablaðsins berjast bændur þar í landi einnig við bakteríuna og að sami skapi við tryggingafélög sem hafa hætt að selja bændum tryggingar vegna of mikillar áhættu á að sýkingin komi upp aftur og valdi miklum fjárhagslegum skaða. Nú bíða norskir svínabændur eftir nýrri reglugerð stjórnvalda sem snýr að bótum ef þeir fá MRSA-bakteríuna í dýrin sín.

### *Steypir norskum svínabændum í gjaldþrot*

Umhverfið fyrir norska svínabændur í dag er þannig að ef MRSA-bakterían kemur upp á svínabúi þeirra þá geta þeir endað snögglega í gjaldþroti ef þeir hafa ekki sérstaka tryggingu við sjúkdómnum. Samkvæmt nýrri MRSA-reglugerð ríkisstjórnarinnar þar í landi er það bóndinn sjálfur sem fær reikninginn fyrir framleiðslutapinu fyrsta árið og eru norskir bændur ósáttir við þessa nálgun, það er, að bera einir tapið fyrsta árið upp á jafnvel tugi milljóna króna. Ef MRSA-bakterían nær fótfestu í Noregi getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir lýðheilsu fólks í landinu og eru menn óttaslegnir ef bakterían kemur upp til dæmis á sjúkrahúsum. Þess vegna er grísum slátrað um leið og tilfelli kemur upp og svínabúin sótthreinsuð en stóra spurningarmerkið er nú hver eigi að borga fyrir baráttuna við MRSA-bakteríuna þar í landi.

### *Tryggingafélag hætt að tryggja*

Tryggingafélagið Gjensidige tryggir á bilinu 70–80 prósent af svínabúum í Noregi en frá og með 26. febrúar á þessu ári hætti tryggingafélagið að selja tryggingar sem ná yfir MRSA-sýkingar. Þetta gerði Gjensidige eftir að útbreiðsla bakteríunnar átti sér stað á nokkrum svínabúum í Þrændarlögum og bera fyrir sig að um stórar fjárhæðir sé að ræða og að mikil áhætta sé á að ný tilfelli komi upp. */ehg*

# Sýklalyfjaónæmi ógnar nútíma læknisfræði

## – segir Kristján Orri Helgason, sérfræðingur í nýjasta hefti Læknablaðsins

**„Sýklalyfjaónæmi er gríðarlegt vandamál sem ógnar nútíma læknisfræði," segir Kristján Orri Helgason læknir í nýjasta hefti Læknablaðsins. Hann er sérfræðingur í sýklafræði og smitsjúkdómum á Landspítala Íslands.**

Sýklalyfjaónæmi skapast m.a. af ofnotkun á sýklalyfjum í matvælaframleiðslu en einnig af ofnotkun sýklalyfja hjá mannfólkinu, m.a. á sjúkrahúsum. Saman er þetta að valda stórkostlegum vanda sem mikið hefur verið fjallað um hér í Bændablaðinu á undanförnum misserum og árum.

### *Grín gert að málinu í pólitískum tilgangi*

Viðbrögðin við þessum fregnum hafa verið æði misjöfn. Jafnvel leyfa menn sér að gera grín að stöðunni í einhverju undarlegu pólitísku keiluspili og hagsmunapoti. Á það sérstaklega við hvað varðar kjötinnflutning, þar sem Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítalans, hefur varað við innflutningi á hráu kjöti.

Vanþekking og skilningsleysi á málinu kom m.a. greinilega fram í ræðu við hátíðlega athöfn er haldin var til heiðurs Vigdísi Finnbogadóttur, fyrsta kvenforseta heimsbyggðarinnar, á Arnarhóli sunnudaginn 12. júní. Þar uppskar „brandari" eins ræðumanns um hræðslu við útlenskt kjöt mikinn hlátur og lófatak.

### *Hröð útbreiðsla er sérstaklega ógnvekjandi*

Kristján Orri Helgason er ekki að skafa utan af hlutunum í vandaðri grein sinni í Læknablaðinu, en þar segir hann:

„Sérstaklega ógnvekjandi er hversu hröð útbreiðsla hefur orðið um allan heim á þeim bakteríum sem eru ónæmastar, það er karbapenemasa-myndandi þarmabakteríum (Carbapenemase-producing Enterobacteriaceae), aðallega E. coli og Klebsiella pneumoniae. Þessar Gram-neikvæðu bakteríur eru meðal algengustu og alvarlegustu orsaka blóðsýkinga og spítalasýkinga um allan heim.

Vaxandi ónæmi, meðal annars vegna breiðvirkra beta-laktamasa (BBL, ESBL), takmarkar meðferðarmöguleika og nú er svo komið að síðasta vígi sýklalyfjanna, karbapenem-lyfin, er að falla."

### *Oft virka engin sýklalyf*

Kristján kom einnig inn á lyfjaþróunina í sinni grein og þar er staðan dapurleg.

„Sumar þessara fjölónæmu baktería eru orðnar alónæmar og í þeim tilvikum eru engin sýklalyf sem virka. Bráð vöntun er á nýjum sýklalyfjaflokkum með virkni gegn Gram-neikvæðum bakteríum, en í áratugi hafa lyfjafyrirtæki ekki séð fjárhagslegan ávinning af þróun sýklalyfja. Það eru því nær 30 ár síðan nýr flokkur sýklalyfja kom fram.

Okkur finnst orðið sjálfsagt að það séu alltaf til sýklalyf sem virka á sýkingar, en nú horfum við til framtíðar sem snýr aftur til fortíðarinnar, þegar sjúklingar dóu úr einföldum sýkingum.

Sú framþróun sem hefur orðið í mörgum greinum læknisfræðinnar byggist að miklu leyti á því að hægt sé að meðhöndla bakteríusýkingar sem koma í kjölfar sérhæfðra meðferða (til dæmis skurðaðgerða, krabbameinslyfjameðferða, líffæraflutninga). Í sumum löndum eru slíkar lífsgefandi meðferðir að verða lífshættulegar vegna sýklalyfjaónæmis, en dánartíðni vegna sýkinga af völdum karbapenemasa-myndandi þarmabaktería er yfirleitt á bilinu 30–60%.

Nýlega greindist sjúklingur í fyrsta sinn á Íslandi með karbapenemasa-myndandi bakteríu. Sjúklingurinn veiktist í útlöndum og dvaldi á sjúkrahúsi þar. Ónæmar bakteríur flytjast með sjúklingum milli landa og ef ekkert er að gert dreifast þær innan og á milli spítala. Þetta er sérstaklega líklegt að gerist í löndum þar sem sýkingavarnir eru fjársveltar og þar sem sýklalyfjanotkun er stjórnlaus, en slíkt ástand gerir jarðveginn frjóan fyrir útbreiðslu fjölónæmra baktería."

### *Óhófleg sýklalyfjanotkun er meginorsök*

Kristján Orri kemur víða við í grein sinni í Læknablaðinu og lýsir hann m.a. stöðunni í útlöndum. Síðan segir hann:

„Óhófleg sýklalyfjanotkun er meginorsök sýklalyfjaónæmis og við þurfum því að gæta að sýklalyfjunum okkar, annars missum við þau. Víðast hvar erlendis í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við er skipulögð „sýklalyfjagæsla" (antibiotic stewardship) orðin sjálfsögð og sumstaðar lögbundinn þáttur í starfi spítala. Þessi starfsemi virðist hins vegar hafa átt erfitt uppdráttar hér á landi, stundum verið kölluð „sýklalyfjalöggan" og þannig fengið á sig neikvæðan stimpil.

Til að sýklalyfjagæsla verði skilvirk þarf skýrt umboð frá stjórn spítalans til að setja saman þverfaglegt teymi sem samanstendur meðal annars af læknum og lyfjafræðingum og það þarf að helga fjármagn og mannauð í þessa vinnu. Ítarlegar leiðbeiningar eru til um þetta. Nú eru síðustu forvöð að koma þessu í lag, því annars verður það of seint," segir Kristján Orri Helgason í grein sinni. */HKr.*













* Skinnsemi – fullorðinssirkus (18+) *
föstudags- og laugardagskvöld

* Heima er best – fjölskyldusýning *
fimmtudaga–sunnudaga

* S.I.R.K.U.S. – krakkasýning *
Sunnudaga

* VESTMANNAEYJAR * REYKJAVÍK * BLÖNDUÓS *
* FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR * SIGLUFJÖRÐUR *

TVG-ZIMSEN

Coca-Cola

* Miðasala á www.midi.is *
* Miðasölusími: 6593388 *
* www.sirkusislands.is *

Fréttir



# Selasetrið fær viðurkenningu TripAdvisor

**Selasetrið á Hvammstanga hlaut nýverið sína aðra viðurkenningu á stuttum tíma frá ferðavefnum TripAdvisor.**

Viðurkenningin, sem nefnist Certificate of Excellence fyrir árið 2015, er veitt vegna fjölda góðra umsagna gesta á TripAdvisor. Á vef Selasetursins segir að viðurkenningin sé setrinu afar mikilvæg en TripAdvisor sé vefur sem ferðamenn nota mikið til að afla sér upplýsinga um áhugaverða staði og því áríðandi að umsagnir séu góðar.

Undanfarin misseri hefur mikið verið lagt upp úr góðri upplýsingagjöf hjá Selasetrinu og einnig er markvisst verið að biðja gesti um umsagnir á TripAdvisor. Þetta tvennt hefur leitt til stóraukins fjölda jákvæðra umsagna. */MÞÞ*

# Vakta bjargfuglinn

**Náttúrustofa Vesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi standa í sameiningu fyrir vöktum á bjargfuglum á Snæfellsnesi og í þremur eyjum á Breiðafirði. Ákveðnir staðir eru heimsóttir tvisvar á hverju sumri, fyrst síðla í júní til að slá tölu á fjölda varpfugla (hreiðra) og svo aftur í lok júlí til að meta varpárangur.**



Hér eru myndir úr ferð um Snæfellsnes í blíðviðri í síðustu viku en þær má finna á Facebook-síðu Náttúrufræðistofnunar Vesturlands. Myndirnar eru teknar á Þúfubjargi og Lónadrangar sjást í baksýn. */MÞÞ*



Miðlægur flokkunarstaður er á Vopnafirði hvar íbúar koma sjálfir með sitt flokkaða sorp og setja inn um lúgur sem merktar eru hverri tegund flokkaðs heimilisúrgangs. /mynd á vef Langanesbyggðar

Sveitarstjórn Langanesbyggðar:

# Kynnti sér úrgangsmál í Vopnafirði

**Sveitarstjórn Langanesbyggðar fór á dögunum í heimsókn til nágranna sinna á Vopnafirði en megintilgangur ferðarinnar var að skoða fyrirkomulag á úrgangsmálum.**

Vopnfirðingar hafa þann hátt á úrgangsmálum að ein tunna er við hvert hús en miðlægur flokkunarstaður er í sveitarfélaginu hvar íbúar koma sjálfir með sitt flokkaða sorp og setja inn um lúgur sem merktar eru hverri tegund flokkaðs heimilisúrgangs. Innan við lúgurnar er sorp eftir atvikum baggað og eða sent burt í til þess gerðum pokum.

Sveitarstjórnarmenn skoðuðu bæði flokkun og urðun sorps ásamt því að ræða málin við fólk í héraði. Einnig skoðaði sveitarstjórnarfólkið leikskóla og skóla þeirra Vopnfirðinga. Frá ferðinni er greint á vefsíðu Langanesbyggðar. */MÞÞ*

Bændablaðið
Kemur næst út
23. júlí



Viðar Garðarsson bindur og pakkar sílgrænni töðu á Ytri-Tjörnum. Barnabarn Ytri-Tjarnarhjónanna, Teitur Nolsöe Baldursson, vill gjarnan hjálpa til. Lokið við að setja í stæðu af 14 hekturum við Ytri-Tjarnir í Eyjafjarðarsveit. Sláttur er víða vel á veg kominn í Eyjafirði og dæmi þess að einhverjir bændur hafi lokið slætti. Það á þó helst við um þá sem búa á svæðinu inn af Akureyri. Út með firði er heyskapur skemmra á veg kominn en þó hafa menn víðast hvar byrjað. Einhverjir eru byrjaðir að slá í Grýtubakkahreppi, en t.d. í Ólafsfirði er sláttur ekki hafinn.
Mynd / Benjamín Baldursson.

# Bændur mislangt komnir með sláttinn

**Bændur á Suðurlandi hafa almennt farið hægt af stað í heyskap á þessu sumri, „þeir eru að bíða eftir meiri sprettu," segir Jóna Þórunn Ragnarsdóttir, fóðurráðgjafi hjá RML á Selfossi.**

Hún segir allan gang á því hvar sunnlenskir bændur eru á vegi staddir þegar að slætti kemur, sumir búnir með fyrri slátt, aðrir ekki byrjaðir og þá eru sumir um það bil að byrja. Fé var víða á túnum fram á sumar og tefur það að hægt sé að hefja slátt. Víða var búið að slá í Flóanum þegar Jóna Þórunn var þar á ferð um liðna helgi, eins er þó nokkuð búið að slá í Landeyjum og uppsveitum Árnessýslu.

„Það er allur gangur á þessu, menn eru mislangt komnir eins og gengur," segir hún. Hún segir nokkra óvissu um hversu mikið magnið verði, en allt bendi til að gæðin verði í fínu lagi.



Sigvaldi Ragnarsson, bóndi á Hákonarstöðum á Efri-Jökuldal. Mynd / MÞÞ

### *Ekkert byrjað að slá á Efri-Jökuldal*

Sigvaldi Ragnarsson, bóndi á Hákonarstaði á Efri-Jökuldal, segir að ekkert sé farið að slá þar um slóðir og gerir ekki ráð fyrir að bændur í Jökuldal hefji almennt slátt fyrr en eftir 20. júlí og jafnvel ekki fyrr en undir mánaðamót júlí ágúst. Það sé um hálfum mánuði og allt að þremur vikum seinna en í meðalári.

Fremur kalt hefur verið fyrir austan, lítill lofthiti, en eftir að svolítil væta kom á dögunum tóku tún vel við sér. Gæsir eru í stórum flokkum á túnum í Jökuldal og bætir það ekki úr skák, en áður gekk fé út á túni og veldur hvoru tveggja töfum. „Það er víða hér um slóðir gæsamergð á öllum túnum, þær eru seinar að hafa sig til fjalla, en mér sýnist vera fararsnið á geldfugli," segir Sigvaldi.

Engin sauðfjárbeit er á túnum við Hákonarstaði, „en fuglinn heldur okkar túnum alveg niðri, hámar í sig grasið. En það er ekki öll nótt úti, við trúum því að ágúst verði góður og tíð ágæt eitthvað fram í september, þannig að við örvæntum ekki ennþá," segir Sigvaldi.

### *Gæðin í góðu lagi*

Guðmundur Sigurðsson, ráðunautur á Hvanneyri í Borgarfirði, segir misjafnt hvar á vegi bændur séu staddir þegar kemur að heyskap á þessu sumri. Töluvert hafi verið heyjað í Borgarfirði.

Víða séu menn langt komnir, einkum kúabændur, en á sauðfjárbúum hafi fé lengi verið á túnum og sé jafnvel enn svo á þeim bæjum eru menn rétt farnir að huga að slætti. Gæðin eru að sögn Guðmundar í góðu lagi.

Hann væntir þess að það sem af er sumri verði gott, það munaði t.d. öllu ef háarspretta yrði góð. „Við treystum því að veðrið verði gott seinni hluta sumars," segir Guðmundur.

*/MÞÞ*

# Aka hringveginn á 60 ára gömlum Farmall Cub á 10 kílómetra hraða

**„Við gefum okkur þrjár vikur til einn mánuð að fara hringinn í kringum landið, við förum reyndar ekki hratt yfir því dráttarvélin getur ekki farið hraðar en 10 kílómetra á klukkustund," segir Helgi Guðmundsson úr Sveitarfélaginu Vogum.**



Hjónin keyra sex klukkutíma á dag og þurfa sífellt að vera að bæta eldsneyti á vélina því tankurinn tekur ekki nema tólf lítra.

Hann og eiginkona hans, Júlía Halldóra Gunnarsdóttir, lögðu af stað nýlega í hringferð um landið á fimmtíu ára gamalli dráttarvél, Farmall Cub, sem Helgi gerði upp. Þau eru með kúrekakerru aftan í Farmalnum, sem þau gista í. „Auðvitað erum við snarklikkuð að gera þetta en það er allt í lagi, okkur hefur dreymt um að fara hringinn á þennan hátt og látum þann draum verða að veruleika. Við stefnum á að keyra sex klukkutíma á dag og skiptumst á að vera við stýrið," bætir Helgi við. Þau fá mikil viðbrögð á vegunum, fólk vinkar þeim og hvetur þau áfram um leið og það dáist að frumkvæði þeirra og að nenna að standa í þessu. „Já, já, fólk stoppar mikið og spjallar við okkur. Margir taka ljósmyndir og aðrir vilja forvitnast um dráttarvélina og enn aðrir vilja fá að kíkja inn í kúrekakerruna," segir Júlía. */MHH*

# VÖÐLUR OG VAÐSTÍGVÉL

Eigum til bæði Neoprane- og PVC vöðlur á góðu verði einnig góð klofstígvél



PVC klofstígvél Kr. 7.900

Léttar og liprar PVC vöðlur Grófur sóli Kr. 9.800

Airflo Hardwear Neoprene vöðlur Kr. 16.900

**Vesturröst**

Sérverslun veiðimanna - Laugavegi 178 - sími 551 6770 - www.vesturrost.is



# Til Sölu

**Volvo FH16 árg 2004**



Með 8.20m kassa einangruðum. Trefjagólf með dreni og styrktum topp. Öll dekk ný, frábær viðhaldssaga, allur á lofti, 610hp, 6 gíra.

**verð 5.800.000 + vsk**

**Uppl. í síma 892 1116**





TIL SÖLU

# HEILSÁRSHÚS VIÐ MEÐALFELLSVATN

Um er að ræða 150 fm, sex herbergja einbýlishús með tveimur baðherbergum og eldhúsi sem tekið var í gegn og gert upp árið 2014.

Húsið stendur á fallegu og vel grónu 5000 fm eignarlandi þar sem lækur rennur í gegn.

Tilvalið fyrir þá sem vilja njóta sveitakyrrðarinnar en aðeins í 40 mínútna fjarlægð frá Reykjavík.

Pantið skoðun í síma 699 7372.


*Bændablaðið* Smáauglýsingar 56-30-300

**Næsta blað kemur út 23. júlí**


# Vetrarafbrigði í úrvali

Hjá Líflandi færðu vetrarafbrigðin af hveiti, rúgi, olíurepju og nepju.









**Kynntu þér breitt sáðvöruúrval Líflands. Skoðaðu sáðvörulistann á www.lifland.is**

**Söluráðgjafar Líflands eru við símann og ráða þér heilt um val á sáðvörunni**

Áratuga reynsla, skilvirk dreifing og örugg afhending

Pantanir hjá sölumönnum Líflands í síma 540-1138 eða á sadvara@lifland.is

Sala og ráðgjöf S. 540 1100 | Lynghálsi, Reykjavík Óseyri, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi Borgarbraut, Borgarnesi | www.lifland.is lifland@lifland.is

LÍFLAND





KÄRCHER®

# Háþrýstidælur

Ætlaðir til daglegrar notkunar



HD 6/16-4 M











**HD 6/16-4 MX**

- Vinnuþrýstingur 30-160 bör
- 230-600 ltr/klst
- 15 m slönguhjól
- Stillanlegur úði
- Sápuskammtari
- Túrbóstútur + 50%

**HD 10/25-4 S**

- Vinnuþrýstingur 30-250 bör
- 500-1000 ltr/klst
- Stillanlegur úði
- Sápuskammtari
- Túrbóstútur + 50%

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ

Fréttir




Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra:

# Af höfðingjum og fundarstjórn forseta

**„Það eru mennirnir sem eru gull þjóðanna og dýrmætustu afurðirnar í hverju landi," sagði vitur kona forðum. Þessi orð koma mér í hug þegar einn öflugasti bóndi í mínu héraði fagnar áttræðisafmæli sínu og hélt vinum sínum margra daga hátíð að fornum sið.**

Björn Sigurðsson í Úthlíð í Biskupstungum er þjóðkunnur maður og af honum eru til margar þjóðsögur. Björn er gildur bóndi og í dag einn öflugasti ferðaþjónustubóndi landsins.

Úthlíð er landnámsjörð og þar bjó Þorgerður dóttir Ketilbjarnar hins gamla á Mosfelli. En hin merka ætt Árnesinga, Haukdælaætt, var frá honum komin og voru margir þeirra manna bestu og farsælustu menn landsins svo sem feðgarnir Ísleifur og Gissur, biskupar í Skálholti. Sagt var að úr Gissuri hefði mátt gera víkingahöfðingja og væri hann vel til þess fallinn eða konung og væri hann vel til þess fallinn eða biskup sem og varð og var hann einn sá farsælasti af öllum biskupum landsins.

*Lífsglaður víkingahöfðingi*

Björn í Úthlíð er svipmikill bóndi og víkingahöfðingi, hann er lífsglaður og hefur allt sitt líf horft fram á veginn hiklaus og djarfur, með Birni er gaman að vera í leik og starfi. Björn er foringi okkar Haukdælanna og við nefnum hann oft Jarlinn í Úthlíð en þá nafnbót bar Gissur frændi okkar Þorvaldsson.

Ágústa Ólafsdóttir, eiginkona Björns, var frá Hjálmholti í Flóa og voru samfarir þeirra góðar eins og sagt var hér áður fyrr, allt fór saman, barnalán og búskapur góður.

Ágústa er látin og reisti Björn eina fallegustu kirkju landsins, Úthlíðarkirkju, til minningar um konu sína og Gísli Sigurðsson, bróðir hans, teiknaði kirkjuna. Björn er því kirkjubóndi en þeir eru nú ekki margir eftir í landinu. Í Úthlíðarkirkju fara fram margar athafnir fjölskyldunnar og vina og einnig þeirra skógarmanna í Úthlíðarskógi, en þar eiga margir helgireit eða lítið himnaríki og njóta þess að safna kröftum og búa við brjóst náttúrunnar.

*Byggir brú milli þéttbýlisins og sveitamenningarinnar*

Það eru menn með kjark og stórhug Björns í Úthlíð sem vísa veginn, horfa til nýrra búskaparhátta og taka utan um „manninn, manneskjuna, sem þráir að eignast fjölbreyttara líf en að lifa eingöngu í bæ eða borg. Björn á sinn þátt í því að kalla menn á ný til búsetu í sveitinni og þannig byggir hann brú á milli þéttbýlisins og sveitamenningarinnar. Til hamingju, Björn í Úthlíð, með lífsstarf þitt og vináttuna sem einkennir þig og þann drengskaparmann sem þú hefur að geyma. „Fögur sál er ávallt ung undir silfurhærum." Íslandi allt.

*Fundarstjórn forseta, hvað er það?*

Sagt er að í vetur hafi hið nýja þing mátt þola 2.500 ræður um fundarstjórn forseta. Og öllum ber eigi að síður saman um að ekkert sé að fundarstjórn forsetans, Einars K Guðfinnssonar, sem er velviljaður og vænn drengur og verðugur þess bæði vegna reynslu og starfsaldurs að bera það tignarorð að vera forseti Alþingis.

Þegar Alþingi var endurreist 1845 roðaði af nýjum degi og skáldin sungu lofsöngva lýðræðinu og frelsisþrá kúgaðrar þjóðar. Ekki þótti Jónasi Hallgrímssyni gott þegar hún Snorrabúð var orðin stekkur. Hann vildi sjá „snarorða snillinga að stefnu sitja, þjóðkjörin prúðmenni þingsteinum á. Og að: „Traustir skulu hornsteinar hárra sala."

Virðing Alþingis vex ekki við þetta nýja „ræðunið", það fer æðstu stofnun landsins illa. Ég væri að skrökva ef ég segði að þetta væri síst verra fyrri siðum í málþófi. Ég viðurkenni að ég roðnaði fyrir hönd þings og þjóðar að horfa upp á þennan nýja sið og fannst að Alþingi væri orðið „hrafnaþing," þar sem hver krunkaði upp í annan.

*Ber skylda til að bæta umræðuhefð*

Nú er það skylda hinna vænstu manna í hverjum þingflokki að ná saman um betri umræðuhefð en þessa. Bæði stjórn og stjórnarandstaða skaðast af þessu rugli um fundarstjórn forseta sem málið snýst alls ekki um, og báðir aðilar bera ábyrgð á umræðunni, meiri- og minnihlutinn, stjórn og stjórnarandstaðan. Almenningur þolir ekki þessa vitleysu og mér er til efs, að svona nokkuð gerist í nokkru öðru landi sem við viljum jafna okkur við. Eitt er víst að þingmennirnir sjálfir eru ekkert verr gerðir af guði en við þessir gömlu, en sumarið ber að nýta til þess að haustþing beri svipmót af reisn og drengskap. Alþingi verði ekki Snorrabúð eða stekkur leiðindanna heldur „hornsteinar hárra sala".

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



Hjörtur Már ásamt dætrum sínum, þeim Helgu og Örnu, ásamt barnabarninu, Katrínu Lindu, sem standa vaktina með honum í Grænmetismarkaðnum þegar mikið er að gera. Þau eru í bolum, sem Félag gulrófnabænda lét framleiða fyrir félagsmenn sína í fyrra en á þeim stendur: „Ertu rófulaus? Við björgum því".

# Grænmetismarkaðurinn í Hveragerði opinn allar helgar í sumar

**Hjörtur Már Benediktsson, garðyrkjubóndi í Hveragerði, gerir það gott í garðyrkjunni.**

Hann hefur opnað grænmetismarkaðinn sinn sjötta árið í röð við hlið leikhússins. Markaðurinn verður opinn allar helgar í sumar.

„Ég rækta allt útigrænmetið sjálfur en kaupi gróðurhúsaafurðirnar. Á meðal tegunda er blátt blómkál, rauðrófur, hnúðkál, rauðkál ásamt öllu þessu gamla góða," sagði Hjörtur Már.

/MHH

Vigdís Finnbogadóttir, fyrsti kvenforseti heimsbyggðarinnar:

# Gróðursetti tré í Vigdísarlundi

**Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, mætti í Hveragerði nýlega og gróðursetti þar þrjú falleg birkitré með aðstoð þriggja ungmenna í Vigdísarlundi sem er við aðalgötuna í bæjarfélaginu.**

Þetta var gert í tilefni þess að nú eru liðin þrjátíu og fimm ár frá því að hún var kjörin forseti en því embætti gegndi hún í sextán ár. Á stærri myndinni er Vigdís með gróðursetningarfólkinu og Aldísi Hafsteinsdóttur bæjarstjóra. Þetta eru þau Sóldís Anna Guðjónsdóttir, sem náði framúrskarandi árangri við útskrift í 10. bekk í vor, en hún gróðursetti fyrir hönd stúlkna, Bjartur Geirsson, sem hlaut 1. verðlaun í smásagnakeppni Félags enskukennara á Íslandi og sendiráðs Bandaríkjanna, en hann gróðursetti fyrir hönd drengja og loks er það Sunna Siggeirsdóttir en hún gróðursetti fyrir hönd komandi kynslóða en hún er með barn í móðurkviði, sem er væntanlegt í heiminn 9. ágúst.

/MHH



Vigdís Finnbogadóttir með aðstoðarfólki að gróðursetja. /MHH

Fuglastígskort fyrir Norðurland vestra:

# Landsvæðið vel til fuglaskoðunar fallið

**Gefið hefur verið út fuglastígskort fyrir Norðurland vestra, en á því eru merktir alls 17 staðir sem þykja áhugaverðir fyrir fuglaskoðunaráhugamenn.**

Svæðið nær allt frá Borðeyri í vestri að Þórðarhöfða í austri. Verkefnið er unnið af Ferðamálasamtökum Norðurlands vestra í samvinnu við Selasetur Íslands, Ferðamálafélag V-Hún., Ferðamálafélag A-Hún., Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði og Ferðamáladeild Háskólans á Hólum. Verkefnið er styrkt af Vaxtarsamningi Norðurlands vestra og hefur verkefnastjórn verið á höndum Selaseturs Íslands.



*Einn af vaxtarbroddum ferðaþjónustunnar*

Á vef Selasetursins segir að vonir séu bundnar við að fuglastígurinn muni efla ferðamennsku á Norðurlandi vestra með því að víkka út þann hóp ferðamanna sem þangað kemur sem og lengja þann tíma sem ferðamenn sækja landsvæðið heim. Stígurinn geti verið einn af vaxtarbroddum ferðaþjónustunnar og lengt ferðamannatímabilið snemma á vorin þegar til dæmis tún á Norðurlandi vestra fyllast af helsingjum, álftum og gæsum og á haustin þegar fuglar koma saman í stórum hópum til að undirbúa sig undir flugið á vetrarstöðvarnar. Norðurland vestra sé mjög vel til fuglaskoðunar fallið og sé aðgengi að fuglategundum sem þykja eftirsóknarverðar til skoðunar gott.

Vinna við verkefnið hefur staðið í á þriðja ár. Sumarið 2014 var Ellen Magnúsdóttir fuglafræðingur ráðin til starfa og skoðaði hún vænlega staði og taldi tegundir sem þar sáust. Staðirnir voru valdir eftir athuganir hennar, en athygli vakin á því að ýmsir fleiri áhugaverðir staðir komi einnig til greina. Stefnt er að því að fjölga stöðum jafnt og þétt í síðari útgáfum á kortinu. Sótt hefur verið um styrki til áframhaldandi athugana á fuglum á svæðinu til að halda áfram að þróa stíginn.

Kortinu verður dreift til ferðaþjónustuaðila á svæðinu, en einnig á einni af stærstu fuglasýningum heims í Bretlandi næsta haust.

/MÞÞ

Stjórn Eyþings:

# Varlega verði farið í sameiningu framhaldsskóla

**Stjórn Eyþings hvetur menntamálaráðherra til að fara afar varlega í öll áform um sameiningu framhaldsskólanna og leggur áherslu á að haft verði náið samráð við heimamenn um málið. Nauðsynlegt er að gefinn sé tími til nauðsynlegrar umræðu um allar hugmyndir sem fram kunna að koma. Þetta kemur fram í bókun frá fundi stjórnar Eyþings.**

Stjórnin leggur áherslu á mikilvægi jafnréttis til náms, óháð búsetu og efnahag. Framhaldsskólarnir eru gríðarlega mikilvægur þáttur í að jafna búsetuskilyrði í landshlutanum og landinu öllu. Þá hafa þeir víða haft mjög jákvæð áhrif á byggðaþróun.

Framhaldsskólarnir hafa hver um sig þróast með ólíkum hætti og skapað sér sérstöðu. Þessar ólíku áherslur eru mjög mikilvægar í því að ná til ólíkra hópa ungmenna, hvetja þau til mennta og minnka brottfall. /MÞÞ







Bændablaðið
Næsta blað kemur út 23. júlí









Fréttir

# Ár, vötn og veiði

– Sölvi Björn Sigurðsson



Boltar úr Stóru-Laxá. Hér er fjórfættur veiðimaður á ferð. Mynd /GP

## Stóra-Laxá í Hreppum

Við Stóru-Laxá í Hreppum er sagt að Þorbjörn jarlakappi, afi Kára Sölmundarsonar, hafi orðið fyrstur manna til að veiða lax og reist þurrkhjall uppi á Hnúkunum ofan við ána. Hann notfærði sér uppstreymið til að þurrka fiskinn og fæla burt flugur, einhver hugkvæmasti matvælaframleiðandi fornaldar.

Stóra-Laxá á sér marga aðdáendur á meðal veiðimanna og dregur að sér sömu stangveiðimennina ár eftir ár. Náttúrufegurðin er mikil og fiskarnir stórir og margir. Árni Baldursson, leigutaki árinnar, þarf ekki að hugsa sig lengi um þegar hann er beðinn að nefna uppáhaldsána sína.

Náttúran og umhverfið við Stóru-Laxá er engu líkt og það skiptir æ meira máli eftir að kraftveiðimennskan hætti að vera í fyrsta sæti. Vegalengdirnar, víðáttan, hyljirnir og svo gljúfrin uppi á efsta svæði. Ég veit ekkert betra en að koma einn niður í Hólmahyl, eyða deginum í gljúfrunum, veiða í ósnertum hyljum og sjá ekki eitt fótspor í sandinum. Brölta svo um kvöldið upp úr Bláhyl og rölta algjörlega uppgefinn heim í hús. Það er stórkostlegt.“

Svona hugsaði Guðmundur frá Miðdal líka undir miðja síðustu öld þegar hann gekkst fyrir því í félagi við nokkra vini sína að stofna Veiðifélagið Flugu til að standa vörð um veiðimennsku á efri svæðum Stóru-Laxár. Veiðikofi Flugumanna reis í Hrunakróki þar sem fallegt er að koma að vorlagi litlu eftir að fer að hlýna. Þessar línur runnu einhvern veginn niður skorninginn þegar ég leit þarna við eitt vorið til að skoða kofa Flugumanna, hálfvegis að hugsa um laxinn sem gerði sig reiðubúinn að ganga uppeftir.

*vorveiði í hrunakrók*
*því þar sem sólin þrýstist niður gil*
*og þvert á landið byltist vatn á klöppum*
*og grámi fjallsins fær af vetrarbyl*
*sinn frið og verður undið, mógult gras –*
*ei hrím þar meir, af hylnum ljósi er kastað*
*og heimur bæði manns og fjalls af þunga*
*alls þess sem var er létt og lundin unga*
*til lífs rís enn, í vorsins kviku tröppum –*
*þar veltur það enn sinn veg, eitt mógult gras*

Nú er verið að gera upp og breyta gamla veiðihúsinu í Hrunakróki í safn um sögu stangveiða við Stóru-Laxá. Það er ágæt hugmynd enda eru Hrepparnir og ekki síst Stóra-Laxá eitt þeirra svæða á Íslandi sem tengjast sögu stangveiðanna hvað mest og lengst aftur.



Björn Magnússon, sem sótti um leyfi til hreindýraeldis á Vopnafirði ásamt Stefáni Magnússyni, hreindýrabónda á Grænlandi. Stefán er jafnframt búfræðingur og eini Íslendingurinn sem hefur menntað sig í hreindýrarækt. Þá hefur hann kennt hreindýrarækt í Alaska og kynnt greinina í Kanada, Noregi og í Skotlandi.

### Starfshópur umhverfisráðherra mælir ekki með hreindýraeldi:

# Niðurstaða starfshópsins er óskiljanleg

– segir Björn Magnússon, sem sótti um leyfi ásamt Stefáni Magnússyni

**Starfshópur um hreindýraeldi afhenti umhverfis- og auðlindaráðherra skýrslu og niðurstöður sínar um hugmyndir um hreindýraeldi og hreindýraræktun sem nýja búgrein á Íslandi fyrir skömmu.**

Ekki er mælt með að tekið verði upp hreindýraeldi eða stórfelldur hreindýrabúskapur hér á landi.

*Ósáttir við niðurstöðu nefndarinnar*

Fyrir rúmum tveimur árum sóttu Björn Magnússon og Stefán Hrafn Magnússon, hreindýrabóndi á Grænlandi, um leyfi til að hefja hreindýraeldi á Austurlandi.

Björn segir þá ekki hafa fengið synjun ráðherra og segist hann vera búinn að biðja um fund með umhverfisráðherra.

„Satt best að segja erum við verulega óhressir með niðurstöðu nefndarinnar og alla aðferðafræðina sem hún notaði til að komast að niðurstöðunni. Í fyrsta lagi var okkur meinað að kynna áformin fyrir nefndinni þrátt fyrir að ég hafi farið fram á það munnlega við formann hennar. Ég óskaði einnig eftir því að annaðhvort ég eða Stefán fengjum sæti í nefndinni en því var hafnað. Satt best að segja var aldrei talað við okkur vegna skýrslugerðarinnar.“

Þess má geta að Stefán er búfræðingur og eini Íslendingurinn sem hefur menntað sig í hreindýrarækt. Hann rekur hreindýrabú á Grænlandi, hefur starfað sem hreindýrahirðir í Svíþjóð og kennt hreindýrarækt í tvö ár í Alaska og kynnt sér hreindýrarækt í Kanada, Noregi og Skotlandi.

*Hugmyndin að nota eyðijarðir*

„Hugmyndin að eldinu gekk út frá því að við fengjum að kaupa um 200 hreindýr sem er um 3% af heildarstofninum hér á landi. Okkar hugmyndir voru að leigja tvær jarðir sem enginn búskapur er á og dygði það í nokkur ár. Hugmyndir voru um að semja við landeigendur sem eiga Digranes og bjóða þeim að vera með í hreindýraræktinni og girða Digranes af.

Fyrirmyndin að búinu er sótt til Skotlands og ætlunin að nota það til ferðaþjónustu samhliða eldinu. Á búinu eru Skotarnir með 150 til 200 dýr sem tengjast ferðaþjónustu þannig að þau eru fulltamin og fólk getur kallað á þau, gefið þeim að borða og sett á þau múl og teymt. Tömdu dýrin í Skotlandi eru í þjóðgarði á sumrin um 50 kílómetra frá búinu og þar geta ferðamenn skoðað þau gegn gjaldi, teymt með sér í gönguferðir og sett á þau klyfjar.

Auk þess var hugmyndin að auka fjölda dýra á búinu upp í eitt þúsund með tímanum og fyrir vikið tæki tíu til fimmtán ár að byggja upp stofninn.

Um er að ræða 5 til 10 heilsársstörf og einhver sumarstörf. Væri þetta mikill fengur fyrir sveitarfélögin þar sem þetta yrði og gæti komið á móti mikilli fækkun í sauðfjárrækt og fækkun starfa í þessum sveitum,“ segir Björn.

*Aukin sjúkdómahætta*

Á heimasíðu umhverfisráðuneytisins segir að starfshópurinn mæli ekki með því að tekið verði upp hreindýraeldi eða stórfelldur hreindýrabúskapur hér á landi ef á sama tíma eigi að standa vörð um villtan stofn hreindýra í landinu.

Í skýrslunni kemur fram að veruleg hætta sé á aukinni tíðni og útbreiðslu sjúkdóma, einkum í tengslum við hættuna á samgangi eldisdýra við villt dýr og annan bústofn. Bent er á að hreindýraeldi sé þess eðlis að því fylgi óhjákvæmilega umtalsverð breyting á landnýtingu og það takmarki aðra landnýtingu og aðgengi almennings að landinu vegna nauðsynlegra girðinga. Þá þurfi slíkar girðingar að vera verulega háar og ná yfir stór svæði eigi þær að þjóna tilgangi sínum.

Björn svarar þessu og segir: „Í Noregi, Kanada og Grænlandi eru bæði villtir stofnar og hreindýrarækt og því ekki minni sjúkdómahætta þar en hér á landi. Girðingarnar sem við ætlum að reisa takmarkar ekki aðgengi almennings frekar en sauðfjárgirðingar, þær eru einungis hærri. Þar að auki hefur sauðfjárrækt minnkað svo mikið á þessu svæði, að hún er orðin óveruleg og hvergi þarna um ofbeit að ræða.“

*Mikill innflutningur á hreindýrakjöti*

Björn segir að flutt hafi verið inn hreindýrakjöt af um tvö þúsund dýrum á ári, en hafi minnkað síðustu ár. „Búið gæti því hæglega sparað þann gjaldeyri.

Þessi innflutningur kemur allur frá Norður-Noregi þar sem þéttleiki hreindýra og ofbeit er sú mesta sem þekkist og smithætta ætti að vera mest. Í Noregi eru ævafornir villtir stofnar hreindýra og hreindýrarækt stunduð samhliða og ekkert girt af. Þar hafa Samar ekki verið að missa tamin dýr í villtu hópana.“

Að sögn Björns skilur hann ekki þau rök að aukin sjúkdómahætta séu aðalrökin fyrir því að starfshópurinn mæli gegn hreindýraeldinu. „Við erum ekki að tala um að flytja inn dýr sem gætu borið með sér sjúkdóma og okkur skilst að íslenski hreindýrastofninn sé að mestu sjúkdómalaus.

Eldi eins og við Stefán viljum koma á koppinn gengur vel annars staðar, í Lapplandi og Norður-Noregi og Svíþjóð, þrátt fyrir að sjúkdómahætta sé víðast meiri en hér á landi þannig að ég skil ekki þau rök.

Satt besta að segja er okkar tilfinning sú að líffræðingastóðið hjá umhverfisráðuneytinu hafi verið á móti hugmyndinni frá upphafi.

Ég er búinn að óska eftir samtali við Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra en ekki fengið það enn þannig að ég veit ekki hvernig málið endar,“ segir Björn Magnússon. /VH

# Rjómabúið á Baugsstöðum opið í sumar

**Rjómabúið á Baugsstöðum, austan Stokkseyrar, verður opið laugardaga og sunnudaga í júlí og ágúst frá kl. 13 til 18 í sumar.**

Búið hóf starfsemi sína 1905 og starfaði nær óslitið til 1952. Þangað komu bændur úr nágrenninu með rjóma sem hraustar rjómabússtýrur unnu úr smjör og osta. Það var opnað sem safn árið 1975. Vatnshjólið og tækin í vinnslusalnum munu snúast þegar gesti ber að garði og minna á löngu liðna tíma. Tíu manna hópar eða fleiri geta fengið að skoða búið á öðrum tímum ef haft er samband með góðum fyrirvara við Andra í síma 846 1358, Siggeir í síma 898 4240 eða Lýð Pálsson, safnstjóra Byggðasafns Árnesinga, í síma 891 7766. */MHH*



Rjómabúið á Baugsstöðum hóf starfsemi 1905 og verður opið um helgar í sumar fyrir gesti og gangandi.

## Hagstofa Íslands:

# Gistinóttum á hótelum fjölgaði í maí

**Gistinætur á hótelum í maí voru 216.500 sem er 20% aukning miðað við maí á síðasta ári.**

Gistinætur erlendra gesta voru 85% af heildarfjölda gistinátta í mánuðinum en þeim fjölgaði um 28% frá sama tíma 2014. Gistinóttum Íslendinga fækkaði hins vegar um 12%.

Flestar gistinætur á hótelum í maí voru á höfuðborgarsvæðinu eða 138.800 sem er 13% aukning miðað við maí 2014. Næst flestar voru gistinætur á Suðurlandi eða um 31.200. Erlendir gestir með flestar gistinætur í maí voru Bandaríkjamenn með 39.500, Þjóðverjar með 31.900 og Bretar með 23.500 gistinætur.

Á tólf mánaða tímabili, júní 2014 til maí 2015, voru gistinætur á hótelum 2.463.500 sem er fjölgun um 14% miðað við sama tímabil ári fyrr. */VH*



Ingimar Einarsson.

## 80 ára 5. ágúst:

# Spilar enn úti um allt land

**Gleðigjafinn Ingimar Einarsson frá Kjarnholtum verður 80 ára 5. ágúst næstkomandi.**




Ingimar starfaði í áratugi hjá Bændasamtökum Íslands við Nautastöðina á Hvanneyri. Nú er hann búsettur í Reykholti í Biskupstungum. Í samtali við Bændablaðið sagðist hann enn vera að spila á nikkuna á fullu. Þeytist hann á milli landshluta til að spila og skemmta fólki og er ekkert að slá af.

„Ég var að spila í Þistilfirði í tveimur sjötíu ára afmælum og svo er maður fararstjóri í fjallgöngu og í ýmsu öðru."

*– Það er kraftur í karli.*

„Já, maður ræður því sjálfur. Málið er að hreyfa sig nógu mikið. Að mínu mati eru flest allir eldri borgarar að hreyfa sig of lítið og reyna ekkert á sig. Þeir eru því búnir löngu fyrir aldur fram."

Hann segir aldurinn því afstætt hugtak og að fólk eldist hratt ef það hafi ekkert fyrir stafni. Þá koðni það fljótt niður.

Í tilefni afmælisins býður Ingimar vinum og vandamönnum til skemmtikvölds í Félagsheimilinu á Flúðum 8. ágúst nk. kl. 18. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Ingimar afþakkar gjafir en biður fólk að taka með dansskóna.




FRUM - www.frum.is

Þetta snýst allt um þig…

Nýja CLAAS – ARION 400 vélin er alveg eins og þú vilt hafa hana.

Hver dagur færir þér ný verkefni og það ert þú sem þarft að takast á við þau.

Þegar þú kaupir dráttarvél þá þarf hún að vera alveg eins og þú vilt hafa hana. Þú vilt dráttarvél sem gerir einmitt það sem þú vilt að hún geri og að hún uppfylli allar þínar kröfur og væntingar. Hvorki meira og örugglega ekki minna.

Þess vegna vilt þú ekki bara næstu dráttarvél sem er til á lager.

Þú færð nýju ARION 400 dráttarvélina nákvæmlega eins og þú vilt hafa hana

ARION 460 / 450 / 440 / 430 / 420 / 410 66–103 kW (90–140 hö). www.arion400.claas.com

CLAAS

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is

# STEKKUR



## Katanesdýrið

**Á seinni hluta nítjándu aldar varð vart við skrímsli rétt hjá Katanesi á Hvalfjarðarströnd. Kvikindi þetta olli nokkru uppnámi og var m.a. gerður út leiðangur af hinu opinbera til að ljósmynda dýrið og skjóta en hvorugt tókst. Að lokum hvarf kvikindið eins skyndilega og það birtist.**

Dýrsins varð fyrst vart á Katanesi á Hvalfjarðarströnd árið 1874. Unglingar á staðnum sögðust hafa séð óvenjulegt dýr koma upp úr Katanestjörn og hverfa ofan í hana aftur. Þeir gátu ekki lýst því nákvæmlega en sögðu að það væri á stærð við stóran hund.

*Aflangur digur skrokkur*

Ári seinna sögðust menn oft sjá þessa skepnu á svipuðum slóðum og virtist hún hafa vaxið mikið. Þegar hér var komið sögu voru menn sammála um að dýrið væri á stærð við þriggja vetra nautgrip. Væri það með aflangan digran skrokk og rauðan haus sem líkist



mest hvelju eða nýflegnu kjöti og tæplega tveggja metra langan hala. Búkurinn var sagður hvítur og næstum því hárlaus.

Haft var eftir sannorðum manni, sem var á ferð skammt frá tjörninni þar sem dýrið hélt sig, að hann hefði séð það liggjandi í laut. Hann sagðist hafa séð dýrið vel og væri það með sex stórar klær á hverjum fæti og vísaði ein þeirra beint aftur en fæturnir væru stuttir. Dýrið væri með stóran kjaft og fjórar hvassar framtennur í neðra skolti en tvær stórar vígtennur í þeim efra, eyrun löng og lafandi. Aðrir höfðu þó sagt að eyrun væru reist.

Sagt var að dýrið stykki frekar en gengi og af því legði megna fýlu og ódaun.

*Syndir hratt*

Þeir sem sáu kvikindið í tjörninni sögðu að það synti mjög hratt en það virtist vera hægfara á landi. Menn sögðust þó hafa séð það einangra kind frá fjárhópi enda hurfu margir sauðir og kindur þar um slóðir eftir að skrímslið fór á stjá. Dýrið virðist hafa átt það til að reika frá tjörninni því oft sást það ekki dögum saman við hana.

*Setið fyrir Katanesdýrinu*

Einu sinni ákváðu þrír menn að sitja fyrir dýrinu og reyna að skjóta það. Þeir sátu við tjörnina í nokkra daga án þess að verða varir við það. Sama dag og þeir gáfust upp elti Katanesdýrið smaladreng heim að bæ en hvarf svo aftur.

Í dag er búið að ræsa fram Katanestjörn og því lítil von um að finna dýrið þar. /VH

Rammi mjólkursamningsins 2005 – Lokaverkefni til BS-prófs í hagfræði:

# Mjólkursamningurinn frá 2005 hefur elst illa

## – grundvallarbúið er rekið með tapi

**Mjólkursamningurinn, eða samningur um starfsskilyrði í mjólkurframleiðslu, er samkomulag milli hins opinbera og bænda og er viðbót við búvörulögin á atriðum sem við koma mjólkurframleiðslu. Samningurinn sem nú er í gildi, og gildir til ársloka 2016, var undirritaður árið 2004.**

Ásta Steinunn Eiríksdóttir valdi mjólkursamninginn 2005 sem viðfangsefni lokaritgerðar sinnar til BS-prófs í hagfræði. Hún segir að sig hafi langað að skrifa um efni sem tengdist landbúnaði þar sem hún komi úr sveit.

„Þegar ég fór svo að skoða væntanleg efni leist mér vel á að fjalla um mjólkurframleiðsluna og þær breytingar sem höfðu orðið á markaði frá því að mjólkursamningurinn var gerður 2004 og hvernig hann hefði staðist tímans tönn. Samningurinn rennur líka út á næsta ári og þörf á því að gera nýjan og því upplagt að skrifa um hann.“

*Samningurinn hefur elst illa*

Ásta Steinunn segir að niðurstaða sín sé sú að samningurinn hafi elst illa og að ekkert hafi verið gert til að aðlaga hann breyttum tímum.

Í niðurstöðukafla ritgerðarinnar segir meðal annars: „Þeir hvatar sem samningurinn skapar eru myndaðir með greiðslukerfinu, bæði með verði frá afurðastöð og styrkjum frá hinu opinbera. Bændur eru hvattir til að framleiða gæðamjólk en álag er greitt ofan á afurðastöðvarverð ef mjólkin nær viðmiðum úrvalsmjólkur en verðið skerðist ef mjólkin nær ekki gæðakröfum viðmiðunarmjólkur. Þá fæst yfirleitt skert afurðastöðvarverð fyrir þá mjólk sem framleidd er umfram greiðslumarks auk þess sem beingreiðslur ná ekki til slíkrar framleiðslu, þannig er reynt að haga framleiðslu í takt við eftirspurn á markaði. Ásamt því að hvetja til framleiðslu innan greiðslumarks eru beingreiðslur notaðar til að stýra framleiðslu innan ársins og skapa hvata til að nýta greiðslumarkið, sem er dýr fjárfesting, til fulls.“

Ásta Steinunn fjallar einnig um neikvæð ytri áhrif. „Með aukinni eftirspurn hefur heildargreiðslumark aukist og þar með greiðslumark hvers framleiðanda, þar sem það er fast hlutfall af heildargreiðslumarki. Samhliða auknum framleiðsluheimildum hefur verið farið fram á betri nýtingu þess en nú er framleiðendum skylt að framleiða 100% af greiðslumarki sínu til að öðlast heimild til fullra beingreiðslna. Þetta verður til þess að bændur sem voru með fullnýtta framleiðsluþætti fyrir eftirspurnaraukninguna verða fyrir ákveðnum skaða nái þeir ekki að auka framleiðslu sína í takt við aukið greiðslumark þar sem þeir verða af hluta beingreiðslna.

*Aukin eftirspurn*

Afurðastöðvarverð hefur lækkað stöðugt frá árinu 2011 á föstu verðlagi. Auk lægra verðs frá afurðastöð hafa beingreiðslur á hvern lítra rýrnað þar sem heildarupphæð til þeirra er föst en heildargreiðslumarkið, sem upphæðin deilist á, hefur aukist.

Ef horft er til þeirrar stöðu sem var þegar samningurinn var gerður, árið 2004 munar tæpum 19 krónum og rúmum 14 krónum frá fyrsta ári samningsins, 2005. Þess ber þó að geta að hér er um að ræða meðal beingreiðslu á mjólkurlítra en ekki meðalstuðning, á þessu er munur frá 2005 þegar byrjað var að dreifa stuðningnum á fleiri þætti framleiðslunnar, þetta er þó ekki mikill munur.

Frá árinu 2013, þegar gefið var út að greitt yrði fyrir alla umfram mjólk til ársloka 2015, hefur dregið úr framleiðslu nautakjöts. Kúabændur einbeita sér nú að því að framleiða eins og þeir geta af mjólk og svo virðist vera sem þeir haldi frekar í kýr sem þeir hefðu ekki gert ef ekki væri fyrir hátt verð umframmjólkur.

Dýralæknakostnaður í landbúnaði hefur aukist lítillega á síðustu árum Það er tilfinning meðal þeirra sem starfa innan og við atvinnugreinina að vegna aukinnar eftirspurnar eftir mjólk setji bændur frekar á kýr sem þeir hefðu undir öðrum kringumstæðum sent til slátrunar.“

*Verðlagsgrundvöllur kúabús*

Í ritgerðinni kemur fram að ekki ríkir langtímasamband milli verðs frá haga til maga, það slitnar um afurðastöðina þar sem verðlagsnefnd búvara ákveður bæði innkaupa- og útsöluverð.



Ásta Steinunn Eiríksdóttir hagfræðingur.

**Meðalkostnaður og tekjur grundvallarbúsins**

*Verð á lítra í mars 2002 og mars 2014*

| | Mars 2002 | Mars 2014 |
|---|---|---|
| Breytilegur meðalkostnaður | 35,64 | 90,38 |
| Meðalkostnaður | 86,53 | 186,04 |
| Stuðningur frá ríki | 37,56 | 51,26 |
| Afurðastöðvarverð | 42,18 | 82,92 |
| Heildarverð | 79,74 | 134,18 |
| Tekjur á lítra | 90,20 | 144,41 |

**Verð til framleiðenda**

**Miðað við 1. september ár hvert á verðlagi ársins 2014**

| | Afurðastöð | Beingreiðsla | Samtals kr. |
|---|---|---|---|
| 2004 | 78,98 | 68,26 | 147,24 |
| 2005 | 78,53 | 64,09 | 142,62 |
| 2006 | 75,56 | 55,41 | 130,97 |
| 2007 | 76,60 | 52,79 | 129,39 |
| 2008 | 89,46 | 51,13 | 140,59 |
| 2009 | 88,70 | 46,36 | 135,07 |
| 2010 | 84,16 | 49,38 | 128,15 |
| 2011 | 88,30 | 50,25 | 138,55 |
| 2012 | 87,25 | 47,77 | 135,02 |
| 2013 | 86,60 | 46,68 | 133,28 |
| 2014 | 84,60 | 43,73 | 128,33 |

„Við þetta má bæta að ekki er langtímasamband milli markaðsverðs á mjólk og vísitölu neysluverðs en verslunin virðist samt sem áður ákveða verð með tilliti til kostnaðarverðs varanna þar sem langtíma samband er á milli heildsöluverðs og markaðsverðs. Þetta bendir til þess að verðlagsnefndin ákveði verð til og frá afurðastöð með ólíkum hætti og sú niðurstaða að ekkert langtímasamband ríki milli afurðastöðvarverðs og heildsöluverðs, styður það að samræmi vanti við ákvarðanir verðlagsnefndar.

Langtímasamband ríkir þó milli afurðastöðvarverðs og vísitölu neysluverðs en engu að síður hefur heildarverð sem bændur fá fyrir mjólk sína lækkað á föstu verðlagi þrátt fyrir aukna eftirspurn og er lægra en meðalkostnaður verðlags grundvallarbúsins.

Grundvallarbúið er því rekið með tapi en slíkt getur ekki gengið til langs tíma. Í raun skiptir ekki öllu máli hvaðan peningarnir koma, frá afurðastöð eða stjórnvöldum, bara að þeir séu nægir, að verð sé jafnt meðalkostnaði. Landbúnaður verður að geta keppt við aðra atvinnuvegi um helstu framleiðsluþætti eins og land, fjármagn og síðast en ekki síst fólkið en eins og staðan er nú gerir mjólkursamningurinn lítið í því að skapa þau skilyrði.“

*Meðalaldur kúabænda að hækka*

Í ritgerðinni bendir Ásta Steinunn einnig á að meðalaldur kúabænda hafi hækkað og sé 53 ár og að erfitt sé fyrir ungt fólk að hefja rekstur kúabús án þess að hafa aðgang að mjólkurkvóta. Ásta Steinunn segir að Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, hafi greint frá því að gera megi ráð fyrir því að laun til bænda sem reka sín fyrirtæki á eigin kennitölu séu um 210 þúsund krónur á mánuði árið 2014. „Á sama tíma eru meðaltal heildarlauna fullvinnandi launamanna 555 þúsund samkvæmt vef Hagstofu Íslands.“ /VH

OptimaHealth

# Bakteríu-drepandi krem og sápa

Bakteríudrepandi, græðandi og mýkjandi Tea Tree krem og sápa fyrir þurrar og sárar hendur.

Frábært "bænda" krem og sápa fyrir húð sem er undir miklu álagi.




Fæst í **Lyfju** og **Apótekinu** um allt land.

Kynning verður í **Lyfju Blöndósi** fimmtudaginn **9. Júlí** frá kl. **12-17** og **Lyfju Sauðárkróki** föstudaginn **10. Júlí** frá kl. **14-17**. **20% afsláttur** er veittur á meðan kynningu stendur á **Tea Tree** og **Dr. Organic**.

# Æðarbændur



Tökum á móti æðardúni til hreinsunar og sölu. Við greiðum fyrir flutning dúnsins til okkar í Dúnhreinsunina við Axarhöfða í Reykjavík. Hafið samband í síma 892 8080

Dúnhreinsunin ehf., við Axarhöfða í Reykjavik

## Nýjar tegundir
**Skór** til vinnu og frístunda

praxis
... þegar þú vilt þægindi



Teg. 25090
Litir: Svart/Hvítt/Blátt
Str. 36-42
Verð 14.990

Teg. 25290
Litir: Blátt/Hvítt/Rautt/Svart
Str. 36-42
Verð 12.600

Vatteraðir jakkar fyrir dömu og herra í 5 litum
Verð 15.900

**Praxis.is**
**Pantið vörulista**

**Mikið úrval af klossum**

00314 - Boston
Litir: Svartur/hvítur
Str. 36-48
Verð 12.900

Teg. 25280
Litir: Svart/Hvítt
Str. 36-42
Verð 12.600

Teg. 25310
Litir: Svart
Str. 36-42
Verð 8.750

**Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878**
**Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00, lokað laugardaga.**



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

**Næsta blað kemur út 23. júlí**



# Josilac Classic íblöndunarefni
## í stæðurnar - rúllubaggana - stórbaggana

**Josilac** er lífrænt íblöndunarefni sem bætir verkun í heystæðum, rúlluböggum og stórböggum
**Josilac** íblöndunarefni eykur stöðugleika í ýmsum mjólkursýrugerlum og öðrum ensímum.
**Josilac** íblöndunarefnið hentar fyrir allar gerðir af grasplöntum, grænfóðri og belgjurtum. Bestur árangur næst með 20 – 40% þurrefnismagn í heyi.
**Josilac** er blandað með vatni frá 10 - 50 lítrum í hverja 150 gr. pakkningu sem dugar í 25 tonn af heyi.



- Styður mjólkursýru gerjun
- Hröð gerjun lágmarkar næringartap í fóðrinu
- Bætir lystugleika
- Forðar smjörsýru gerjun
- Eykur fóðurgildi og meltanleika
- Flýtir fyrir gerjunarferlinu
- Eykur lystugleika
- Bætir meltanleika
- Bætir mjókurgæði






## Úðunardæla fyrir íblöndunarefni

Josilac úðadæluna er hægt að nota á sjálfhleðsluvagninn, rúlluvélina og stórbaggavélina.

Tilboðsverð án/vsk
**Kr. 49.500**






**Agrifol** rúlluplast
Ljósgrænt
0,75x1500 - 0,50x1800
Eftirá líming fyrir þá sem vilja hljóðláta pökkun




**Polywrap** rúllunet 1,23x3000
Gott rúllunet sem virkar í allar rúlluvélar.

**Polystretch** rúlluplast
Dökkgrænt
0,75x1500 - 0,50x1800
Límist strax

**Stæðuplast**
Svart/hvítt - 150mμ
Margar stærðir



**Rúllugarn - Stórbaggagarn**



**Vacuum - plast**
Þunnt undirplast
40mμ - Glært

LANDSTÓLPI
Egilsstöðum
471 1901

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is


# Ráðunautar í nautgriparækt

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins óskar eftir að ráða tvo starfsmenn til að sinna verkefnum og ráðgjöf í nautgriparækt. Ráðningin er til eins árs með möguleika á framlengingu.

## Ábyrgðarsvið, menntun og hæfniskröfur:

- **Skal hafa lokið háskólaprófi í búvísindum eða annarri sambærilegri menntun. Framhaldsmenntun á sviði kynbóta, fóðrunar, aðbúnaðar, frjósemi, nautakjötsframleiðslu eða annarra þátta er tengjast framleiðsluferlum í nautgriparækt æskileg.**
- **Mun starfa með faghópi nautgriparæktar og fóðrunar og vinna sem hluti af ráðgjafarteymi sem sinnir alhliða ráðgjöf til kúabænda með sérstaka áherslu á ráðgjöf í fóðrun, frjósemi og kynbótum sem og almennri ráðgjöf til kúabænda.**
- **Mun vinna að þróun og sölu á ráðgjöf á landsvísu og á það jafnt við um sérhæfða ráðgjöf sem og aðkomu að heildstæðri og þverfaglegri ráðgjöf í samstarfi við aðra starfsmenn RML.**
- **Við leitum að einstaklingum með brennandi áhuga á nautgriparækt í sínum víðasta skilningi sem hafa metnað og frumkvæði sem nýtast til að byggja upp þekkingu sem nýtist til að efla búgreinina.**
- **Áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum auk þess sem viðkomandi þarf að halda utan um og stýra verkefnum innan fyrirtækisins samkvæmt vinnuferlum verkefnastjórnunar.**
- **Kemur að öðrum verkefnum á einstökum fagsviðum sem starfsmaður hefur sérþekkingu til að gegna eftir því sem starfsaðstæður leyfa á hverjum tíma.**

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins** er framsækið ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda og leggur metnað sinn í að viðhalda faglegri og óháðri ráðgjöf til aðila innan landbúnaðarins. Fyrirtækið er með starfsstöðvar víðs vegar um landið en nánari upplýsingar um starfsemina má finna á vef þess, **rml.is**

Upplýsingar um starfið eru veittar með tölvupósti í gegnum netföng **Karvels L. Karvelssonar (klk@rml.is)** eða **Gunnfríðar E. Hreiðarsdóttur (geh@rml.is)**. **Umsóknarfrestur er til 15. júlí.** Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á vef **RML www.rml.is.** Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og starfsferil umsækjanda ásamt upplýsingum um umsagnaraðila.

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins**
**Sími 516 5000**
**www.rml.is**

Það er ekki oft sem fánar allra stjórnmálaflokka blakta saman við hún en sú varð raunin við Norræna húsið á dögunum.



Stjórnmálamenn og fjölmiðlafólk kepptu í svokölluðum bubblebolta á Fundi fólksins þar sem hart var barist.

Myndir / ehg/VH

# Almenn jákvæðni gagnvart íslenskum landbúnaði

**Dagana 11.–13. júní var haldin þriggja daga hátíð í Norræna húsinu, að norrænni fyrirmynd, sem nefndist Fundur fólksins.**

Þar voru yfir 100 atriði á dagskrá þar sem um 40 félagasamtök tóku þátt. Bændasamtökin voru með kynningarhús á hátíðinni þar sem íslenskum landbúnaði voru gerð góð skil. Það var almenn jákvæðni hjá gestum og gangandi gagnvart bændum og landbúnaði og er það mat þeirra sem tóku þátt í hátíðinni að vel hafi tekist til þetta fyrsta ár sem Fundur fólksins var haldinn hérlendis. /EHG



Fulltrúar frá Fésbókarhópnum Jákvæðar hugsanir létu ekki sitt eftir liggja og tóku þátt í Fundi fólksins með augum bjartsýninnar.








Bændasamtökin voru með kynningarhús á svæðinu og var almenn jákvæðni meðal gesta til íslensks landbúnaðar og var Bændablaðinu einnig vel tekið.

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Bændablaðið**
**Smáauglýsingar**
**56-30-300**

## Húsnæði af ýmsum stærðum til leigu á HVANNEYRI

**Hagstætt leiguverð**

Allarar nánari upplýsingar í síma 430-5502 / Guðsteinn
eða gudsteinn@kb.is
Borgarland ehf.






## JÁ, VIÐ ÞURFUM GÓÐA SÓLARVÖRN!

**Langvirk - 6 klukkutíma sólarvörn.
Lyktarlaus og vatnsheld.**

**Sara Hrönn Viðarsdóttir
Búfræðingur og „kúahvíslari“**

Hef notað Proderm s.l. þrjú sumur á kýrnar og það virkar ótrúlega vel. Hef ég ekki verið í vandræðum með sólbrunna spena á kúm síðan ég prófaði fyrst og engin kýr sparkað eða verið með læti. Spenarnir haldast mjúkir og hreinir. Ber á eftir morgunmjaltir og það dugar. 1 brúsi dugar á 30 kýr í 4-5 daga.

**Grunnformúlan er læknisfræðilega skráð.**

Pantanir: celsus@celsus.is - 551 5995
Fæst í apótekum, Nettó, Hagkaup og víðar.

**Celsus ehf.**
*Hjúkrunar- og heilsuvörur*



## Jörð til sölu
## Að Bakka í Tálknafjarðarhreppi

Falleg, stór jörð í stórbrotnu umhverfi að
Bakka í Tálknafjarðarhreppi, voru áður 3 jarðir.
Býður upp á mikla möguleika.

Jörðin er að stærð líklega milli 800–1 þús. ha.
Falleg strönd með hvítum skeljasandi.

Lítið sumarhús fylgir. Tilvalið fyrir fjárfesta.

Um 50 hektarar eru ræktanlegt land og
134 hektarar samþykktir sem skógræktarjörð.

Á jörðinni er einkaflugvöllur sem er um 700 metrar. V- 34,9 millj.

Frekari upplýsingar veitir Sigrún sölufulltrúi
sími 857-2267 eða sigrun@101.is

**Verð -34,9 millj**

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA



*Mikil sala, vantar allar gerðir eigna á skrá*

**Bændablaðið – Kemur næst út 23. júlí**







SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á BYKO.IS
UNDIR LANDBÚNAÐARVÖRUR

byko.is

LEITIÐ TILBOÐA Á
bondi@byko.is
SENDUM UM LAND ALLT

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Fréttaskýring

**Fokdýr markaðssetning hreinnar náttúru, íslenskra matvæla og hreinnar orku landsins hefur verið sett í voða:**

# Sæstrengur mun líka gera íslenska raforku óhreina

## – samkvæmt mati iðnaðar- og viðskiptaráðherra í umræðum um sölu syndaaflausnarbréfanna en ráðherra bíður niðurstöðu stýrihóps

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Íslensk orkufyrirtæki hafa stundað þann leik síðan 2011 að selja erlendum orkufyrirtækjum íslensk hreinleika- eða upprunavottorð á raforku og hjálpað þeim þannig við að blekkja raforkukaupendur sína um raunverulegan bakgrunn eigin framleiðslu. Umfjöllun í síðasta Bændablaði um málið vakti gríðarlega athygli enda málið í hæsta máta fáránlegt. Allt er þetta þó gert í skjóli ESB-tilskipunar og laga sem Alþingi samþykkti einróma vorið 2008.**

Ísland og Íslendingar geta ekki lengur stært sig af þessari hreinu ímynd, þar sem orkufyrirtækin selja á hverju ári erlendum orkufyrirtækjum hreinleikavottorð í orkuframleiðslu í skiptum fyrir ávísun á orku sem ekki er framleidd á vistvænan hátt. Þetta má sjá á orkureikningum landsmanna þar sem nú er tekið fram að meirihluti af orkunni sé framleiddur með kjarnorku, olíu, kolum og gasi.

### *Setur sæstrengsmálið í uppnám*

Vegna þeirrar stöðu sem landsmenn hafa nú verið upplýstir um er jafnframt ljóst að hugmyndir um sölu raforku frá Íslandi um sæstreng hljóta líka að vera komnar í uppnám. Dugar þar að vitna í orð iðnaðarráðherra hér að neðan um það ef af lagningu sæstrengs yrði; ***„… þá getum við ekki lengur sagt að við séum bara með hreina orku“.***

### *Allt er falt fyrir peninga – líka syndaaflausnir og blekkingar*

Þrátt fyrir að hér á landi séu hvorki kola- né kjarnorkuver til raforkuframleiðslu, þá geta Íslendingar sjálfir ekki fengið skráð hjá sér kaup á hreinni orku nema greiða orkufyrirtækjunum sérstaklega fyrir það. Það sem meira er, að framboðið á þessum hreinleikavottorðum fyrir Íslendinga sjálfa fer þverrandi vegna sölu til útlendinga.

Á reikningi Orku náttúrunnar kemur fram að viðskiptalegur uppruni raforku ON eftir orkujöfnun árið 2013 sé endurnýjanleg orka 39% og jarðefnaeldsneyti 37% kjarnorka 24%. Vegna aukinnar raforkuframleiðslu með vatnsafli og heldur minni sölu hreinleikavottorða minnkaði kjarnorkuhlutfallið, hjá öllum orkufyrirtækjunum samkvæmt útreikningum Orkustofnunar, í 23% árið 2014 og jarðefnaeldsneytishlutinn í 32%.

Sveinn A. Sæland, fyrrverandi formaður Sambands garðyrkjubænda, lýsti áhyggjum garðyrkjubænda vegna málsins og greindi frá tilboði sem hann hafði fengið frá Orku náttúrunnar, dótturfélagi Orkuveitu Reykjavíkur, um að garðyrkjubændur gætu keypt sig frá sóðaskapnum fyrir 5,1 eyri á kílóvattstund. Málið snýst þó um miklu meira en hag og ímynd garðyrkjunnar, því öll hreinleikaímynd Íslands sem hamast hefur verið við að selja útlendingum á undanförnum áraum og áratugum er undir.

### *Verður rándýrri markaðssetningu fórnað á altari blekkingarinnar?*

Hér hafa verið reist stór gagnaver, bæði á Keflavíkurflugvelli og í Hafnarfirði sem ganga nær eingöngu út á að selja notendum endurnýjanlega og hreina orku til að geyma tölvugögn sín. Gríðarlegum fjármunum hefur verið varið af opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í að auglýsa hreinleika landsins og að hér sé framleiðsla og notkun á hreinum orkulindum höfð í hávegum. Öll ferðaþjónustan byggir á að selja þessa sömu hreinu ímynd. Allt þetta hefur nú verið sett í uppnám með innleiðingu á reglugerð ESB og einróma samþykkt Alþingis sem heimilar sölu íslenskra orkufyrirtækja á hreinum blekkingum.

Þar er ekki verið að selja neina hreina orku, einungis syndakvittun fyrir erlenda aðila um að þeir geti skreytt með íslenskum pappírum um hreina orku til að slá ryki í augun á sínum viðskiptavinum. Furðulegt má telja að hagsmunaaðilar, þar með talin samtök neytenda, hafi ekki frekar en þingmenn og aðrir gert athugasemd við lagafrumvarpið sem samþykkt var á Alþingi og heimilar þennan gjörning. Samt er hér verið að beita hreinum blekkingum




**Trúverðugleiki Íslands hvað varðar hreina náttúru, hreina matvælaframleiðslu og hreina orkuframleiðslu er í veði vegna sölu svokallaðra upprunavottorða. Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur einnig bent á að sala raforku um sæstreng geti líka gert íslenska orku „óhreina“.**

> **Það er stýrihópur að störfum sem er að skoða hagkvæmni sæstrengs og eitt af því sem við þurfum að meta áður en endanlega afstaða er tekin til sæstrengs er einmitt þetta atriði.** *(Úr svari iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Bændablaðsins)*

> **Við höfum ekki marga kosti vegna skuldbindinga okkar gagnvart EES. En eitt af því sem við höfum rætt er að ríkið sem eigandi beini þeim tilmælum til orkufyrirtækja í ríkiseigu að þau einfaldlega hætti sölu slíkra upprunaábyrgða og jafnframt að rætt verði við hin orkufyrirtækin um að gera það sama.**



[redacted]

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR

KENNITALA GREIÐANDA: 540782-0249

REIKNINGUR Á GJALDDAGA 07.04.2015

RAFMAGN
Reikningur nr. [redacted]

Útgáfudagur: 05.03.2015
Tímabil: 01.02.2015 - 01.03.2015
Taxti: Almenn notkun A15
Fastanúmer: 161932
Kt. mælistaðar: 101 - 10347516

Mælir nr: 8880000013
Álestur 01.02.2015 3.697.551,6
Álestur 01.03.2015 3.974.913,0
Notkun milli álestra 277.361,4 kWh
Reikningsfært nú 277.361,4 kWh

| | | | Ein.verð | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| Notkun | 277.361,4 | kWh | 5,33 | 1.478.336 |
| Afsláttur | | | | -369.584 |
| Orkuskattur | 277.361,4 | kWh | 0,129 | 35.780 |
| Samtals án vsk. | | | | 1.144.532 |
| Virðisaukaskattur af 1.144.532 kr. | | | 24% | 274.688 |
| Til greiðslu | | | | 1.419.220 |

Viðskiptalegur uppruni raforku ON eftir orkujöfnun árið 2013: Endurnýjanleg orka 39%, jarðefnaeldsneyti 37%, kjarnorka 24%. Birt skv. reglugerð 757/2012. www.on.is/um/upprunaabyrgdir

RAFMAGN
Reikningur nr. [redacted]

Útgáfudagur: 05.03.2015
Tímabil: 01.02.2015 - 01.03.2015
Taxti: Almenn notkun A15
Fastanúmer: 173925
Kt. mælistaðar: 101 - 10368967

Mælir nr: 9701070
Álestur 01.02.2015 1.769.300,7
Álestur 01.03.2015 1.916.852,5
Notkun milli álestra 147.551,8 kWh
Reikningsfært nú 147.551,8 kWh

| | | | Ein.verð | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| Notkun | 147.551,8 | kWh | 5,33 | 786.451 |
| Afsláttur | | | | -196.613 |
| Orkuskattur | 147.551,8 | kWh | 0,129 | 19.034 |
| Samtals án vsk. | | | | 608.872 |
| Virðisaukaskattur af 608.872 kr. | | | 24% | 146.129 |
| Til greiðslu | | | | 755.001 |

Viðskiptalegur uppruni raforku ON eftir orkujöfnun árið 2013: Endurnýjanleg orka 39%, jarðefnaeldsneyti 37%, kjarnorka 24%. Birt skv. reglugerð 757/2012. www.on.is/um/upprunaabyrgdir

**Samkvæmt lögum er nú skylt að birta á íslenskum raforkureikningum hversu hátt hlutfall orku sem framleidd er með kjarnorku og jarðefnaeldsneyti er komið inn í íslenska orkukerfið á pappírunum vegna sölu hreinleikavottorða.**




**Sala upprunavottorða á raforku úr landi þýðir að taka verður inn í íslenska orkukerfið pappírslega tilfærslu á sama magni óhreinnar orku frá Evrópu. Fyrir hreinleikaímynd Íslands er þetta rétt eins og Íslendingar hafi reist sitt eigið kjarnorkuver á Þingvöllum eða í einhverri annarri náttúruperlu landsins.**

gagnvart neytendum eins og kom fram í umræðum um málið í síðustu viku.

*Orkufyrirtækin verða beðin að hætta sölu bréfanna – ef …*

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra ræddi málið í útvarpsþættinum „Í bítið“ á Bylgjunni 14. júní. Þar viðurkenndi hún fáránleika sölu þessara upprunavottorða og sagði m.a.:

„Ég get alveg viðurkennt það að manni hefur þótt ankannalegt að sjá þetta á rafmagnsreikningunum sínum, en þetta er ákveðin bókhaldsleg framsetning. Þetta breytir engu um það og er ekki raunveruleg lýsing á okkar orkubúskap sem er eins og allir vita þannig, að hann byggir að 99,99% á endurnýjanlegum orkubúskap. […] Nú hafa grænmetisbændur vakið á þessu athygli og ef þetta er farið að skaða þeirra atvinnugrein eða hagsmuni Íslands að einhverju leyti, þá hef ég látið hefja þá skoðun í ráðuneytinu að skoða hvaða hagsmunum erum við að fórna, erum við að fórna meiri hagsmunum fyrir minni? Fyrsta skoðun bendir til þess að tekjurnar af þessu hafi ekki verið gríðarlega miklar fyrir orkufyrirtækin en við erum ekki komin að endanlegri niðurstöðu um það. Við munum þó ekki geta komist út úr tilskipuninni eða kerfinu sjálfu, en það sem við getum gert, og það er sú leið sem við hugsanlega myndum fara, ef við kæmust að þessari niðurstöðu, væri að fara þess á leit við orkufyrirtækin að þau hætti þessu til þess að skaða ekki okkar hagsmuni.“

*Syndaaflausn*

Ráðherrann tók undir þá skoðun sem sett var fram í forsíðufyrirsögn í Bændablaðinu, að þetta væri ákveðin syndaaflausn.

„Það væri þá lausnin ef í ljós kemur að þetta er að skaða okkur […] að fá þau til þess að hætta þessu.“

Ragnheiður Elín sagði einnig að umræðan um kolefniskvóta á alþjóðavísu snerist í raun um þetta sama. „Þetta snýst um það að menn geta keypt sig frá einhverjum vanda. Þannig er búið að setja upp viðskiptakerfi í þessu og upprunaábyrgðir eru annar angi af því. Þetta er ekki alveg sambærilegt, en þetta eru fyrst og fremst tölur á blaði og hvernig menn geta reiknað sig út frá ákveðnum markmiðum og að ákveðnum markmiðum. Þannig að mér finnst ekkert skrítið að fólki finnist þetta kúnstugt.“

Hún sagði að Norðmenn væru í svipaðri stöðu þótt umræða hafi ekki komist á þetta stig þar en væri að koma upp á yfirborðið núna.

„Ég er algjörlega tilbúin að skoða það að fara þess á leit við orkufyrirtækin, ef í ljós kemur að þetta er að skaða okkur, að þau hætti að selja þessar ábyrgðir. Ég get ekki fyrirskipað þeim það vegna þess að þetta er í lögunum, en þetta er eitthvað sem við munum taka upp við þau að lokinni þessari skoðun.“

Þarna er greinilega um mjög stórt ímyndarmál að ræða fyrir Ísland og Íslendinga til langrar framtíðar sem taka þarf afstöðu til.

*Ríkið dragi sig út úr upprunavottun orku*

Ragheiður Elín tók í svipaðan streng í samtali við Morgunblaðið í síðustu viku. Þar sagði hún m.a.:

„Ég hef skilning á sjónarmiðum þeirra, til að mynda garðyrkjubænda, sem gert hafa athugasemdir við sölu á upprunaábyrgðum og hef ég óskað eftir því í ráðuneytinu að kannað verði hvaða leiðir eru færar í þessum efnum. Ef í ljós kemur að tekjur eru litlar og að hagsmunum gæti verið fórnað þá væri möguleikinn sá að beita sér fyrir því að orkufyrirtæki ríkisins dragi sig út úr þessu kerfi og eftir atvikum ræða við aðra orkusala um að hverfa frá þessari stefnu einnig.“



Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

*Gefur sér sumarið til að meta stöðuna*

Bændablaðið sendi Ragnheiði Elínu Árnadóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrirspurn í nokkrum liðum er þetta varðar. Þar var hún fyrst spurð:

*– Hvenær má búast við niðurstöðu vegna skoðunar ráðuneytisins á málinu?*

Svar ráðherra er svohljóðandi:

„Ráðuneytið hefur verið að fara yfir hvaða kostir séu í stöðunni. Við höfum ekki marga kosti vegna skuldbindinga okkar gagnvart EES. En eitt af því sem við höfum rætt er að ríkið sem eigandi beini þeim tilmælum til orkufyrirtækja í ríkiseigu að þau einfaldlega hætti sölu slíkra upprunaábyrgða og jafnframt að rætt verði við hin orkufyrirtækin um að gera það sama. Það væri þó alltaf háð því mati að sala á upprunaábyrgðum sé í heild að skaða íslenska hagsmuni umfram þær tekjur sem orkufyrirtækin hafa af slíkri sölu. Við munum gefa okkur sumarið til að fara betur yfir málið enda liggja hagsmunir víða og mikilvægt að gefa sér þann tíma sem þarf.“

*Látið viðgangast*

Ragnheiður Elín sagði einnig í viðtalinu á Bylgjunni að þetta væri ekki bara látið viðgangast hér og úti í Evrópu þótt menn vissu að þarna væri um blekkingu að ræða, heldur væri þetta markmiðið með öllum þessum tilfæringum. Þetta væri ekki eitthvað sem gerðist með handahófskenndum hætti því þetta væri eins og orkupólitíkin innan Evrópusambandsins væri rekin.

*Sæstrengur gerir Ísland óhreint*

Þá kom ráðherrann inn á athyglisverðan þátt sem einnig var bent á í greininni í Bændablaðinu, en það varðar hugmyndir um lagningu sæstrengs fyrir raforkuflutning frá Íslandi til Evrópu. Um það sagði ráðherrann:

„Síðan eru önnur tæki þar sem er verið að aðstoða þá sem eiga í erfiðleikum með að ná þessum markmiðum við að kaupa frekar endurnýjanlega orku heldur en aðra með því að gera hana ákjósanlegri. Sæstrengsumræðan, til dæmis á Íslandi eða í Evrópu, snýr að miklu leyti að þessu. Þess vegna eru Bretar og aðrir áfjáðir um að kaupa orku frá Íslandi í gegnum sæstreng af því að þá er þetta ekki bara á pappírnum. Þá er þetta sannarlega hrein íslensk orka sem er að koma í gegnum strenginn. En þá er það líka það sem við verðum að varast, þá getum við ekki lengur sagt að við séum bara með hreina orku. Þá værum við að fá aðra orku hina leiðina með strengnum sem getur verið upprunnin með öðrum hætti en endurnýjanlegum orkugjöfum.“



Hart er barist fyrir sæstrengshugmyndinni, en enginn hefur svarað því hvar eigi að fá alla orkuna og hverju sé vert að fórna fyrir slíka tengingu.

*Einn hluti af sæstrengsmálinu*

Bændablaðið spurði iðnaðar- og viðskiptaráðherrann sérstaklega út í þetta mál. Í erindi blaðsins var spurt:

*– Mun ráðherra beita sér fyrir því að umræðan um hreinleikaímynd Íslands verði tekin upp og höfð til hliðsjónar í viðræðum um sæstreng?*

Ráðherra svaraði þessari spurningu svona:

„Það er stýrihópur að störfum sem er að skoða hagkvæmni sæstrengs og eitt af því sem við þurfum að meta áður en endanleg afstaða er tekin til sæstrengs er einmitt þetta atriði.“

*Segir mikilvægt að fá öll spilin á borðið*

Ráðherrann var einnig spurður um persónulegt mat sitt á ímyndarlegu mikilvægi Íslands:

*– Hvort metur ráðherrann mikilvægara í þessu samhengi, að viðhalda hreinleikaímynd Íslands gagnvart umheiminum, eða óljós hagnaðarsjónarmið vegna hugsanlegrar sölu raforku um sæstreng?*

Þessu svaraði ráðherrann ekki með afgerandi hætti en sagði:

„Ég tel mikilvægt að stýrihópurinn ljúki störfum og að við fáum öll spilin á borðið áður en ég svara spurningu sem þessari. Þá munum við sjá betur hvaða hag við hefðum af sæstreng og ættum jafnframt að hafa á borðinu hugsanlega galla við slíkt verkefni.“

*Umhverfisráðherra vísar á ummæli iðnaðarráðherra*

Bændablaðið sendi umhverfisráðherra fyrirspurn um afstöðu ráðherrans til sölu orkufyrirtækja á hreinleika- og upprunavottorðum á orkuframleiðslu til útlanda. Ekki er hægt að segja að svar ráðherrans hafi verið afdráttarlaus um eigin afstöðu, en það hljóðar svo:

„Skoða þarf hvort sala upprunaábyrgða íslenskra orkufyrirtækja undanfarin ár hefur neikvæð áhrif á ímynd okkar sem lands sem er í fararbroddi þegar kemur að endurnýjanlegum orkugjöfum. Sömuleiðis þarf að athuga hvort og þá með hvaða hætti þetta fyrirkomulag hefur neikvæð áhrif á atvinnustarfsemi, eins og hugsanlega í tilfelli garðyrkjubænda. Þess vegna fagna ég því að iðnaðarráðherra hafi tekið málið til skoðunar og láti nú kanna í atvinnuvegaráðuneytinu hvaða leiðir séu færar í þessum efnum. Ráðherrann hefur í því sambandi nefnt að kanna þurfi möguleika á að orkufyrirtæki ríkisins hætti að selja eiginleika orku og dragi sig úr upprunavottunarkerfinu komi í ljós að tekjur af sölunni séu litlar um leið og of mikilvægum hagsmunum sé fórnað. Ég bind vonir við athugun atvinnuvegaráðuneytisins á málinu.“

*Erum í raun og veru að taka alveg gríðarlega áhættu*

Viðar Garðarson, markaðsráðgjafi hjá Markaðsmönnum.is, var einnig fenginn í morgunþáttinn Í bítið til að ræða þessi mál. Þar tók hann mjög sterkt undir þau sjónarmið að sala þessara hreinleikavottorða væri að skaða Ísland og íslenska hagsmuni. Fór ekkert á milli mála hvernig hann lítur á þetta út frá viðskiptalegum hagsmunum Íslands. Viðar sagði m.a.:

„Það má segja að allt sem við Íslendingar gerum tengist hreinleika á einhvern hátt. Ferðamennskan okkar byggir á hreinni náttúru. Matvælaframleiðslan okkar er hrein. Við erum að selja fisk í stórum stíl erlendis úr hreinni auðlind og menn geta bara rétt ímyndað sér hvaða áhrif það hefði ef það kæmist í hámæli erlendis að orkuvottun okkar hér á Íslandi væri að stórum hluta byggð á jarðefnaeldsneyti og kjarnorku. Það myndi hafa mjög, mjög alvarlegar afleiðingar fyrir allar þessar greinar. Mér sýnist að orkufyrirtækin séu í raun og veru í einhverjum exel-leik. Vissulega eykur þetta tekjurnar þeirra, en áhættan sem við erum að taka er margföld þessi tekjuaukning. Við erum í raun og veru að taka alveg gríðarlega áhættu sem getur hitt okkur mjög illa, svona seinna í tímanum.“

Hann sagði að það væri mjög einfalt til hvaða ráða ætti að grípa gagnvart stærsta aðilanum í þessu máli.

„Eigendur Landsvirkjunar, þ.e. ríkisstjórn og ráðherra, þeir verða bara að tukta svolítið til þessa stjórnendur. Menn verða að gera sér grein fyrir því að áhættan er margfaldur ávinningurinn.“

Hann sagði að Íslendingar ættu að vera stoltir af því að framleiða græna umhverfisvæna orku því það gæfi okkur samkeppnisforskot á öllum sviðum gagnvart þeim sem ekki eiga græna orku.

„Við eigum að nýta okkur þetta að sjálfsögðu í útflutningi á öllu því sem við erum að flytja út og við eigum ekki að taka það í mál að það sé hægt að selja þessar vottanir.“

Alvarleiki málsins fer því ekki á milli mála í huga Viðars.



Æðarvarp seinna á ferðinni í ár en vanalega vegna kuldatíðar:

# Bændur berjast við varginn en dæmi eru um að refur hafi rústað heilu vörpunum

**Æðarvarp var nokkru seinna á ferðinni í vor en venja er til, um viku til 10 dögum að jafnaði á flestum landsvæðum. Miðað við hversu útlitið var dökkt um tíma má segja að þó nokkuð vel hafi ræst úr málum og segja æðarbændur að dúntekja verði sennilegast þegar upp verður staðið nálægt meðallagi.**

„Æðarvarpið hefur gengið mjög vel þrátt fyrir kalt vor og að varpið hafi farið mun seinna af stað en í fyrra," segir Salvar Ólafur Baldursson, bóndi í Vigur, eins og fram kemur á forsíðu blaðsins.

„Þótt það hafi verið svona kalt fyrst og varpið langt á eftir því sem venja er, virðist ástandið á kollunum vera mjög gott. Það er mikill fjöldi af ungum og dúntekja virðist víðast hvar vera mun meiri en í fyrra," sagði Salvar.

„Það má orða það svo að betur hafi farið en á horfðist," segir Björk Pétursdóttir á Hraunum í Fljótum. Vargur gerir æðarbændum lífið leitt, en ref hefur á flestum svæðum fjölgað umtalsvert og gerir hann oft og iðulega skráveifu í varpinu.

Þess eru dæmi að ágangur refs sé svo mikill að hann hafi hreinlega rústað heilu vörpunum. Þegar svo háttar til sitja bændur uppi með fjárhagslegt tjón sem ekki fæst bætt, þeir verða bara að bíta í þetta súra epli. Eins og ekki síður er oft um tilfinningatjón að ræða, kraftaverk þarf til að kollur snúi á ný í varp sem vargur hefur farið ránshendi um. Refurinn sækir í sig veðrið og hefur sem dæmi gert sig heimkominn á láglendi í Skagafirði, svæði þar sem hann sást á árum áður ekki.

/MÞÞ/HKr.



**Æðarkolla með blikanum sínum. Afkoma þessara nytjafugla hefur verið nokkuð misjöfn eftir landsvæðum á þessu sumri, en í heildina er staðan víðast hvar mun betri en á síðasta ári.**
Mynd / Sigurður Ingi Friðriksson.

Hraun í Fljótum:

## Fór betur en á horfðist

### – útlitið var alls ekki gott, segir Björk Pétursdóttir

**Björk Pétursdóttir á Hraunum í Fljótum segir veðrið hafa sett strik í reikninginn og fyrir vikið hafi varpið verið seinna á ferð en í meðalári. Snjór var yfir öllu frá því í kringum 20. apríl og fram í miðjan maí, en eftir það tók við kuldatíð.**

„Það er eins og kollurnar geti beðið með að verpa, hér fór varp ekki almennilega í gang fyrr en í kringum 20. maí, sem er um tíu dögum seinna en vani er. Það má segja að ekki hafi komið bati í þetta og kollur ekki farið að setjast upp fyrr en seint í maí," segir Björk.



**Björk Pétursdóttir.** Mynd / HKr.

*Í slöku meðallagi í Fljótum*

Útlitið hafi því alls ekki verið gott, en miðað við væntingar megi segja að sæmilega hafi til tekist, „það má orða það svo að þetta sé í slöku meðallagi. Heldur minna en vant er, en þó nokkuð gott miðað við það sem við héldum að yrði úr, þetta gekk betur en á horfðist, því satt best að segja leist mér ekkert á útlitið á tímabili," segir Björk.

Búið er að þurrka dún og grófhreinsa, fínhreinsun og vigtun er ekki lokið. Aðstaða til þurrkunar og hreinsunar á Hraunum er með besta móti en nægt heitt vatn er á staðnum.

/MÞÞ

Reykhólahreppur:

## Dæmi um að vargurinn leggi æðarvarp í rúst

**„Það var kalt hér framan af vori og varpið var því heldur seinna á ferðinni en vant er," segir Eiríkur Snæbjörnsson, æðarbóndi á Stað í Reykhólahreppi.**

Nýliðin varptíð einkenndist af baráttu við varg líkt og oft áður, en Eiríkur segir að á sínum slóðum séu það einkum refur og örn sem geri æðarbændum lífið leitt. Mikið sé um hvoru tveggja og dæmi um mikla eyðileggingu af þeirra völdum.

„Verstu dæmin sem við höfum hér af svæðinu eru að æðarvarp hafi gjörsamlega verið lagt í rúst og það er alveg afleitt. Þetta er svolítið misjafnt milli svæða, en víða virðist vera mikið um ref, mér sýnist að honum fari fjölgandi og það sama má segja um erni, þeir eru mun fleiri en maður hefur áður séð.

Það er gríðarleg vinna við að verja varpið fyrir þessum ágangi og ekki annað til ráða en vera mikið á ferðinni í varpinu," segir Eiríkur.

/MÞÞ



**Eiríkur Snæbjörnsson.** Mynd / HKr.

Innri-Hjarðardalur í Önundarfirði:

## Ætli kollurnar hafi ekki lesið norsku veðurspána?

**Sólveig Bessa Magnúsdóttir, æðarbóndi í Innri-Hjarðardal í Önundarfirði, segir líkt og aðrir að varpið hafi verið mun seinna á ferðinni en í meðalári, þetta viku til 10 dögum, „ætli kollurnar hafi ekki lesið norsku langtímaveðurspána og frestað varpi vegna kuldatíðar," segir hún.**

Nú í ár var síðasta dúntekjuferð í varpið farin þegar komið var fram í júlí en vanalega er farið í endaðan júní. Sólveig Bessa segir kollur vel þola kulda, en kuldatíð var ríkjandi í maí og fram í júnímánuð. Hins vegar hafi aldrei verið blautt og það sé af hinu góða. „Ég hugsa að þegar upp er staðið verði dúntekja í meðallagi hjá okkur," segir hún.



**Sólveig Bessa Magnúsdóttir.**

*Öflugar tófuvarnir*

Lítið er um tófu í varpinu í Innri-Hjarðardal og þakkar Sólveig Bessa það öflugum vörnum og átaki í að halda henni í skefjum, varnir hafi skilað árangri í sínu varpi. Töluvert sé þó um tófu vestra.

*Gestir af skemmtiferðaskipum*

Farþegar á skemmtiferðaskipum koma gjarnan og skoða varpið og þykir mikið til koma. Sólveig Bessa segir að draumurinn sé að byggja upp góða aðstöðu fyrir ferðalanga, „en það er enn í bígerð, bara enn þá í kollinum á okkur, góðir hlutir gerast hægt," segir hún. Eitthvað sé þó búið að lagfæra aðgengi fyrir ferðafólk, sem til að mynda geta fylgst með forhreinsun á dún við góðar aðstæður.

/MÞÞ

Skagafjörður:

## Ref fjölgar gegndarlaust og gerir æðarbændum lífið leitt

**Sigurður Guðmundsson, formaður Æðarræktarfélags Skagafjarðar, segir öll kurl ekki komin til grafar með hvernig dúntekja ársins komi út, niðurstöður úr vigtun liggi ekki fyrir. Sýnist honum sem æðarbændur muni heldur minna upp úr krafsinu í ár en vanalega.**

„Mér virðist þetta vera í minna lagi. Menn hallast að því að veðrinu í vetur geti verið um að kenna, vetrarveðrið hefur verið fuglinum erfitt, það var mikið um óveður, rok og bleytu, sem gerir að verkum að fuglinn á erfitt með að finna æti og þar með að fita sig," segir Sigurður. Í vor hafi á hinn bóginn viðrað ágætlega í Skagafirði, ekki mikið rok og þurrkur allan varptímann.

*Fjárhagslegt og sálrænt tjón*

Sigurður segir ref hafa fjölgað mjög á svæðinu og sæki hann í auknum mæli niður á láglendið, en slíkt var óþekkt á árum áður.

„Okkur stóð engin ógn af refnum hér áður fyrr, en nú er annað upp á teningnum, hann er hér vaðandi um allt og gjarnan stórtækur í varpinu. Ég veit til þess að eitt varp hér í Skagafirði hefur algjörlega hrunið vegna þessa ágangs. Það er bæði fjárhagslegt tjón fyrir viðkomandi bændur sem engar bætur fá en ekki síður sálrænt.

Æðarvarp byggist upp á löngum tíma og kynslóð eftir kynslóð hefur sinnt því af kostgæfni. Það þarf kraftaverk til að kollan snúi aftur á slóðir, það er mjög erfitt að byggja upp að nýju."



**Sólveig Sigurðardóttir hlúir að einni kollunni í æðarvarpi föður síns.**

*Er að þurrka upp allt fuglalíf*

Sigurður segir að refagreni hafi verið í námunda við sitt varp í vor, karldýrið náðist fljótlega og kvendýrið og fjórir yrðlingar nokkru síðar. Það hafi bjargað sínu varpi. Að líkindum séu aðstæður í náttúrunni refnum hagstæðar og skýri fjölgun í stofninum, en eins hafi áherslur í tímans rás breyst þegar að refaveiðum kemur, menn hafi nú aðra sýn á þau mál en áður var.

„Ref fjölgar gegndarlaust, framboð á fæðu virðist vera með besta móti. Það er ekki bara að hann leggist á kollurnar, heldur sýnist mér hann vera að þurrka upp allt fuglalíf á stórum svæðum," segir Sigurður.

Hann segir að minkur hafi aðeins látið á sér kræla eftir lægð sem kom í stofninn í kjölfar veiki sem á hann herjaði fyrir fáum árum.

„Ég var að vona að þessi veiki myndi ganga frá honum, en því miður virðist hann á ný vera að sækja í sig veðrið."

/MÞÞ



Bjarki búinn að taka dúninn úr hreiðrinu, en auðvitað er passað upp á að skilja nægilega mikið eftir til að vel fari um eggin og kolluna. Myndir / VB

## Árneshreppur á Ströndum:

# Eitt versta vor um langt skeið

**Valgeir Benediktsson í Árnesi 2 í Árneshreppi hefur sinnt æðarvarpi í Árnesey um langt skeið og segir að liðið vor hafi verið eitt það versta sem hann man hvað veður varðar. Um miðjan maí hafi kólnað mikið, jafnvel komið kolvitlaust veður og ýmist rigning eða snjókoma og frost verið um nætur um alllangt skeið.**

Kollur hafi byrjað varpið um hálfum mánuði seinna en venja er til. „Það rættist þó úr þessu, manni leist ekki vel á útlitið um tíma, en það er enn ekki ljóst hvernig þetta kemur nákvæmlega út hjá okkur,“ segir Valgeir. „Það er alltaf slæmt þegar er mikil bleyta, það er slæmt fyrir kollurnar þegar undirlagið er blautt og við skiptum þá í hreiðrum og setjum hey undir, það er heilmikil vinna.“

Valgeir segir að sér þyki kollan hafa verið betur undir varpið búin en t.d. í fyrravor, sem gæti skýrst af því að hún væri í meira æti og því feitari. Eins væru fleiri egg í hreiðrum en var á liðnu ári.

### *Minkasíur bjarga miklu*

Varpið er sem fyrr segir úti í Árnesey og þangað sótti á árum áður minkur í nokkrum mæli, en hin síðari ár hefur minna sést af honum. Þakkar Valgeir það minkasíum sem settar hafa verið upp í landi og varna því að minkurinn syndi út í eyjuna. Sían er steypurör, keila er á öðrum endanum og vírnet hinum megin, en minkurinn villist inni í rörinu. „Hér var alltaf töluvert um mink, en sem betur fer erum við laus við hann að mestu núna. Okkar versti óvinur er veiðibjallan, hún getur verið ansi stórtæk,“ segir Valgeir. /MÞÞ



Kollunni þótti greinilega ekki slæmt að láta Gauta strjúka á sér bakið.



Hér er Ásta að laga til í einu hreiðrinu.



Arney stendur sig greinilega vel við dúnsöfnunina.



Garðar Stefánsson og Søren Rosenkilde stofnuðu Norður & co. og byrjuðu að framleiða saltflögur fyrir tveimur árum undir merkjum Norðursalts. Mynd / Baldur Kristjánsson

# Viðskiptamódelið snýst um heildarupplifunina

**Leiðir Garðars Stefánssonar og Søren Rosenkilde lágu saman í Árósum í Danmörku þar sem þeir stunduðu ólíkt nám en bjuggu á sama stúdentagarði og varð fljótt vel til vina. Með arkitektúr í aðra höndina og meistaragráðu í nýsköpunar- og markaðsfræðum með áherslu á upplifanir, stofnuðu þeir félagar Norður & co. fyrir þremur árum og hófu að framleiða saltflögur á Reykhólum í Reykhólahreppi undir merkjum Norðursalts.**

„Við byrjuðum þetta verkefni haustið 2012 en ég hafði áður verið einn af stofnendum Saltverks og skrifaði meistararitgerðina mína um möguleika á saltvinnslu á Íslandi í Árósum. Vegna breytinga á skipulagi í því fyrirtæki varð úr á ákveðnum tímapunkti að ég fór út úr þeim rekstri. Ég er með hagfræðimenntun frá Háskóla Íslands og fór til Danmerkur í framhaldsnám í nýsköpunar- og markaðsfræðum með áherslu á upplifanir. Þar kynntist ég Søren sem var í námi í arkitektúr. Í lokaverkefninu mínu átti að skila hugmynd og ég fann þá hvað ég hef í raun brjálæðislega mikinn áhuga á mat. Sjórinn er umkringdur Íslandi og ég skildi ekki af hverju ekki var framleitt salt hér, mér fannst það í raun liggja í augum uppi og Søren var tilbúinn að koma í þessa ferð með mér,“ útskýrir Garðar.

*Með í ferlinu frá upphafi*

Garðar og Søren hafa verið með í ferlinu alveg frá byrjun og komu meira að segja að mestu leyti að byggingu rúmlega 500 fermetra húsnæðis sem hýsir framleiðsluna á Reykhólum.

„Við fengum ekki mikið af opinberum styrkjum en fengum aðallega góða þjónustu hjá hinu opinbera og á ýmsum stöðum. Við náðum að útvega fjárfestingu í Danmörku og komum þessu þannig á koppinn. Við nýttum allt sem við áttum. Søren er arkitekt og hannaði húsnæðið, síðan byggðum við sjálfir og vorum með í þessu alla leið alveg frá því að steypa undirstöður yfir í lokahandtökin,“ segir Garðar og bætir við:

„Það má því segja að okkar DNA sé í þessu öllu og í öllu sem við gerum. Þannig getum við útskýrt hvert einasta smáatriði sem skiptir miklu máli þar sem við erum að hanna ákveðna upplifun. Við lögðum til dæmis mikið upp úr að hanna notendavænar umbúðir þannig að neytandinn kæmi höndunum sínum niður í umbúðirnar og þetta er bara einn þáttur sem ég nefni. Hvert einasta smáatriði er úthugsað og þegar maður hugsar til baka sér maður hversu mikil vinna er á bak við allt saman. En það skilar sér ótrúlega vel, við finnum það.“



Ingibjörg Smáradóttir, saltmeistari Norðursalts, gaumgæfir hér að saltflögurnar séu tilbúnar áður en hægt er að pakka þeim í neytendaumbúðir. Mynd / ehg





„Heildarupplifunin verður að vera til staðar,“ segir Garðar Stefánsson, annar eigenda fyrirtækisins, en útlit og notagildi umbúða var útpælt áður en varan fór á markað. Mynd / Addi ljósmyndari



Húsnæðið á Reykhólum, rúmlega 500 fermetrar að stærð, var reist rétt áður en framleiðslan hófst en eigendurnir komu að nánast öllum þáttum sem viðkom byggingunni. Mynd / Baldur Kristjánsson



Ottó Hlíðar Gunnarsson, sonur Ingibjargar saltmeistara, tekur hér saltið úr stóru pönnunni og yfir í kar til kælingar áður en því er pakkað. Mynd / ehg

*Förum langt á heildarsýninni*

Tilgangurinn með framleiðslunni er að breyta matarupplifun fólks þar sem framleidd er hágæðavara og framleiðsluferlið hefur sem minnst áhrif á nánasta umhverfi.

„Við viljum leggja upp úr bestu gæðum og að ná þessum píramída-flögustrúktúr þar sem við förum í heildarupplifunarpakkann, með pakkningum, framleiðsluaðferðum og hráefni. Það er heildarsýn í öllu sem við gerum. Við ætlum út í frekari vöruþróun og taka sjálfbæra hugtakið alla leið og eitt skref í því er að fá vottun hjá vottunarstofunni Tún sem við höfum nú fengið en með því og fleiri þáttum getum við hlaðið inn upplifunum eins og hægt er,“ útskýrir Garðar og segir jafnframt:

„Búnaðurinn hjá okkur er enn í þróun sem þýðir að við verðum á sumum tímapunktum að stoppa hann. Við erum einhvers staðar í hundruðum tonna í framleiðslunni en sjáum það betur í lok þessa árs hver heildarframleiðslan er. Við erum alltaf að reyna að auka gæðin enn meir og því getum við ekki keyrt á framleiðslunni án þess að stöðva hana af og til. Við höfum framleitt saltið í tæp tvö ár og enn eru alls kyns kvillar sem eru í gangi sem við þurfum að laga.“

*Bragðsölt og fiskisósa*

Søren stendur vaktina á söluskrifstofu fyrirtækisins í Danmörku sem er tengingin við markaði í Evrópu en Garðar stýrir

fyrirtækinu úr Reykjavík sem er nú með sjö starfsmenn í vinnu.

„Við erum að byggja upp markaðinn og allt sem við framleiðum selst þannig að við erum með mjög lítinn lager. Núna erum við í frekari vöruþróun og höfum til að mynda átt samstarf við lítið fjölskyldufyrirtæki sem heitir Urta Islandica en í samvinnu höfum við framleitt bragðsölt eins og til dæmis rabarbarasalt, lakkríssalt og bláberjasalt sem hefur verið mjög vel tekið,“ segir Garðar og nýjar framleiðsluvörur eru væntanlegar á markað:

„Á næsta ári kemur fisksósa á markað frá okkur, sem við vinnum með Arctic Sea Food, en hún er unnin úr makríl og salti. Sósan er unnin úr hreinum íslenskum hráefnum á sjálfbæran hátt og nefnist Norðurgarum sem er gamla heitið yfir þessa sósu sem á rætur að rekja til Miðjarðarhafsins. Við erum alltaf að hugsa hvað sé svæðisbundið hér á Íslandi og hvernig við getum aukið verðmæti af því sem við höfum hérna, það er, að finna þessi íslensku verðmæti með því að tengja saman heildarupplifun, sögu og framleiðsluaðferðir.“

*„Ótrúlegt ævintýri“*

Ingibjörg Smáradóttir, saltmeistari Norðursalts, er búsett á Reykhólum og hefur unnið hjá fyrirtækinu frá árinu 2013. Hún er fædd og uppalin á Borg í Reykhólasveit sem er steinsnar frá vinnustað hennar.

„Mér líkar þetta ágætlega en þetta er mikil viðvera sem fylgir þessu því við erum allan sólarhringinn með tvær pönnur í gangi, eða um nokkur hundruð kíló í vinnslu hverju sinni. Ég hjálpaði hér til við að þrífa fyrir opnunina þegar strákarnir öskuðu eftir manneskju í vinnu svo ég sló til,“ útskýrir Ingibjörg.

*Nýta affallsvatn frá Þörungaverksmiðjunni*

„Við dælum sjónum inn í suðutank og eimum hann þar. Í suðutankinum eykst svo seltan þangað til að pækillinn getur nánast haldið saltinu. Þá er hann fluttur á pönnur. Þegar saltið er búið að malla á pönnunum í sólarhring fer það í þurrk og þaðan í pökkun. Saltinu er svo pakkað í öskjur sem allar eru handbrotnar,“ segir Ingibjörg og bætir við:

„Við nýtum affallsvatn frá Þörungaverksmiðjunni sem er staðsett hér við hliðina á okkur en annars færi þetta heita vatn í sjóinn. Við ætlum að fara að nýta heita vatnið betur undir pönnurnar og það er á stefnuskrá að þriðja fyrirtækið gæti nýtt sér affallsvatnið á eftir okkur. Með því að nýta heita vatnið betur undir pönnurnar getum við einnig notað það á hagkvæmari hátt í þurrkun, þannig að gufan og hitinn nýtist betur við að þurrka saltið í dreninu en á þann hátt getum við flýtt fyrir þurrkinum og hraðað vinnslunni.“



**Leiðarstef Norður & co. er að hugsa um að framleiða íslenska matvöru þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.** Mynd / Baldur Kristjánsson

*Mikil tilraunastarfsemi*

„Þetta er í raun búið að vera ótrúlegt ævintýri en einnig mikið bras og margar tilraunir sem hafa verið gerðar hér til þess að fá réttu áferðina á saltinu. Það er ýmislegt sem getur haft áhrif eins og raka- og hitastig inni en einnig loftslagið úti,“ útskýrir Ingibjörg og segir jafnframt:

„Við erum alltaf að finna út eitthvað nýtt og það gerir vinnuna svo skemmtilega. Það er enginn með sömu græjur og við hérlendis þannig að segja má að við séum að finna upp hjólið.“ */ehg*


REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is

LELY ASTRONAUT A3

Til sölu mjög góður notaður og yfirfarinn
Lely Astronaut A3 mjaltaþjónn. Árgerð 2007

- Ný Atlas Copco SF4 loftpressa.
- Tölva, prentari og T4C hugbúnaður.
- 70 hálsbönd með QWES H hálskubbum með beiðslisgreiningu.
- Hefur alltaf verið á þjónustusamningi.
- Hentar líka sem mjaltaþjónn nr. 2 á sama bæ, (þá lægra verð án loftpressu, tölvu, prentara og CRS).
- Fyrst settur upp í nóvember 2007.
- Tilbúinn til afhendingar.




Verð kr. 12.200.000 án vsk.
Kominn heim á bæ með uppsetningu og byrjaður að mjólka
Allar nánari upplýsingar hjá Sverri í síma 896 2866

LELY

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000
AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



Til Sölu

M Benz 1835 LL árg 1997

Ekinn 700þ. Bíll í góðu standi, allur á lofti, vörulyfta, olíufyrring, 3 hurðir. Góður í hestaflutninga.

verð aðeins 1.990.000 + vsk

Uppl. í síma 892 1116





Bændablaðið
Næsta blað kemur út 23. júlí





KÄRCHER®

Ryksugur

Fyrir heimilið og vinnustaðinn




RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is
VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ






KORNAX
- Tilvalið í pizzugerðina -



Þorbjörg Oddgeirsdóttir við tölvuna sína í Bændahöllinni. Hún var tvítug þegar hún kom til starfa hjá Búreikningastofu landbúnaðarins árið 1968 en lét af störfum hjá Bændasamtökum Íslands um síðustu mánaðamót eftir 47 ára farsælan starfsferil. Mynd / HKr.

## Þorbjörg Oddgeirsdóttir:

# Hættir eftir 47 ára starf fyrir íslenska bændur

**Það eru sennilega ekki margir sem geta státað af því að eiga heila starfsævi að baki á sama vinnustaðnum en það getur Þorbjörg Oddgeirsdóttir, sem lauk störfum um síðustu mánaðamót hjá Bændasamtökunum eftir 47 ára starf.**

Tvítug að aldri hóf hún störf á Búreikningastofu landbúnaðarins þar sem hún starfaði þar til stofan var lögð niður árið 1990. Þá bauðst henni gjaldkerastaða hjá Búnaðarfélagi Íslands. Fimm árum síðar breyttist heiti þess í Bændasamtök Íslands og sinnti Þorbjörg gjaldkerastarfinu þar til 1. júlí síðastliðinn.

Þorbjörg er fædd í Ási við Kópasker, dóttir hjónanna Oddgeirs Péturssonar og Önnu Árnadóttur en hún ólst upp í hópi sjö systkina.

„Ás var læknisbústaður en þegar ég var á öðru ári flutti fjölskyldan á Vatnsenda á Melrakkasléttu sem er nýbýli út frá Oddsstöðum. Þar sinntu foreldrar mínir fjárbúi en rétt fyrir jólin árið 1957 flytjum við til Reykjavíkur. Það var erfitt í ári og pabbi var farinn í bakinu og veðurfar var erfitt, miklir snjóavetrar og allt á kafi í snjó svo það var löng leiðin inn á Kópasker. Pabbi var elsti sonurinn og því var ætlast til þess að hann yrði bóndi en allir þessir samverkandi þættir urðu til þess að foreldrar mínir fluttu suður og pabbi fékk vinnu í Reykjavík. Fyrst starfaði hann hjá Útflutningssjóði og síðan í fiskmjölsverksmiðjunni Kletti en síðustu árin var hann vaktmaður hjá Reykjavíkurborg,“ útskýrir Þorbjörg og aðspurð um hvort sveitastörfin hafi aldrei togað í hana svarar hún:

„Mér fannst alltaf yndislegt að vera í sveit en það sat aldrei í mér að verða bóndi sjálf. Við fórum oft í tjaldferðir með mömmu eftir að við fluttum suður og höfðum mjög gaman af því. Mamma var hörkukona og vann utan heimilis alla tíð. Hún vann á saumastofum og var mjög flink í höndunum. Ég var ung þegar ég fór að vinna með skóla, eða 14 ára gömul og stóð þá vaktina í Laugarásbíói. En ég hafði áhuga á tilbreytingu, að standa á eigin fótum og langaði að læra ritarastörf. Ég fór því til Edinborgar árið 1966. Ég fór aðra leið að því en flestir því ég fór í breska sendiráðið hér og fór utan sem au-pair en ákvað að nota þann tíma sem ég hafði á kvöldin til að fara í ritaraskóla. Þar lærði ég ensku, hraðritun, vélritun og bókhald.“



Hér sést Þorbjörg til hægri ásamt Valgerði Jónsdóttur við vinnu á gataspjöldunum í tölvudeildinni í kringum 1970.

### *Unnið með gataspjöld*

„Þegar ég kem heim frá Edinborg árið 1968 má segja að það sé lítil kreppa hér og það var ekki auðvelt að fá vinnu. Ég leysti af í mánuð sem ritari veðurstofustjóra og var síðan að leita að vinnu og sótti um allt sem ég sá en lítið gekk. Góð vinkona mín vann á Búreikningastofu landbúnaðarins og hún lét mig vita að það vantaði starfskraft í tölvuskráningu. Ég sótti um og fékk starfið. Við vorum tvær í götunardeildinni, við skráðum upplýsingar á löng gataspjöld. Það fyrsta sem við skráðum voru sauðfjárskýrslur og hrútaskýrslur

ásamt bókhaldi bænda," segir Þorbjörg og bætir við:

„Á þessum tíma var tölvuvæðing Búnaðarfélags Íslands að byrja. Ég var tvítug þegar ég kom hingað til starfa og var langyngst á vinnustaðnum. Af eldri starfsmönnum þótti það algjör firra að ráða inn tvær stelpur og koma með eitthvað tæki fyrir þær að vinna á. Þetta var hugarfarið í þá daga en Ketill A. Hannesson, yfirmaður búreikningastofunnar og Sveinn Hallgrímsson sauðfjárræktarráðunautur, sem við unnum náið með, voru mjög almennilegir alla tíð."

### *Móðurtölvan hjá Mjólkursamsölunni*

Á þessum árum voru um 40 starfsmenn í Bændahöllinni og segir Þorbjörg starfsemina hafa líkst umhverfinu sem er í dag með tilkomu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML).

„Ketill var sá sem forritaði allt en við þurftum að vinna allt í móðurtölvu úti í bæ sem var fyrst staðsett hjá IBM en lengst af hjá Mjólkursamsölunni við Laugaveg þar sem við vorum með aðstöðu. Við þurftum að fara með öll gataspjöldin þangað en síðan breyttist það og stór tölva kom með stórum floppídiskum á undan stóru pc-tölvunum," útskýrir Þorbjörg og segir jafnframt:

„Við vorum með aðstöðu á annarri hæðinni í Bændahöllinni þar sem jafnframt var kaffistofa fyrir starfsmenn eftir að Upplýsingaþjónusta ameríska hersins og bókasafn þeirra flutti út úr húsi. Við vorum hluti af tölvudeild fyrirtækisins. Þetta var öðruvísi þá því það voru tveir nautgripaoráðunautar, tveir sauðfjárræktarráðunautar og tveir jarðræktarráðunautar og því má segja að Búnaðarfélagið hafi verið meira eins og RML er í dag. Hér voru reiknaðar út jarðræktarskýrslur og hér var líka Vélasjóður sem var með skurðgröfumenn í vinnu úti um allt land og var í nánu samstarfi við ræktunarsamböndin."

### *Með viftureimar í skottinu*

Árið 1973 eignaðist Þorbjörg son sinn og fyrsta barn, Oddgeir Isaksen, sem er nú fornleifafræðingur hjá Minjastofnun. Þá var fæðingarorlofið einungis þrír mánuðir og þegar Þorbjörg kom aftur til vinnu fékk hún nýtt starfsheiti.

„Nú var ég orðin fulltrúi á Búreikningastofunnni, sem fulltrúi í búreikningum og gegndi því starfi þar til stofan var lögð niður. Ég eignaðist mitt annað barn árið 1977, Aðalheiði Gígju Isaksen, sem er lífefnafræðingur hjá Blóðbankanum í dag. Ég ætlaði að vera heimavinnandi en síðan var haft samband við mig og ég var beðin um að koma aftur tæpum tveimur árum seinna. Í millitíðinni skúraði ég hluta af Búnaðarfélaginu, eða aðra hæðina, þar sem tölvudeildin var svo ég hætti í raun aldrei."

„Sem fulltrúi fór ég ferðir og hitti bændur um allt land. Síðan voru upplýsingarnar skráðar á gataspjöld og menn fengu áramótayfirlit upp úr áramótum til að geta talið fram. Þetta var síðan gert upp í bókarformi og þannig fengu bændur búreikninginn. Fyrstu árin vann ég fyrir bændur í Borgarfirði og á Snæfellsnesi og var þá líka með Austurland. Síðar breyttist það og ég vann fyrir bændur á öllu Suðurlandi. Ég fór til allra sem voru með búreikninga, ég stoppaði mislengi á hverjum bæ. Ég þurfti að koma mönnum af stað ef eitthvað hafði komið upp á og menn dregist aftur úr í bókhaldinu. Ég var yfirleitt í 2–3 vikur í einu í þessum ferðum og fór oft tvær á sumri og líka í haustferð svo mitt sumarfrí var oftast í desember. Maður tengdist bændunum öðruvísi eftir að hafa hitt þá og sums staðar varð úr góður kunningsskapur og ég fékk gistingu hjá sumum sem ég




**Þorbjörg í gömlum, virðulegum sófa sem tilheyrði Búnaðarfélagi Íslands þegar hún hóf þar störf. Fyrir ofan sófann er skiltið sem vísaði á skrifstofur „Búnaðarfjelag Íslands".** Mynd / HKr.



**Systurnar Þorbjörg og Auður ungar að árum en Auður hefur sinnt starfi við símsvörun og skráningu hjá Bændasamtökunum frá árinu 2005 en tekur nú einnig við gjaldkerastarfinu af systur sinni.**



**Þorbjörg og Óttar höfðu verið vinnufélagar í nokkur ár í Bændahöllinni áður en þau felldu hugi saman árið 1984 og hafa staðið þétt við bak hvort annars síðan. Hér eru þau í góðu yfirlæti í Súlnasal Hótels Sögu.**

þekkti vel. Þarna fór ég inn og út um alla dali og á þessum tíma var ekki malbikað. Eftir því sem vegir löguðust styttist hver ferð um hátt í viku hjá mér því þá komst ég hraðar yfir. Ég hafði gaman af þessu og var ein að þvælast en alltaf með eina til tvær viftureimar í skottinu og tvö varadekk. Ég lenti í því að þurfa að skipta um dekk og viftureim og varð að bjarga mér sjálf en ég var sterk og hraust í þá daga og þetta gekk allt vel."

### *Ástin kviknar á göngum Bændahallarinnar*

Búreikningastofan var lögð niður upp úr 1990 og stofnuð var Hagþjónusta landbúnaðarins á Hvanneyri en Erna Bjarnadóttir var fyrsti framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

„Þá voru starfsmennirnir í raun settir á biðlaun, Pétur Hjálmsson og Jóhann Ólafsson, en Ketill var hagfræðiráðunautur Búnaðarfélagsins og hélt því starfi áfram. Ég hefði átt að fara á biðlaun líka en var þá boðin vinna sem gjaldkeri hjá Búnaðarfélaginu og hélt því áfram þegar Bændasamtökin voru stofnuð ásamt því að sjá um skjalasafnið. Þá reiknaði ég líka út laun afleysingafólks hjá Ráðningarþjónustu landbúnaðarins sem Eiríkur Helgason stýrði" útskýrir Þorbjörg og talið berst að Óttari Geirssyni, eiginmanni hennar til rúmlega 30 ára, sem starfaði lengst af sem jarðræktarráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands og síðar Bændasamtökunum.

„Óttar byrjaði að vinna hér upp úr 1970 og þá var ég gift mínum fyrri manni og hann var líka kvæntur en missti síðar konuna sína. Það var síðan ekki fyrr en um 1984 sem við fórum að stinga saman nefjum, við vorum búin að vinna saman hérna lengi og vorum ekkert að spá í hvort annað en svona vill nú verða. Þar sem Óttar átti einn 16 ára son varð til fimm manna fjölskylda þegar við fórum að búa saman. Þetta var mikil breyting á okkar högum en til góðs fyrir okkur öll. Í vinnunni gekk lífið sinn vanagang og breyttum við ekki framkomu okkar hvort við annað né við aðra vinnufélaga þótt við værum orðin par."

### *Gamlir karlar á flókaskóm*

Þorbjörg á margar góðar minningar úr Bændahöllinni og minnist þess þegar starfsferillinn var að byrja. Þá þótti hótelið eitt flottasta hótel landsins og oft mátti sjá þekkt andlit á Mímisbar og á Hádegisbarnum á Grillinu í þá daga.

„Það er nú svolítið fyndið að rifja það upp, þegar ég byrjaði að vinna hér átti Búnaðarfélagið einn jeppa og eina Volkswagen-bjöllu. Einn starfsmaður sem bjó á Álftanesinu var mest með bjölluna því hann bjó fyrir utan Reykjavík og þurfti að komast í vinnuna því þá þótti þetta óravegalengd en ráðunautarnir höfðu alltaf aðgang að jeppanum. Síðan var gerður samningur við starfsmenn í kringum 1970 að þeir myndu nota sína eigin bíla og akstursbækur samhliða því. Það þótti mikið út úr að vera hér vestur í bæ, þeir sem bjuggu í Reykjavík fengu til dæmis bílastyrk og sérkjör ef þeir unnu uppi á Keldnaholti. Nú gerist þetta aftur að fyrirtækið á bíla svo allt fer þetta í hringi," segir Þorbjörg brosandi og heldur áfram að rifja upp gamla tíma:

„Þegar ég byrjaði hjá Búnaðarfélaginu unnu hér nokkrir fullorðnir menn, um og yfir 70 ára gamlir, þeir gengu allir um á flókaskóm og því var aðsetur þeirra kallað Flókadeildin. Þeim fannst gott að vera í mjúkum inniskóm og voru fínir og duglegir karlar. Ég ræddi stundum við þessa menn sem reyndust mjög ungir í anda. Einn þeirra sagði mér þegar hann kom heim frá námi í útlöndum og réði sig til Búnaðarfélagsins. Þegar hann kvæntist hækkaði hann í launum því gert var ráð fyrir að konan hætti að vinna og yrði heimavinnandi. Þetta átti við um karlmenn sem unnu hjá opinberum stofnunum. Svona var hugsunin á vinnumarkaðinum þá. Kona gifti sig og varð þá að fara heim."

### *Sýndur mikill skilningur*

Þorbjörg kveður nú vinnustaðinn með vissum söknuði en er ákaflega þakklát fyrir þann tíma sem hún hefur átt í Bændahöllinni og fyrir þann skilning sem henni hefur verið sýndur í veikindum sem hún hefur glímt við í mörg ár.

„Mér hefur alltaf fundist þetta mjög góður vinnustaður en ég lenti í því að ganga ekki alveg heil til skógar og mér hefur verið sýndur mikill skilningur. Ég er með mjög slæma gigt sem hefur herjað á mig síðan ég var 29 ára gömul. Ég hef oft verið mjög illa haldin af henni og er til dæmis eini Íslendingurinn sem hefur farið í stofnfrumumeðferð til að reyna að ná bata. Ég var einkennalaus í rúm þrjú ár en ég fékk síðan flensu og þá byrjaði þetta allt aftur. Þannig að veikindin hafa fylgt mér ansi lengi en ég hef alltaf sinnt minni vinnu og hef síðastliðin 12 ár verið í 50 prósent starfi. Ég hef þurft að vera duglegur að fara í sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun til að halda mér gangandi. Þetta hefur gengið mjög vel, þá vill maður vinna sem best fyrir þá sem sýna manni skilning," útskýrir Þorbjörg og segir jafnframt:

„Ég er búin að vinna með ótrúlega mörgu og góðu fólki sem ég er afar þakklát fyrir. Við Óttar höfum alltaf verið virk, tekið þátt í því félagslífi sem hefur verið í gangi hverju sinni, hvort sem það snýr að starfsmannaskemmtunum eða til dæmis Búnaðarþingi. Við höfum haft það að leiðarljósi að mæta á slíkar uppákomur, vera með fólkinu og kynnast því. Það er skrýtið að koma ekki aftur eftir sumarfrí en lífið heldur áfram og nú er tími til að njóta þess hið ýtrasta sem ég mun og reyna að gera." /ehg





Hjónin Helga Hallgrímsdóttir og Hörður Snorrason í Hvammi. Myndir / HKr.

Hjónin í Hvammi í Eyjafjarðarsveit:

# Bjartsýn á framtíðarhorfur í mjólkurframleiðslunni

– þörf á langtíma stefnumótun fyrir greinina, segir Hörður Snorrason kúabóndi

**Hjónin Hörður Snorrason og Helga Hallgrímsdóttir reka ásamt fjölskyldu sinni myndarlegt og afar snyrtilegt kúabú í Hvammi í Eyjafirði. Þau eru bjartsýn á framtíð búsins í ljósi sívaxandi eftirspurnar eftir mjólk og mjólkurafurðum.**

Á Hvammi eru um 85 mjólkandi kýr, en í heild um 260–270 gripir á öllum aldri. Árið 2006 var tekið í notkun nýtt lausagöngufjós og nú í vor var eldra fjós, sem er 43 ára gömul bygging, endurbætt. Þar voru settir upp legubásar fyrir geldar kýr og kvígur. Í nýju byggingunni er hægt að fjölga mjólkurkúm til að auka framleiðsluna. Í fjósinu er mjaltabás með afkastamiklu Tandem mjaltakerfi sem tekur átta kýr í einu. Það tekur því mest um klukkutíma og þrjú korter fyrir heimilisfólkið að mjólka allar kýrnar.

### *Fjölga í 100 mjólkandi kýr fyrir árslok 2015*

„Við stefnum að því að vera komin með 100 mjólkandi kýr í lok þessa árs," segir Hörður. Hann segir að vissulega fylgi mjaltabásnum meiri viðvera miðað við mjaltaþjóna, en á móti komi minni kostnaður. Ef skipta ætti yfir í mjaltaþjóna segir hann að fjölga þyrfti kúnum í 120 til 130 og vera þá með tvo mjaltaþjóna. „Þetta er bara spurning um val. Þegar við byggðum nýja fjósið fyrir níu árum var það okkar val að hafa það með mjaltabás. Við töldum það skynsamlegri kost miðað við þann fjölda kúa sem við ætluðum að vera með. Við útilokum svo sem ekkert að það eigi eftir að breytast."



Sonurinn Snorri Páll Harðarson er menntaður húsasmiður en starfar nú sem vinnumaður í Hvammi við hlið foreldra sinna.

### *Horfurnar bjartar*

*– Hvað með horfurnar í mjólkurframleiðslunni?*

„Horfurnar eru bjartar eins og er, en kannski erfitt að ráða í framtíðina," sagði Hörður í samtali við Bændablaðið. „Við reynum að uppfylla þarfir markaðarins og munum leggja allt í til að standa undir því og anna eftirspurn."

*– Nú var kvóti settur á mjólkurframleiðsluna á sínum tíma til að takmarka framleiðsluna og á því byggist greiðslumarkið sem miðað er við í stuðningi við þessa grein. Með aukinni eftirspurn þar sem menn geta framleitt nær óheft er sá kvóti að segja má orðinn verðlaus. Sérðu fyrir þér að það verði tekin upp aftur stýring af svipuðum toga ef það reynist þörf á að draga úr framleiðslunni á komandi árum?*

„Já, ég sé fyrir mér að það þurfi að vera einhver tæki til að draga úr framleiðslunni komi til offramleiðslu. Þannig að við verðum ekki fyrir því að verðið stýri framboði og eftirspurn. Slíkt getur orðið hættulegt fyrir þá sem hafa skuldsett sig við uppbyggingu til lengri tíma. Ef verðið lækkar yrði erfitt fyrir marga að missa tekjurnar þar sem enginn



Hvammur er sannarlega myndarlegt býli og umlukið skógi sem Páll Snorrason, bróðir Harðar, á stærstan heiðurinn af að rækta upp. Skógurinn þekur nú hlíðarnar ofan við bæinn og telur mörg hundruð þúsund tré. Segist Páll reyndar hafa hætt að telja þegar hann var búinn að planta 400.000 trjáplöntum.



Helga Hallgrímsdóttir í mjaltabásnum í Hvammi og ekki eru allar kýrnar jafn þægar þótt þær komi sjálfviljugar í básinn. Því getur reynst nauðsynlegt að tjáðra slíka gripi meðan mjaltavélin sér um að tutla úr þeim mjólkina.



Hreinlætið er greinilega fyrir öllu hjá Hvammsbændum þegar mjólkað er og vinnuaðstaðan til að sinna því er mjög góð í mjaltabásnum.

styrkur er umfram greiðslumarkið. Það þarf því að finna einhverja leið til að stýra framleiðslunni. Ég hef svo sem ekki fundið þá lausn en bændur eru í dag að ræða þetta sín á milli.“

Hörður bendir á að í dag séu kúabændur hvattir til að framleiða meira og því hafi margir bændur farið þá leið að stækka búin og fjölga kúm með tilheyrandi skuldsetningu án þess að nokkur trygging sé á bak við það í formi greiðslumarks. Fyrir þessa bændur gæti staðan orðið mjög erfið ef skyndilega yrði tekin ákvörðun um að draga á ný úr framleiðslunni og þeir sætu uppi með lán vegna framleiðsluaukningarinnar sem áfram þarf að greiða af.

***Brýn þörf á langtíma stefnumótun***

„Ég er mjög bjartsýnn á horfurnar, allavega hvað varðar þá þætti sem við bændur getum stjórnað. Það er hins vegar alltaf þessi óvissa í loftinu sem snýr að pólitíkinni. Við þurfum að vita við hverju er að búast lengra fram í tímann en hægt er í dag. Fólk er að fjárfesta fyrir hundruð milljóna í búnaði sem að hluta kemur til út af kröfum hins opinbera um bættan aðbúnað. Því þurfum við öruggara rekstrarumhverfi til lengri tíma. Nú er búvörusamningur að renna út og fyrir næsta vor þurfa að liggja fyrir klárar línur varðandi nýjan samning. Þá þarf að lágmarki að marka stefnuna tíu ár fram í tímann miðað við allar þær fjárfestingar sem menn þurfa að leggja út í.“

***Auka má kjötframleiðsluna með markvissari fóðrun og uppeldi***

Hörður segir að kjötframleiðsla með íslenska nautgripastofninum sé engan veginn nægileg til að anna eftirspurn.

„Menn tala jafnvel um að þó við létum alla kálfa á Íslandi lifa og ala upp til kjötframleiðslu, þá dygði það ekki til. Auðvitað má samt auka framleiðsluna með bættri fóðrun, sérstaklega á mjólkurskeiði og fyrst eftir það og ala kálfana virkilega vel. Maður hefur séð það sjálfur að það er hægt að ná verulegri þyngdaraukningu á þessum tíma með mikilli fóðrun.“

*– Mun það skila sér fjárhagslega?*

„Það á eftir að koma í ljós. Það er stór tilraun í gangi úti á Möðruvöllum í Hörgárdal sem ætti að gefa okkur einhverja niðurstöðu. Það verður fróðlegt að sjá þegar niðurstöður fara að berast úr því hvernig það eldi kemur út.

Með hraðari þyngdaraukningu er verið að stytta líftíma gripanna fyrir slátrun. Þannig ættu menn að geta náð meiri veltu og fleiri gripi í gegnum sama húsið á styttri tíma. Það er í raun það sama og menn byggja á í svínaeldinu með því að ná hraðari afsetningu í gegnum húsin.

Við höfum kannski verið allt að tvö ár að ala naut upp í sláturstærð, en hugsanlega komum við því niður í eitt og hálft ár með aukinni fóðrun. Ég hef sjálfur verið að bæta fóðrun þessara gripa hjá mér og mér finnst það alveg skila sér í hraðari þyngdaraukningu.“

***Erfðaefnisinnflutningur viðkvæmt mál***

*– Nú lagði landbúnaðarráðherra fram frumvarp sem samþykkt var á Alþingi nú í júní með 46 atkvæðum gegn 7 og heimilar innflutning erfðaefnis til að endurnýja holdanautgripastofn landsmanna. Hvernig líst þér á þau áform?*

„Það eru blendnar tilfinningar í því. Það var vissulega flutt hér inn á árum áður svo fordæmin eru fyrir hendi. Þetta snýr líka að þessum íslenska kúastofni. Með innflutningi á erfðaefni í holdagripi, þá ætla menn væntanlega að fara sömu leið varðandi mjólkurkýrnar. Þar er verið að skapa fordæmi. Ég held að málið snúist mikið um það.“

***Brýn þörf talin á endurbótum á holdagripastofninum***

Flestir virðast sammála um að holdanautastofninn sem hér er sé erfðafræðilega of einsleitur. Því þurfi nýtt utanaðkomandi erfðaefni til að stofninn úrkynjist ekki.

Að uppruna á hann ættir að rekja til bolakálfs sem hlaut nafnið Brjánn og kom undan Galloway kú og nauti sem flutt voru frá Skotlandi 1933 og voru í einangrun í Þerney. Þetta var jafnframt fyrsti hreinræktaði Galloway gripurinn sem fæðst hefur hér á landi, en foreldrarnir voru felldir vegna sjúkdómsins hringskyrfi sem er smitandi húðsjúkdómur. Frá 1977 fór að koma inn í holdanautgriparæktunina blöndun frá gripum af Galloway, Aberdeen Angus og Limousine stofnum sem aldir voru upp í einangrunarstöðinni í Hrísey. Augljóst er að ræktun þess holdanautgripastofns sem hér er hefur tekið langan tíma, en mjög skiptar skoðanir eru um með hvaða hætti flytja eigi erfðaefni til landsins til að hressa upp á stofninn.

Forystumenn Landssambands kúabænda hafa mjög horft á hagkvæmnissjónarmið í því efni og vilja innflutning á sæði sem flýtt getur ferlinu. Hafa menn m.a. þar bent á svínaræktina máli sínu til stuðnings. Sem málamiðlun hafa verið tillögur um að einungis verði heimilaður innflutningur fósturvísa sem síðan yrði ræktað út frá í lokuðu umhverfi t.d. á tilraunabúinu að Stóra-Ármóti á Suðurlandi. Slíkt tæki vissulega lengri tíma, en fjölmargir þekktir sérfræðingar, dýralæknar og fleiri hafa stutt þá leið, en varað um leið við óheftum innflutningi á sæði vegna sjúkdómahættu.

***Snýst í raun um að verja íslenska kúakynið***

Hörður segir að þetta mál snúist í raun um hvort menn vilji verja íslenska kúakynið. Því skipti máli hvernig staðið verði að innflutningi á erfðaefni fyrir holdanautgripi. Innflutningur á sæði geti t.d. hæglega skapað fordæmi sem erfitt geti orðið að andmæla þegar komi að kröfu um að kynbæta íslenska mjólkurkúastofninn og rækta hér upp t.d. norskar kýr af NRF stofni.

„Ég held að við getum bætt ýmislegt í ræktun okkar gripa. Sérstaklega í uppeldinu og fóðrun, allt frá smákálfum og að burði. Ég held að margir eigi þar ýmsa möguleika til að bæta uppeldið til að fá meiri afurðir út úr gripunum.

Eftir að þessi aukna eftirspurn varð eftir mjólk þá eru menn farnir að fóðra gripina með kraftmeira fóðri. Passa upp á að eiga betra gróffóður og gefa meira kjarnfóður. Það er að skila sér í auknum afurðum. Þegar menn þurftu að draga úr framleiðslunni hér á árum áður þá drógu menn úr fóðrun og við það datt meðalnytin niður.“

***Töldu íslenska kynið gefa meira af sér miðað við fóður***

„Ég minnist þess að til mín kom 14 manna hópur fóðurfræðinga á vegum Bústólpa sem fóru hér á fjóra bæi. Þeirra útreikningar sýndu að íslensku kýrnar voru að gefa okkur meira en erlent kúakyn miðað við það fóður sem þurfti til að framleiða hvern lítra af mjólk. Þeirra niðurstaða var sú að íslenska kúakynið gæfi meira af sér miðað við það fóður sem við erum sjálf að framleiða. Með stærri gripum af öðru kyni myndi mjólkurframleiðslan byggjast á meiri gjöf á innfluttu kjarnfóðri og í heild meiri fóðrun með tilheyrandi kostnaði,“ segir Hörður. */HKr.*

# Ábyrgð Íslendinga er mikil

**Inn í umræðuna um verndun á íslenska kúakyninu spilar alþjóðleg skylda sem hvílir á Íslendingum um verndun íslenska kúastofnsins. *Áætlaður fjöldi nautgripa hér á landi er um 70 þúsund en þar af eru íslenskar mjólkurkýr um 25–27 þúsund. Íslenski kúastofninn er um margt talinn einstakur á heimsvísu og á honum bera Íslendingar einir alla ábyrgð.***



Til samanburðar er nú hart barist fyrir verndun fíla í Afríku og Asíu sem taldir eru í bráðri útrýmingarhættu. Tölur um fíla hafa vissulega verið á reiki, en talið er að fyrir um 70 árum hafi verið á bilinu 3–5 milljónir fíla í mörgum löndum Afríku, en að þeir séu nú vart fleiri en 500 þúsund. Drepnir eru tugir þúsunda Afríku-fíla á hverju ári vegna verðmætra skögultannanna sem ganga kaupum og sölum á svörtum mörkuðum. Í þessu samhengi má sannarlega segja að íslenska kýrin sé í bráðri útrýmingarhættu, þó í dag sé vel hugsað um eldi hennar og viðgang stofnsins af bændum landsins.

Ótti þeirra sem harðast vilja ganga fram í verndun íslenska kúastofnsins er að með innflutningi á erfðaefni úr erlendum mjólkurkúakynjum muni efnahagslegi ávinningurinn mögulega fækka hratt í þeim hópi bænda sem haldi sig áfram við ræktun á íslenska stofninum. Þar með yrði fljótlega erfitt að halda í erfðafjölbreytileika stofnsins. Telja menn því að skjótt færi t.d. að sjá á litafjölbreytninni í stofninum sem þykir einstök í kúakyni á heimsvísu.

***Varla hægt að varpa allri ábyrgðinni yfir á bændur***

Málið er því engan veginn einfalt. Það hlýtur að verða að gera kröfu um skýra stefnu frá stjórnvöldum og áætlanir um hvernig eigi að tryggja verndun stofnsins. Siðferðislega er varla hægt að varpa allri þeirri ábyrgð alfarið yfir á bændur. Miklar og heitar tilfinningar eru líka í gangi um málið og skiptar skoðanir, ekki síst meðal kúabænda sjálfra.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com





# Litförótt hross á uppleið

## – mikill áhugi erlendis á hinu sjaldséða litmynstri í íslenskum hrossum

**Litförótt litmynstur er líklega fágætasta afbrigðið í litaflóru íslenskra hrossa, en hefur átt undir högg að sækja innanlands. Erlendis virðist þó vera áhugi fyrir litföróttum hrossum því slík hross seljast auðveldlega úr landi.**

„Hvers vegna ættum við ekki að halda upp á sérkennilegt, fagurt, tilbreytingaríkt og sjaldgæft fyrirbæri í hrossastofninum okkar, stofni sem þúsundir manna dá og dýrka og verið hefur hreinn og óblandaður í 1100 ár, ef við vitum að það stendur höllum fæti?“ spyr Páll Imsland, jarðfræðingur og sérfræðingur um litförótt hross, aðspurður um ástæður fyrir því að viðhalda þessu fyrirbæri í stofninum. Hann segir mörg rök hníga að því að viðhalda þessu sérstaka litmynstri í íslenska hrossastofninum.

„Fyrirbærið er líffræðilega merkilegt. Það er fagurt að margra mati og prýði á stofninum. Fyrirbærið er augnayndi og spilar á geðhrif manna. Það er sjaldgæft í flestum vestrænum hrossakynjum, og ekki til í mörgum þeirra. Það er liður í erfðaauðlegð íslenska hrossastofnsins. Það er fjárhagslega jákvætt. Þá er þetta fyrirbæri hluti af menningarerfð okkar og hefur alltaf verið hér í hrossum, frá fyrstu tíð. Að tapa því úr stofninum er menningarslys, Íslandssögulegt slys og líffræðilegt slys.“

### *Fallvölt staða*

Feldur litföróttra hrossa hefur tvær mislitar háragerðir; dökk vindhár, t.d. brún, rauð eða mósótt, og svo hvít undirhár. Hrossið endurnýjar feldinn hár eftir ákveðnu mynstri þannig að stundum er hvíti feldurinn áberandi og stundum dökki feldurinn. Þannig skipta hrossin sífellt árstíðabundið um lit. Sitt sýnist hverjum um fegurð litmynstursins, en eitt er þó víst, litafjölbreytni er eitt af megineinkennum íslenska hrossastofnsins.

Árið 1995 voru ekki nema um 50 frjó litförótt hross í landinu. Hrossin voru staðsett hjá örfáum bændum og á fáum árum hættu nokkrir þeirra búskap. Stefndi í algera útrýmingu gensins úr stofninum hér innanlands. Fyrir tilstilli og þrautseigju áhugamanna um litamynstrið var komið í veg fyrir það.

Í dag er áætlað að rúm 1.385 litförótt íslensk hross séu lifandi í heiminum, innan við helmingur þeirra á Íslandi eða 521 samkvæmt WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins Áætlað er að um 250 hryssur á folaldseignaaldri séu hér innanlands auk nokkurra yngri hryssna og um 20 ógeltir folar. Staða litmynstursins er þó fallvölt. Almennt virðist meiri áhugi vera fyrir litföróttu litmynstri erlendis en hér heima því bestu litföróttu hrossin hafa jafnan verið seld úr landi. Einnig seljast litförótt folöld gjarnan út. Auk þess koma fleiri litförótt hross til dóms í Evrópu en á Íslandi.

### *Styrkveitingar og verðlaun*

Árið 1999 hét Fagráð í hrossarækt einni milljón króna til styrkingar litförótts í stofninum. Þrír fyrstu stóðhestar til að ná tilskildum lágmörkum inn á landsmót skyldu hljóta 300 þúsund krónur hver í verðlaun, og restina af upphæðinni, 100 þúsund krónur, skyldi nota til þess að greiða niður sýningargjöld á litföróttum hrossum. Aðeins





**Loki frá Böðvarshólum er brúnlitföróttur sokkóttur stóðhestur. Hér er hann í hvítum ham.**

hefur einn stóðhestur, Gjafar frá Eyrarbakka, hlotið þessi verðlaun. Enn bíður því fjármagn fyrir eigendur vænlegra litföróttra fola. Síðan þessari fjárhæð var heitið hafa nokkrar litföróttar hryssur komið til dóms hér á landi og notið góðs af niðurgreiðslu sýningargjalda.

Þá hefur verið komið á fót tveimur farandbikurum sem hugsaðar eru sem hvati til eigenda litföróttra hrossa til þess að temja, sýna þau og rækta fram. Í Þýskalandi veita aðstandendur tímaritsins IslandpferdeZucht farandbikar, því litförótta hrossi, sem hæstan kynbótadóm hlýtur á meginlandi Evrópu. Litfari vom Röschbacherhof hlaut þann grip fyrir sýningarárið 2014 en hann hlaut 8,19 í aðaleinkunn, 7,85 fyrir sköpulag og 8,42 fyrir kosti. Sambærilegum verðlaunagrip, í nafni JötunnVéla á Selfossi, var komið á fót hér á landi árið 2013, en bikarinn fer til þeirrar litföróttu hryssu sem hæstan kynbótadóm hlýtur ár hvert. Bikarinn í fyrra hlaut hryssan Maja frá Búðardal, en hún hlaut hæst 8,27 í aðaleinkunn árið 2014, 8,08 fyrir sköpulag og 8,39 fyrir kosti.

### *Uppgangur í ræktun*

Endurnýjun og viðhald litföróttra hrossa veltur á notkun þeirra í ræktunarstarfi. Um tuttugu litföróttir graðfolar eru staðsettir á Íslandi. Ber einna mest á Mola frá Hömluholti, en eigendafélag hans er ötult við að koma ungfolanum á framfæri. Ekki er nema von, Moli ber hæst kynbótamat litföróttra graðfola á undaneldisaldri hér á landi, 110 stig. Hann hefur hlotið verðlaun á ungfolasýningu. Hér er því um vonarstjörnu að ræða. Páll er einn eigenda Mola, sem eru fimm talsins og kalla þeir sig Molafélagið.

„Moli er með tíu hryssur hjá sér núna. Komin eru öll folöld undan honum sem fæðast í sumar og eru falleg. Ekki er vitað hve mörg eru litförótt, þar sem það sést ekki á folöldunum svo óyggjandi fyrr en síðsumars, þegar þau ganga úr fæðingarsnoðinu,“ segir Páll. Moli er bleikblesóttur litföróttur. Hann er arfblendinn um litföróttar erfðir og því eru helmingslíkur á því í hvert sinn sem hann fyljar að afkvæmið verði litförótt. Um Mola og litförótt hross má lesa meira á heimasíðunni litfari.is.

### *Fyrirspurnir frá útlöndum*

Heimir Logi Gunnarsson er eigandi Loka frá Böðvarshólum, sem er fimm vetra brúnlitföróttur sokkóttur stóðhestur. Hann segir að af hálfgerðri tilviljun taki hann þátt í því hugsjónastarfi að viðhalda litmynstrinu. Hann eignaðist skjótta litförótta hryssu en Loki er undan henni og fyrstu verðlauna stóðhestinum Gammi frá Steinnesi.

„Litaflóran í öllum íslenska búsmalanum er dýrmæt. Hlutfall litföróttra hrossa í stofninum er minna en 1% og hlutfallið er að sjálfsögðu enn minna af skjóttum litföróttum hrossum, sem er það sem ég er að eltast við.“ Þess má geta að hross sem er bæði skjótt og litförótt er þess eðlis að það gefur alltaf frá sér annaðhvort skjóttan lit eða litföróttan, og því eru litlar sem engar líkur á einlitu undan þeim. Því eru þau sérstaklega heppileg fyrir þá sem vilja síður einlit hross.

Þótt liturinn sé óalgengur segir Heimir Logi litla ásókn vera í að halda undir Loka.

„Ég hef ekkert auglýst hann. Það er fyrst núna sem verið er að halda honum í þeim tilgangi að koma folöldum á legg.“ Heimir segist þó hafa fengið fyrirspurnir um folann frá áhugasömum erlendum hestamönnum.

„Ég hef þó ekki verið tilbúinn að sleppa honum úr landi strax,“ segir Heimir en stefnt er á að sýna Loka á kynbótasýningu á næsta ári.





Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir leggur Sif frá Syðstu-Fossum á glæsilegan skeiðsprett en þær sigruðu A-flokk gæðinga. Mynd / Jón Björnsson

# Frábært fjórðungsmót

## – vel heppnuð hátíð hestamanna á Austurlandi

**Fjórðungsmót Austurlands var haldið á Stekkhólma dagana 2.–5. júlí síðastliðinn. Kringum 200 hross komu þar fram í keppni og kynbótasýningum. Mótsgestir komu hvaðanæva að af landinu.**

Um 600–700 manns voru viðstödd Fjórðungsmót íslenska hestsins á Austurlandi. Framkvæmd mótsins var í höndum hestamannafélagsins Freyfaxa en um 70 sjálfboðaliðar lögðu sitt af mörkum á hátíðinni.

### *Bergur og Katla hlutskörpust í töltkeppni*

Háð var töltkeppni 18 keppnispara og urðu Bergur Jónsson og Katla frá Ketilsstöðum hlutskörpust með einkunnina 8,11. Bergi var jafnframt veitt viðurkenning fyrir framúrskarandi reiðmennsku við mótslok. Vilborg Smáradóttir á Þoku frá Þjóðólfshaga I fór með sigur af hólmi í töltkeppni áhugamanna, Fanndís Viðarsdóttir á Væntingu frá Hrafnagili í ungmennaflokki, Kristín Ellý Sigmarsdóttir á Sigurbjörgu frá Björgum í unglingaflokki og Kristján Árni Birgisson á Sjéns frá Bringu í barnaflokki.

### *Sif frá Syðstu-Fossum sigraði í gæðingakeppni*

Keppt var í gæðingakeppni og sigraði Sif frá Syðstu-Fossum A-flokk gæðinga. Knapi Sifjar er Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir. Klerkur frá Bjarnanesi og Kári Steinsson sigruðu B-flokk gæðinga. Gæðingakeppnin var æsispennandi og munaði aðeins brotabroti á efstu keppendum.

Yngri knapar öttu kappi í gæðingakeppni. Fyrrnefnd Fanndís Viðarsdóttir á Væntingu frá Hrafnagili sigraði í ungmennaflokki, Agnar Ingi Rúnarsson á Siglu frá Gunnarsstöðum í unglingaflokki og Kristján Árni Birgisson á Sjéns frá Bringu fóru mikinn og tryggðu sér annan bikar í barnaflokki. Kristján Árni hlaut FT-fjöðrina, viðurkenningu fyrir fallega reiðmennsku, frábært samspil, lipurð og léttleika við mótslok.

Þá var Guðmundur Þorleifsson heiðraður fyrir ævistarf sitt í þágu hestamannafélagins Freyfaxa en hann hefur verið viðloðandi hestamannafélagið síðan um miðja síðustu öld.

### *Höskuldur Jónsson sigraði á Gleði í 100 metra flugskeiði*

Höskuldur Jónsson á Gleði frá Sámsstöðum sigraði í keppni í 100 metra flugskeiðið en þau þutu út brautina á Stekkhólma á 8,22 sekúndum. Keppnin þótti almennt spennandi en allar niðurstöður og úrslit má nálgast á heimasíðu hestamannafélagsins Freyfaxa.

Þá hlutu rúm 30 hross kynbótadóm á mótinu. Edda frá Egilsstaðabæ hlaut hæstu aðaleinkunn þeirra, 8,55. Hún hlaut 8,14 fyrir sköpulag og 8,83 fyrir kosti. Edda er 7 vetra undan Gaum frá Auðsholtshjáleigu og Yrju frá Skálmholti. Hún hlaut m.a. einkunnina 9,5 fyrir vilja og geðslag og 9 fyrir tölt, brokk og fegurð í reið. Sýnandi hennar var Guðmundur Björgvinsson.

Næsthæstu einkunn hlaut Bylgja frá Sauðárkróki, 8,47. Hún hlaut 7,93 fyrir sköpulag og 8,83 fyrir kosti. Bylgja er 6 vetra undan Blæ frá Hesti og Glóblesu frá Skelfisstöðum. Hún hlaut m.a. einkunnina 9 fyrir tölt, skeið, vilja og geðslag og fegurð í reið. Sýnandi Bylgju var Tryggvi Björnsson.

### *Endurskoða þarf heildarstefnu hestamannamóta*

„Endurskoðunar er þörf í heildarstefnu hestamannamóta á Íslandi. Það þarf að gæta þess að mót hafi ekki neikvæð áhrif á hvað annað, því við megum ekki við því. Það þarf að endurskoða dagsetningar á Íslands- og Fjórðungsmótum þau ár sem heimsmeistaramót eru haldin. Þannig fundum við fyrir því að knapar sáu sér ekki fært að fara á Fjórðungsmót vegna Íslandsmótsins sem byrjar nokkrum dögum síðar," segir Bjarki Sigurbjartsson, formaður hestamannafélagsins Freyfaxa. /GHP

# Mynd komin á landsliðið

**Landslið Íslands í hestaíþróttum er að taka á sig mynd fyrir heimsmeistaramótið sem haldið verður í Herning í Danmörku dagana 3.–9. ágúst næstkomandi.**

Fimm knapar tryggðu sér sæti í liðinu í gegnum úrtökumót í júní; Reynir Örn Pálmason á Greifa frá Holtsmúla, urðu efstir í fimmgangi (F1), Guðmundur Björgvinsson á Hrímni frá Ósi sem sigraði í fjórgangi (V1), Sigurður Sigurðarson og Arna frá Skipaskaga urðu efst í tölti (T1), Gústaf Ásgeir Hinriksson og Geisli frá Svanavatni unnu fimmgang (F1) ungmenna og Guðmunda Ellen Sigurðardóttir og Týr frá Skálatjörn, sem urðu efst í fjórgangi (V1) ungmenna.

Einnig hefur Páll Bragi Hólmarsson liðsstjóri valið Eyjólf Þorsteinsson á Oliver frá Kvistum í hópinn, en þeir félagar hafa verið að gera það gott á mótum í Svíþjóð núna í vor. Ríkjandi heimsmeistarar, þeir Jóhann R. Skúlason, Bergþór Eggertsson og hinn ungi Konráð Valur Sveinsson, eru einnig með keppnisrétt á mótinu til að verja sína titla. Enn eiga eftir að veljast sex íþróttaknapar í liðið, þrír fullorðnir og þrjú ungmenni, ásamt sex kynbótahestum sem munu koma fram fyrir Íslands hönd.

Þá hafa þjálfarar landsliðsins verið kynntir, en þau Þórarinn Eymundsson, Elvar Einarsson og Hugrún Jóhannsdóttir verða liðsstjóranum, Páli Braga, til halds og trausts. /GHP




**Fallegt og vel við haldið 161,8 fm einbýli með bílskúr á fallegum útsýnisstað við Fjarðarveg, Þórshöfn Langanesi**

Forstofa og hol sem er opið inn í eldhús og bjarta stofu. Til hægri er stórt eldhús með upprunalegri innréttingu og búri. Úr holi er svo komið inn á gang þar sem er bað og þrjú herbergi. Parket er á gólfum hússins nema forstofu, baði og þvottahúsi. Þvottahús með útgengi út í bakgarð og góð geymsla. Búið er að skipta um stóran hluta af gleri í húsinu.

Einangrað geymsluloft er yfir öllu húsinu.
Húsið og bílskúr var klætt að utan árið 2007 með álklæðningu.

Bílskúr er frístandandi með innkeyrslu og inngöngudyrum.
Máluð gólf, rafmagn og kalt vatn.

Frekari upplýsingar veitir Kristín Sigurey löggiltur fasteignasali
sími 820-8101 eða kristin@101.is

**Verð -19 millj**

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 2909 • www.101.is • 101@101.is
Kristín Sigurey Sigurðardóttir - löggiltur fasteignasali

Mikil sala, vantar allar gerðir eigna á skrá



www.n1.is facebook.com/enneinn

ÍSLENSKA SIA.IS ENN 73720 03/15




**N1 er umboðsaðili Cultor landbúnaðardekkja á Íslandi. Cultor er undirmerki frá Mitas sem er einn stærsti framleiðandi landbúnaðar- og iðnaðardekkja í heiminum. Hagkvæmari kostur í dekkjum fyrir landbúnaðinn.**



Mitas
Cultor

Bílaþjónusta N1
Sími 440-1120

Hluti af sveitastörfunum

N1



Guðmundur segir góðan starfsanda á Búgarði sem lengstum á 45 ára starfsferli hefur verið hans vinnustaður. Hér er hann við skrifborð sitt. Mynd / MÞÞ

## Guðmundur Steindórsson ráðunautur lætur af störfum:

# Miklar framfarir og greinilegt að kynbótastarfið skilar árangri

**Guðmundur Páll Steindórsson, sem starfað hefur sem ráðunautur undanfarin 45 ár, lét af störfum um nýliðin mánaðamót.**

Starfssvæðið hefur lengst af verið í Eyjafirði og einkum og sér í lagi hefur Guðmundur ráðlagt nautgripabændum. Guðmundur lauk búfræðiprófi frá Bændaskólanum á Hvanneyri árið 1966 og búfræðikandidatsnámi árið 1970. Það sama ár kom hann til starfa fyrir norðan. Hann er fæddur og uppalinn í Þríhyrningi í Hörgárdal og þykir afar vænt um þá sveit. Guðmundur hefur á starfsævi sinni upplifað miklar breytingar í nautgriparæktinni, kúabúum hefur fækkað umtalsvert, en þau að sama skapi stækkað og þá hefur meðalnyt aukist verulega á þessum tíma.

### *Þríhyrningur í 117 ár*

Fjölskylda Guðmundar hefur átt og stundað búskap í Þríhyrningi í 117 ár samfleytt. Afi hans og amma í föðurætt, Guðmundur Jónsson og Pálína Pálsdóttir, keyptu jörðina árið 1898 af Gudmannsminde, sem þá var spítali á Akureyri. Foreldrar hans, Steindór og Helga Þórðardóttir, tóku við búrekstri árið 1938. Þá tóku bræður hans við, fyrst Haukur og síðar gekk Þórður til liðs við hann, en þegar þeir brugðu búi árið 2007 tók Sigríður, dóttir Guðmundar, og hennar maður, Ingólfur Valdimarsson, við rekstrinum. Lengst af var búskapurinn blandaður, en hin síðari ár hefur þar verið kúabú. Nú er líklegt að þessi tími sé á enda runninn því jörðin hefur nýlega verið auglýst til sölu.



Fjósið í Lundi, glugginn efst á miðri mynd er á skrifstofu ráðunauts.

Eiginkona Guðmundar er Svanhildur Axelsdóttir frá Bakkakoti í Stafholtstungum. Þau kynntust þegar bæði voru við nám í Borgarfirði, hún á Varmalandi og hann á Hvanneyri. Guðmundur og Svanhildur eiga þrjú börn.

### *Í farskóla*

Guðmundur minnist þess að hafa á æskuárum sínum stundað nám við farskóla sem starfræktur var í sveitinni, en Þelamerkurskóli, grunnskóli sveitarfélagsins, var þá ekki tekinn til starfa. Skólanum var komið fyrir á bæjunum einn vetur í senn og segist Guðmundur hafa á sinni barnaskólatíð verið á fimm bæjum. Þetta fyrirkomulag gilti í Skriðuhreppi þar til Þelamerkurskóli var tekinn í notkun árið 1963. Síðan lá leið Guðmundar í Héraðsskólann á Laugarvatni. Hugur hans stóð ekki endilega til þess að gerast bóndi, fremur vildi hann feta menntaveginn og hélt suður á Hvanneyri til náms við Bændaskólann þar og þá með framhaldsnám í huga. Lauk fyrst búfræðiprófi vorið 1966 og síðan framhaldnáminu árið 1970.



Síðustu kýrnar dæmdar úti á túni í Torfum 16. júní síðastliðinn. Mynd / Þórir Níelsson.

Guðmundur kom til starfa á heimaslóðum norðan heiða strax að lokinni útskrift og var fyrst starfsmaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar, en síðan Sambands nautgriparæktarfélaga Eyjafjarðar. Við sameiningu þessara tveggja félaga árið 1977 varð hann á ný starfsmaður BSE þar sem hann starfaði samfellt til ársloka 2012 ef frá er talið hálft ár sem hann nýtti í námsleyfi. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins tók til starfa í ársbyrjun 2013, á nýársdag, sama dag og Guðmundur fagnaði því „að verða löggilt gamalmenni“ eins og hann orðar það. „Ég var ekki tilbúinn að hætta störfum alveg strax, fannst ég eiga svolítið eftir,“ segir hann. Síðustu tvö og hálft ár starfsferilsins var Guðmundur því starfsmaður RML.

### *Kynbótastarfið hefur skilað sér*

„Það hafa orðið gríðarlegar breytingar á þeim tíma sem ég hef starfað sem ráðunautur í nautgriparækt,“ segir Guðmundur. Árið 1970 voru kúabú í Eyjafirði

238 talsins og fjöldi mjólkurkúa tæplega 5.700. Af þeim voru skýrslufærðar um 70%. Meðalnyt árskúa var á þeim tíma tæplega 3.900 kíló. Á meðalbúi í Eyjafirði voru þá 18,4 árskýr. Nú er staðan með þeim hætti að búum hefur fækkað verulega, þau eru 93 í dag á svæðinu með rúmlega 6.000 mjólkurkýr, 96% búanna halda skýrslu og meðalstærð þeirra er 51,4 árskýr. Meðalnytin var tæplega 5.700 kíló á síðasta ári.

„Það hafa orðið miklar framfarir á þessu sviði, fóðrun og aðbúnaður allur hefur stórbatnað og kynbótastarfið skilað verulegum árangri,“ segir Guðmundur.

Í framhaldi af skráningu fjósa í héraðinu á árunum 1996–´97 og spurningum til kúabænda um líklega framvindu í búskap þeirra næstu fimm árin spáði Guðmundur því að kúabúin á svæðinu yrðu um 100 talsins að tíu árum liðnum, „og það stóðst nánast alveg, þau voru eitthvað rétt yfir 100 á þeim tíma, en þarna árið 1997 þótti þetta afskaplega svartsýn spá hjá mér.“

### *Fyrsta skrifstofan í fjósinu í Lundi*

Tæknin hefur líka tekið breytingum, fyrsta skrifstofa Guðmundar var í tilraunafjósi í Lundi sem þá var ofan Akureyrar. Þar var 48 kúa fjós þar sem fram fóru afkvæmarannsóknir á nautum, á Rangárvöllum var svo ungneytafjós þar sem gerðar voru uppeldistilraunir. Þegar byggðin færðist upp að landi jarðanna á áttunda og níunda tug síðustu aldar var þessi starfsemi lögð af. Um tíma rak SNE einnig svínabú, sem lagt var niður árið 1984.

„Við sátum þarna fyrstu árin með lítið fullkomnar reiknivélar og allt var lagt saman í höndunum. Í það fór alveg gríðarlegur tími, svo það má sannarlega segja að mikil framför hafi orðið með tilkomu tölvutækninnar. Síðan má tala um byltingu á þessu sviði þegar allt skýrsluhald nautgriparæktarinnar fór inn í miðlægan gagnagrunn þar sem mikið magn upplýsinga liggur fyrir og niðurstöður nást nánast á augabragði. Á þeim byggist hið sameiginlega kynbótastarf og hver bóndi fær margs konar fróðleik um einstakar kýr og bú sitt í heild,“ segir Guðmundur.

### *Skiptast á skin og skúrir í landbúnaði*

Uppgangur var í landbúnaði á fyrsta áratug Guðmundar í starfi, frá 1970 til 1980, bændur voru bjartsýnir og byggðu sín bú upp af myndarskap. Töluvert var um fjósbyggingar á þeim tíma í héraðinu. Vindar tóku að blása úr annarri átt upp úr 1980, dregið var saman í mjólkurframleiðslunni og settar á takmarkanir. Framkvæmdir drógust í kjölfarið saman og þannig var ástandið allt fram yfir árið 1995 þegar aftur fór að birta til.

„Það skiptast á skin og skúrir í landbúnaði líkt og í öðrum atvinnugreinum. Það var afskaplega rólegt yfir um all langt skeið og fór ekki að lifna að nýju fyrr en um miðjan 10. áratuginn. Það var svo þokkalega bjart yfir allt fram að hruni, ef til vill má orða það svo að á árunum fyrir hrun hafi markaðurinn verið mjög líflegur, verð á bæði jörðum og kvóta rauk upp úr öllu valdi, var eiginlega út úr öllu korti, þetta gekk út í öfgar og einkenndist af ákveðinni ævintýramennsku,“ segir Guðmundur um góðærisárin svonefndu.

Algjör stöðnun ríkti á árunum eftir hrun en hin síðari misseri hafa framkvæmdir tekið vel við sér. „Menn eru að endurheimta bjartsýnina, síðustu tvö ár hafa verið ágæt.“

### *Bændur hafa staðið sig vel*

Markaðurinn kallar á aukið magn, bæði í mjólk og kjöti sem bæði skýrist af auknum fjölda ferðamanna hér á landi og einnig viðhorfsbreytingu meðal landsmanna sjálfra þegar kemur að neyslu á mjólkurvörum.

„Síðustu tvö ár hefur neyslan aukist verulega, það hefur ef svo má segja orðið sprenging. Fituneysla er ekki lengur litin hornauga, Íslendingar hafa tekið mjólkurvörum af öllu tagi vel og bændur hafa brugðist við kallinu og reyna hvað þeir mögulega geta að auka framleiðslu sína til að fullnægja innanlandsþörfinni. Að mínu mati hafa þeir staðið sig mjög vel, en vissulega tekur tíma að ná framleiðslunni upp,“ segir Guðmundur.

### *Áfram mikil innanlandsneysla*

Hann telur að innanlandsneyslan aukist áfram á komandi árum. „Þetta var heilmikið stökk, þannig að vera má að eitthvað dragi úr aukningunni á næstu árum, en almennt er ég þó bjartsýnn með mjólkurneysluna. Helsta óvissan sem ég finn fyrir nú við starfslok varðar stjórnvöld og til hvaða aðgerða þau gripa, það verður erfitt fyrir okkur að keppa við framleiðslu frá öðrum löndum þar sem aðstæður til búskapar eru betri en hér. Þá rennur samningur milli ríkis og kúabænda út eftir eitt og hálft ár og það er mjög líklegt að á honum verði breytingar, en ég vona svo sannarlega að ekki komi til einhverjar kollsteypur,“ segir Guðmundur.

### *Í hlutverki sálusorgara*

Guðmundur segir að ánægjulegt hafi verið að starfa sem ráðunautur í Eyjafirði. Oft hafi verið bjart yfir á þeirri nær hálfu öld sem hann hefur sinnt ráðgjöf til bænda og mikið um að vera þó svo að einnig hafi komið erfiðari tímar þar sem samdráttur var ríkjandi með tilheyrandi svartsýni.

Þegar vindar hafi blásið hvað mest á móti hafi hann á stundum upplifað sig í hlutverki sálusorgara.

„Það kom fyrir að maður þyrfti að hughreysta menn. Ekki er auðvelt að taka ákvörðun um stórar breytingar á búskaparháttum eða jafnvel að bregða búi eins og iðulega kom fyrir á mestu samdráttartímunum,“ segir hann.

### *Gaman að grúska í gömlum skræðum*

Guðmundur kvíðir ekki aðgerðarleysi við starfslok. „Nú fer ég bara að gera það sem mér sýnist,“ segir hann.

„Ég hef undanfarin ár verið dálítið að grúska mér til gamans og þá helst í ættfræði, við þá iðju er tíminn fljótur að líða.“ Guðmundur var tvívegis í ritnefnd vegna útgáfu bókanna Byggðir Eyjafjarðar, fyrst 1990 og síðan 2010, og segir það hafa verið skemmtilegt verkefni. „Þarna fékk ég nasaþefinn af því að gramsa í gömlum heimildum og get vel hugsað mér að halda því áfram.“ Guðmundur hefur starfað með Sögufélagi Eyfirðinga sem gefur út tímaritið Súlur og einnig Sögufélagi Hörgársveitar sem gefur úr árbókina Heimaslóð með ýmsum fróðleik úr sveitarfélaginu. */MÞÞ*



**Ráðunautar í heimsókn hjá Pétri Ó. Helgasyni á Hranastöðum. F.v. Guðmundur H. Gunnarsson, Ólafur G. Vagnsson, Pétur, Þórarinn Lárusson og Guðmundur P. Steindórsson. Myndin er tekin um 1980.**



**„Það hafa orðið gríðarlegar breytingar á þeim tíma sem ég hef starfað sem ráðunautur í nautgriparækt,“ segir Guðmundur.** Mynd / MÞÞ



**Guðmundur var tvívegis í ritnefnd vegna útgáfu bókanna Byggðir Eyjafjarðar, fyrst 1990 og síðan 2010, en sú bók kom út fyrir tveimur árum. Í tilefni útgáfunnar var boðið upp á veglega tertu í Hlíðarbæ. Ritnefndin, Guðmundur lengst til vinstri, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson kunnu ágætlega að meta veitingarnar.**



## Gamli traktorinn



# Renault – franskur brautryðjandi

**Franski vélaframleiðandinn Renault setti sína fyrstu dráttarvél á markað 1918 en þá hafði fyrirtækið verið brautryðjandi í bifreiðaframleiðslu í tuttugu ár. Dráttarvélaframleiðsla Renault er í góðum gír.**



Tæknimenn Renault höfðu gert tilraunir með smíði traktora í rúm tíu ár áður en fyrstu vélarnar voru settar á markað. Frumgerðirnar voru með drifi á öllum fjórum dekkjum eða beltavélar. Fyrirtækið var því í góðri stöðu þegar heimsstyrjöldin fyrri hófst og hóf framleiðslu á léttum skriðdrekum fyrir franska herinn.

***Reyndi metangas***

Fyrsti Renault traktorinn sem fór á markað var fjögurra strokka, þriggja gíra og 30 hestafla beltavél sem gekk fyrir bensíni. Fyrirtækið gerði tilraunir með vél sem ganga átti fyrir metangasi að áeggjan franska landbúnaðarráðuneytisins en sneri sér síðan eingöngu að dísilolíu.

Árið 1920 sett fyrirtækið svo á markað traktor sem kallaðist GP, HO og var á stálhjólum en að öðru leyti eins og beltavélin. Næsta týpa kom svo á markað 1927 og kallaðist PE.

Hönnuðir Renault duttu loksins ofan á dísilvél sem hentaði þeim og árið 1931 hófst framleiðsla á VY týpunni sem var fyrsta franska dráttarvélin og þótti tiltölulega stór vél á þess tíma mælikvarða.



***Þjóðnýtt í lok heimsstyrjaldarinnar seinni***

Renault var þjóðnýtt árið 1945 til að taka þátt í uppbyggingu landbúnaðar í Frakklandi eftir heimsstyrjöldina síðari og árið 1947 framleiddi fyrirtækið 7500 dráttarvélar. Vélin sem um ræðir fékk heitið 3040 og þótti nýtískuleg og vel búin aukabúnaði. Tíu árum seinna uppfærði Renault framleiðslu sína og setti á markað hina svokölluðu D týpu. Loft- og vatnskælda dísilvél með nýrri gerð af gírkassa sem var hægt að læsa. D týpan var í framleiðslu til ársins 1965.

Renault hélt framþróun sinni áfram og árið 1974 setti fyrirtækið á markað nýja týpu af dráttarvélum með nýju útliti sem voru á bilinu 30 til 115 hestöfl. Gírkassinn þótti nýstárlegur og þannig að mun auðveldara var að skipta úr áfram og afturábak.

***Traktor á fjöðrum***

TX cap kom á markað 1981. Sú vél var með farþegasæti og stærri gluggum og útsýni bílstjóra því betra en áður hafði þekkst úr vélarhúsinu. 1987 árgerðin af TX cap var með gormafjöðrum sem




mýktu vélina við vinnu og juku þægindi ökumannsins til muna. Vélarnar seldust hægt í fyrstu enda talsvert dýrari en fjaðralausir traktorar. Flaggskip Renault frá 1990 til 2001 kallaðist Atles.

Class keypti 51% og ríkjandi hlut í Renault 2003. Þremur árum seinna jók Class hlut sinn í 80% og frá þeim tíma hafa Renault traktorar verið framleiddir undir heiti Class sem yfirtók fyrirtækið að fullu 2008.

***Renault á Íslandi***

Eitthvað mun hafa verið flutt inn af Renault dráttarvélum til Íslands og voru þeir kallaðir Renó. Ein þeirra mun hafa verið að Reykjalundi í Mosfellssveit árið 1952. Á heimasíðu Ferguson-félagsins segir að ekki sé ólíklegt að Oddur yfirlæknir Ólafsson hafi fengið traktorinn því hann var með gulrófnarækt suður í Höfnum á Reykjanesi. „Hafi hann orðið innlyksa þar þarf ekki að spyrja að endalokunum því þar ryðgar allt í sundur sem ryðgað getur.“

Eftirtektarvert þótti hér á landi hversu hratt Renault traktorarnir komust. /VH

## Utan úr heimi



Ólöglegt skógarhögg á landi á heimsminjaskrá:

# Krefjast banns á námuvinnslu og skógarhöggi

Sameinuðu þjóðirnar og Unesco krefjast þess að námuvinnsla og skógarhögg, sem stunduð hafa verið, verði tafarlaust stöðvað á landsvæði í Tasmaníu sem er á heimsminjaskrá Unesco.

Í Tansaníu eru um 1,5 milljónir hektara lands á heimsminjaskrá Unesco og þar af eru 20 prósent landsins í þjóðareigu. Í kröfunni er farið fram á að námuvinnsla og skógarhögg verði tafarlaust stöðvað á svæðinu og að stjórnvöld í landinu endurhugsi hvernig nýta megi landið með friðun þess í huga.

Stjórnvöld í Tansaníu viðruðu nýlega þá hugmynd að veita leyfi til skógarhöggs á um 200.000 hekturum lands á svæði sem er á heimsminjaskrá Unesco. Það af er 12 prósent landsins þjóðareign. Innan svæðisins er að finna fornminjar, frumskóga, vötn og ár auk búsvæða frumbyggja landsins.

Einnig eru uppi hugmyndir um að opna önnur svæði fyrir ferðamönnum með því að leggja vegi og byggja hótel til að örva efnahag landsins. Í greinargerð vegna kröfunnar segir að stjórnvöldum í Tansaníu hafi gersamlega mistekist að standa vörð um svæðið sem er á heimsminjaskrá Unesco og að verði svæðið opnað fyrir auknu skógarhöggi og námuvinnslu verði um stórfellda eyðileggingu á sameiginlegum menningar- og náttúruminjum mannkyns að ræða.

Á síðasta ári gerðu yfirvöld í Ástralíu tilraun til að taka 70.000 hektara út af heimsminjaskránni með það í huga að hefja námuvinnslu á svæðinu. Beiðninni var alfarið hafnað.

/VH

Náttúruvernd:

# 23.000 tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu

## - þar á meðal ljón, hellakrabbar og sæljón

**Samkvæmt skrá sem kallast IUCN (International Union for the Conservation of Nature) Red List fer villtum gaupum og selum víða fjölgandi en það sama er ekki hægt að segja um stofna 23.000 annarra dýra- og plöntutegunda sem samkvæmt fyrrnefndum lista fer fækkandi og eru margar þeirra í útrýmingarhættu.**

Á listanum er meðal annars að finna sjaldgæfa stofna ljóna, krabba og sæljóna. Kannanir sýna að tegundum dýra og plantna fækkaði 100 sinnum hraðar á tuttugustu öldinni og á öldunum þar á undan.

Góðu fréttirnar eru að með verndun hefur stofn Íberíu-gaupa fjölgað úr 52 dýrum árið 2002 í 156 árið 2013. /VH



Síðustu tveir geirfuglarnir við Ísland voru drepnir í Eldey 3. júní 1844. Samkvæmt lista IUCN sást síðasti geirfuglinn á Nýfundnalandi árið 1852.

13 þúsund ára gömul bein:

# Kameldýr í Kanada

**Bein kameldýra sem fundust í Kanada kunna að varpa nýju ljósi á þróun kameldýra og hvers vegna þau dóu út í Norður-Ameríku fyrir um 13.000 árum.**

Námuverkamenn í norðvesturhluta Kanada fundu fyrir skömmu bein kameldýra sem uppi voru á ísöld eða fyrir um 13 þúsund árum. DNA í beinunum kunna að gefa vísbendingar um hvers vegna dýrin dóu út.

Fram til þessa hefur verið talið að kameldýr sem lifðu í árdaga í Norður Ameríku hafi verið skyld lamadýrum á Suður-Ameríku. Kjarnasýrur úr fyrrnefndum beinum benda aftur á móti til að kameldýrin hafi verið skyldari kameldýrum í Asíu en lamadýrum Suður-Ameríku.

Forndýrafræðingar hafa verið gjarnir á að flokka dýr eftir því hvort þeir telja að þau hafi lifað í Norður-Ameríku, Arabíu, Asíu og Afríku en verið tregir við að tengja þau skyldleikaböndum. Hugmyndir af þessu tagi hafa verið að breytast með auknum rannsóknum á DNA beinaleifa. Rannsóknir á beinum kanadísku kameldýranna benda til að þau hafi einangrast frá nútíma



ættingjum sínum í Asíu fyrir um 10 milljón árum og þróast á sinn hátt.

Talið er að stærstur hluti dýranna hafi lifað í sunnanverðri Norður-Ameríku og ráfað norðar á hlýindaskeiðum. /VH

# Jörð til leigu



**Jörðin Leirhöfn í Norðurþingi er til leigu til sauðfjárbúskapar.**

Hér með er auglýst eftir áhugasömu og drífandi fólki sem langar til að stunda fjárbúskap á vildarsauðfjárjörðinni Leirhöfn á Melrakkasléttu.

Jörðinni fylgir m.a. fallegt og gott íbúðarhús, 600 kinda fjárhús og tilheyrandi ræktun. Þá er möguleiki á kaupum á fjárstofni og kvóta.

Markmiðið er að í Leirhöfn verði áfram rekið myndarlegt sauðfjárbú af skemmtilegri og dugmikilli fjölskyldu sem styrkir byggðarlagið félagslega með búsetu sinni.

Mikið er lagt upp úr snyrtimennsku og góðri umgengni á jörð og eignum.

Áhugasamir sendi inn upplýsingar á netfangið lund@simnet.is

# Gólfhitakerfi

**Ekkert brot ekkert flot**



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

**Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300**

## Næsta blað kemur út 23. júlí

# Gólf - Einstök hönnun

**léttari - sterkari -**
**hreinsa sig betur - hálkuvörn**
**Þolir 4000kg öxulþunga**




**Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð**
**Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton**

GS
G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

# Fjós eru okkar fag




**Landstólpi hefur í mörg ár verið leiðandi fyrirtæki í innflutningi og smíði á innréttingum í fjós. Við höfum lagt metnað okkar í að fylgjast með því nýjasta í innréttingum og tæknibúnaði og höfum í gegnum árin aflað okkur mikillar reynslu á þessu sviði.**

**Eigum jafnan til á lager básamilligerðir, fyrir alla aldurshópa, átgrindur og milligrindur ásamt stólpum og festingum ýmiskonar**

## Átgrindur

Íslensk framleiðsla



**Átgrind með 22 sm. átbili**
Lengdir: 3,25 - 2,71 - 2,16 - 1,62
**Átgrind með 30 sm. átbili**
Lengdir: 3,25 - 2,88 - 2,51 - 1,77
**Átgrind með 26 sm. átbili**
Lengdir: 3,25 - 2,92 - 2,59 - 1,93
**Átgrind með 18 sm. átbili**
Lengdir: 3,25 - 2,80 - 2,34 - 1,89

## Milligrindur

Íslensk framleiðsla



**Milligrind hæð 1,10 m**
Lengdir: 3,50 - 3,00 - 2,50 - 2,00 - 1,50
**Milligrind hæð 0,80 m**
Lengdir: 3,50 - 3,00 - 2,50 - 2,00 - 1,50

SUEVIA **Brynningarskálar og vatnskör**



## Steinbitar

**Steinbitaflekar**



**Duo bitar**



LANDSTÓLPI
**Egilsstöðum - 471 1901**

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss
Sími 480 5600



Helstu nytjaplöntur heimsins

# Vínviður og veigar guðs

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Vínviður er með allra elstu nytjajurtum mannkyns og talið er að fólk hafi bruggað vín í allt að átta þúsund ár. Árleg framleiðsla á vínberjum er hátt í 80 milljón tonn og ríflega 70% hennar fara til víngerðar. Yrki vínviðar í ræktun teljast yfir tíu þúsund.**

Áætluð heimsframleiðsla á vínberjum árið 2013 var rúmlega 77 milljón tonn. Kínverjar rækta þjóða mest af þeim, rúm 11,6 milljón tonn árið 2013, næst á eftir komu Ítalir, rúm 8 milljón tonn, Bandaríkin eru í þriðja sæti með rúm 7,7, Spánn í fjórða sæti, tæp 7,5 og Frakkland í því fimmta með ársframleiðslu upp á rétt rúm 5,5 milljón tonn. Í næstu fimm sætum yfir helstu vínberjaframleiðendur eru Tyrkland, Síle, Argentína, Indland og Íran.

Þegar kemur að ræktun berjanna til vínframleiðslu eru Spánverjar stórtækastir og rækta vínþrúgur á tæpum 12 þúsund hekturum lands, Frakkar nýta 8,6 þúsund hektara til vínframleiðslu, Ítalir 8,3, Tyrkir 8,1 og Bandaríkjamenn rúma 4 þúsund.

Síle flytur út þjóða mest af ferskum vínberjum, rúm 730 þúsund tonn, en ársframleiðslan þar í landi er um 3,3 milljón tonn, Bandaríkin flytja út næstmest, tæp 416 þúsund tonn, í þriðja sæti er Perú sem flytur út um 265 þúsund tonn. Kínverjar, sem framleiða mest af vínberjum, eru í tíunda sæti yfir útflutningslönd vínberja og flytja út rétt rúm 100 tonn.

Vegna hlýnunar lofthjúpsins eru yfirgnæfandi líkur á að vínrækt leggist af víða í heiminum og að hún færist í auknum mæli á norðlægari slóðir.

Undir einum hatti fluttu lönd Evrópusambandsins inn tæplega 5,7 milljón tonn af vínberjum árið 2013, Bandaríkin voru í öðru sæti, 5,3 milljón tonn, Rússland í því þriðja, rúm 3,9, og Kína flutti inn 2,3 milljón tonn af vínberjum.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru flutt inn 1.311 tonn af ferskum vínberjum til Íslands 2014. Mest var flutt inn af þeim frá Bandaríkjunum, Brasilíu, Suður-Afríku, Síle Egyptalandi og Hvíta-Rússlandi.

Áætlun FAO segir að um 71% af allri vínberjauppskeru heimsins nýtist til víngerðar, 27% er neytt sem ferskra vínberja og um 2% fer í annars konar framleiðslu eins og sultu, safa, hlaup, rúsínur og edik auk þess sem unnin er matarolía úr fræjum plöntunnar. Blöð plöntunnar eru talinn lostæti víða í Asíu.

### *Ættkvíslin Vitis*

Nánast öll yrki af vínviði sem notaður er til víngerða eru af tegund sem kallast Vitis vinifera á latínu. Innan ættkvíslarinnar Vitis finnast um 60 tegundir sem flestar vaxa á norðurhveli jarðar.

Yrki V. vinifera eru talin vera hátt í tíu þúsund en þeirra helst eru Sultana, Airén, Cabernet Sauvignon, Sauvignon Blanc, Cabernet Franc, Merlot, Grenache, Tempranillo, Riesling og Chardonnay.

Úr þrúgum er búið til rauðvín, hvítvín, freyðivín, rósavín, púrtvín, sérrí og án efa fleiri gerðir af veigum.

Af öðrum tegundum innan ættkvíslarinnar má nefna V.labrusca, og V. riparia sem bæði eru upprunnin í Norður-Ameríku og aðallega notuð í sultu og lítillega til víngerðar. V. rotundifolia og V. vulpina koma frá suðausturhluta Bandaríkjanna og eru mikið notuð í sultu og lítillega til vínframleiðslu. V. amurensis vex villt í Norður-Asíu og í Síberíu. Vitis coignetian er þekkt skrautjurt í Asíu með rauðleitum blöðum.



**Nánast öll yrki af vínviði sem notaður er til víngerðar eru af tegund sem kallast Vitis vinifera á latínu. Innan ættkvíslarinnar Vitis finnast um 60 tegundir sem flestar vaxa á norðurhveli jarðar.**



**Áætluð heimsframleiðsla af vínberjum árið 2013 var rúmlega 77 milljón tonn.**



**Bakkus eftir Guido Reni.**

### *Grasafræði og ræktun*

Vínviður er fjölær klifurplanta sem getur náð 35 metra hæð við

góð skilyrði. Plantan þrífst best í sendnum og kalkríkum jarðvegi, pH 6 til 7,5, og trefjarót hennar teygir anga sína djúpt niður í jörðina í leit að vatni og næringu.

Plantan vex hratt og sendir frá sér fálmara sem hún vefur utan um það sem fyrir verður til að halda greindum stönglunum uppréttum. Stöngullinn, sem getur orðið allt að 50 sentímetrar í þvermál niðri við jörð, trénar og flagnar með aldrinum. Úr honum vaxa nýir vaxtarsprotar á næsta vaxtartímabili. Blöðin eru stór, handsepótt, 5 til 20 sentímetra breið. Blómin lítil og mörg saman í hnapp, tvíkynja og vindfrjóvgandi. Aldinið er ber sem getur verið frá sex millimetrum og upp í þrjá sentímetra að stærð. Berin 15 til 300 saman í klasa, græn, gul, appelsínugul, hvít, rauð og allt að því svört að lit, súr eða sæt á bragðið. Fjölgað með græðlingum til að viðhalda yrkjum.

Stærstur hluti vínberjaræktunar til víngerðar fer fram í tempraða beltinu milli 30 og 50° beggja vegna miðbaugs. Meðalhiti á þeim slóðum er 10 til 22° á Celsíus. Þar sem plantan vex hratt þarf hún góðan aðgang að vatni án þess þó að jarðvegurinn sé blautur og því gott að rækta hana í halla. Við kjöraðstæður fær plantan milli 1300 og 1500 klukkustundir af sól yfir vaxtartímann sem er frá 160 til 200 dagar, og tæplega 700 millimetra að regni. Kjörhiti fyrir plöntuna í dvala er 3° á Celsíus.

### *Heimaræktun*

Hér á landi er best að rækta vínvið í skála eða köldu gróðurhúsi en ekki er ólíklegt að til séu tegundir eða yrki sem hægt er að rækta utandyra. Vínviður ber ávöxt á eins árs greinum og þess vegna er gott að klippa plöntuna niður á haustin en skilja eftir tvö brum á hverri grein. Ekki skal rækta nema einn berjaklasa á hverri grein til að fá berin stærri. Gott er að gefa plöntunum kalkríkan áburð um það leyti sem blómin fara að myndast. Yrki með grænum berjum eru harðgerðari hér á landi en yrki með rauðum berjum. Meðal yrkja sem hafa reynst ágætlega eru ‘Frankenthaler‘ sem gefur sæt ber, ‘Nimrod’ sem er með lítil steinlaus ber með kryddkeim, ’Nordica’ með blá millisæt ber og ‘Vroege van der Laan’ sem gefur græn, sæt og miðlungsstór ber.

### *Sjúkdómar og varnir*

Eins og í annarri ræktun herja á vínvið bakteríur, vírusar og sveppir og helstu varnir gegn slíku eru efni sem drepa óværuna.

Seint á 19. öld barst til Evrópu frá Norður-Ameríku smáfluga sem kallast Phylloxera og lifir á rótum vínviðar. Talið er að plantan hafi borist til Evrópu með norður-amerískum vínvið, V. labrusca, þegar gerðar voru tilraunir með að rækta hann í Frakklandi.

Plöntur í Norður-Ameríku voru aðlagaðar flugunni en plöntur í Evrópu ekki. Skaðinn sem flugan olli í Evrópu var slíkur að vínrækt lagðist nánast niður um tíma. Á síðustu stundu tókst að bjarga ræktuninni með því að græða evrópskar vínviðarplöntur á rætur plantna frá Norður-Ameríku en það tók mörg ár að koma ræktuninni til fyrra horfs. Ágræðsla af þessu tagi er viðhöfð enn í dag.

Tugir mismunandi skordýra- og illgresisefni eru notuð við vínrækt. Vinsælasta illgresislyfið er Roundup og tugir þúsunda lítra af því notað á ári til að halda niðri illgresi á vínekrum um allan heim. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að framleiðsla á lífrænt ræktuðum vínum hefur verið að aukast.

Við heimilisræktun eru helstu óværurnar sem þarf að varast grámygla, mjölsveppur og spunamaur.



FAO gerir ráð fyrir að um 71% af allri vínberjauppskeru heimsins nýtist til víngerðar.



Gríðarlegt magn af skordýra- og illgresiseitri er notað við ræktun á þrúgum til víngerðar. Vinsælasta illgresislyfið í vínberjarækt er Roundup og tugir þúsunda lítra af því notað á ári til að halda niðri illgresi á vínekrum um allan heim.



Skaðinn sem smáfluga, sem kallast Phylloxera, olli í Evrópu var slíkur að vínrækt lagðist nánast niður um tíma.



Þar sem vínviður vex hratt þarf plantan góðan aðgang að vatni án þess þó að jarðvegurinn sé blautur og því gott að rækta hana í halla.



Berjastöppun upp á gamla mátann.



Í Egyptalandi sýna hellamyndir frá 2400 fyrir Krist ræktun, uppskeru, vinnslu og flutning á vínþrúgum.

### *Uppruni og útbreiðsla*

Elstu steingervingar plantna sem fundist hafa og tilheyra ættkvíslinni Vitis eru um 23 milljón ára gamlir. Vínviður er talinn vera einn allra elsta nytjaplanta mannkyns og að menn hafi verið farnir að tína ber af plöntunni til átu fyrir 10 til 12 þúsund árum. Tegundin V. vinifera er talið vera upprunnið í löndunum við Miðjarðarhafið og Mið-Asíu og fornleifar benda til ræktunar og víngerðar í Georgíu fyrir um 8 þúsund árum. Genakortlagning plöntuleifa sem fundist hafa í leirkrukkum á svæðum í kringum Kákasusfjöll sýna að fyrir 8 þúsund árum voru menn að rækta að minnsta kosti 110 mismunandi yrki af V. vinifera.

Í Armeníu er varðveitt 6 þúsund ára gömul vínpressa og í Egyptalandi sýna hellamyndir frá 2400 fyrir Krist ræktun, uppskeru, vinnslu og flutning á vínþrúgum. Á 9. öld var sagt að besta fáanlega vín í Mið-Austurlöndum kæmi frá borginni Shiraz í Íran.

Með aukinni verslun, siglingum og landafundum barst vínviðarplantan með tímanum út um svo gott sem allan heim, Norður- og Suður-Ameríku, suðurodda Afríku og Ástralíu.

### *Þrúgur og trú*

Vínviður og þrúgur koma fram sem hluti af helgihaldi eða sem tákn í fjölda trúarbragða, grískum, rómverskum og kristni.

Vín úr þrúgum var ómissandi í veislum og blótum Díónísusi og Bakkusi til heiðurs í Grikklandi og Róm til forna en þessi tvíeini svallguð víns og alsælu mun eiga ættir sínar að rekja til guðsins Osíris í Egyptalandi.

Í Fyrstu Mósebók segir frá því þegar Nói fer að rækta garðinn sinn og brugga vín í framhaldinu og dettur í það. „Nói gjörðist akuryrkjumaður og plantaði víngarð. Og hann drakk af víninu og varð drukkinn og lá nakinn í tjaldi sínu.“

Í 15. erindi Jóhannesarguðspjalls Biblíunnar segir „Ég er hinn sanni vínviður, og faðir minn er vínyrkinn. Hverja þá grein á mér, sem ber ekki ávöxt, sníður hann af, og hverja þá, sem ávöxt ber, hreinsar hann, svo að hún beri meiri ávöxt. Þér eruð þegar hreinir vegna orðsins, sem ég hef talað til yðar. Verið í mér, þá verð ég í yður. Eins og greinin getur ekki borið ávöxt af sjálfri sér, nema hún sé á vínviðnum, eins getið þér ekki heldur borið ávöxt, nema þér séuð í mér. Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt, sem er í mér og ég í honum, en án mín getið þér alls ekkert gjört.“

Á öðrum stað í Biblíunni má skilja sem svo að Jesú hafi verið mikið partíljón og ekki látið sitt eftir liggja þegar búsið var búið í veislunni.

„Á þriðja degi var brúðkaup í Kana í Galíleu. Móðir Jesú var þar. Jesú var og boðið til brúðkaupsins og lærisveinum hans. En er vín þraut segir móðir Jesú við hann: Þeir hafa ekki vín. Jesús svarar: Hvað varðar það mig og þig, kona? Minn tími er ekki enn kominn. Móðir hans sagði þá við þjónana: Gjörið það, sem hann kann að segja yður. Nú voru þar sex vatnsker úr steini samkvæmt reglum Gyðinga um hreinsun, og tók hvert þeirra tvo mæla eða þrjá. Jesús segir við þá: Fyllið kerin vatni. Þeir fylltu þau á barma. Síðan segir hann: Ausið nú af og færið veislustjóra. Þeir gjörðu svo. Veislustjóri bragðaði vatnið, sem var orðið vín, og vissi ekki, hvaðan það var, en þjónarnir, sem vatnið höfðu ausið, vissu það. Þá kallaði veislustjóri á brúðgumann og sagði: Allir menn bera fyrst fram góða vínið og síðan hið lakara, er menn gjörast ölvaðir. Þú hefur geymt góða vínið þar til nú.“



Einar töframaður vakti mikla lukku yngri kynslóðarinnar og flott töfrabrögð kæta reyndar alltaf fólk á öllum aldri.

Myndir / Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

# Vel heppnað Vopnaskak

**Liðna helgi gerðu Vopnfirðingar og gestir þeirra sér ýmislegt til skemmtunar á sumarhátíðinni Vopnaskaki.**

Þar var hagyrðingakvöld, tónleikar með Mannakornum, útimarkaður og fleira til gamans gert. Þá var einnig sveitaball þar sem dansinn dunaði í samkomuhúsinu Hofi eftir langt hlé og ekki ólíklegt að margir hafi rifjað upp skemmtilegar minningar þar.

Börnin skemmtu sér vel á sýningu Einars töframanns og ekki verra að fá uppvafið sykurfrauð til að smjatta á. Á útimarkaðinum var fjölbreytt úrval handverks, hönnunar og að sjálfsögðu nýbakaðar kleinur fyrir þá sem voru nógu snöggir að tryggja sér poka. /GBJ



Prjónað úr hreindýraleðri.



Þessar ungu dömur voru með glæsilegan bás af heimabökuðu góðgæti úr Héraðsstubba bakaríinu sínu.



## Búnaðarsamband Vestfjarða:

# Bændadagur á Bíldudals grænum




**Bændadagur Búnaðarsambands Vestfjarða (BSV) var haldinn á Bíldudal í tengslum við bæjarhátíðina Bíldudals grænar þetta árið.**

Sáu félagsmenn úr Búnaðarfélagi Barðarstrandarhrepps um skipulagninguna. Bændadagurinn er árlegur viðburður og flakkar á milli bæjarhátíða innan starfssvæðis BSV.

Sigmundur Hagalín Sigmundsson, bóndi á Látrum við Ísafjarðardjúp, segir að á deginum hafi verið margt um að vera. Þar hafi meðal annars verið komið upp smá húsdýragarði með svínum, hænum og heimalningum. Þá var börnum hleypt á hestbak og teymt undir þeim, grillvagn Landssambands sauðfjárbænda var á svæðinu en hann hefur fylgt deginum undanfarin ár. „Það er mat manna að hátíðin hafi tekist í alla staði mjög vel.“

Hvatningarverðlaun Búnaðarsambandsins voru veitt á deginum eins og síðustu ár, að þessu sinni urðu fyrir valinu ábúendur á Reykhólum, Svanhildur Sigurðardóttir og Tómas Sigurgeirsson, en þau hafa bryddað upp á nýjungum í ferðaþjónustu í Reykhólasveit með því m.a. að bjóða upp á þaraböð.




**Afhending hvatningarverðlauna BSV 2015. Helga Dóra Kristjánsdóttir, gjaldkeri Búnaðarsambands Vestfjarða, afhendir Margréti Hjartardóttur verðlaunin fyrir hönd ábúendanna á Reykhólum.**



# Hrútar tilnefnd LUX Film Prize

## – fyrsta íslenska myndin sem er tilnefnd

**Tilkynnt var um 10 evrópskar kvikmyndir sem tilnefndar eru til kvikmyndaverðlauna Evrópusambandsins, LUX-verðlaunanna, árið 2015 á kvikmyndahátíðinni Karlovy Vary í Tékklandi fyrir skömmu.**

Þetta er í fyrsta skipti sem íslensk kvikmynd er tilnefnd til verðlaunanna sem hafa verið veitt frá árinu 2007. Þrjár af þessum 10 myndum komast svo áfram í undanúrslit, verða sýndar á Feneyjahátíðinni, þýddar og textaðar á öll 24 opinber tungumál Evrópusambandsins og sýndar í öllum 28 aðildarríkjunum. Sigurvegari verður svo kunngjörður í lok árs. Í fréttatilkynningu vegna tilnefningarinnar segir Grímur Jónsson, framleiðandi Hrúta:

„Ég verð að viðurkenna að ég vissi ekki um þessi verðlaun fyrr en ég fékk sendar upplýsingar um að Hrútar væru tilnefndir og ég átta mig betur á því núna hvað er í húfi og hversu merkilegt þetta er. Það eru allir að óska okkur Grími til hamingju hérna úti og manni líður hálfpartinn eins og maður hafi verið að vinna eitthvað bara við það eitt að vera tilnefndur. Það væri magnað að komast áfram í 3 mynda úrslit og það verður ljóst eftir 2 vikur. Sjö, níu, þrettán.“ /VH

Dekkjainnflutningur

**15% afsláttur af öllum dekkjum til 31. júlí 2015**

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.

33“-35“ jeppadekk í úrvali á góðu verði.

**Vinsamlegast hafið samband við**
Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

**Jason ehf.**
**Hafnarstræti 88**
**Akureyri**



Vetrarafbrigði í úrvali

Hjá Líflandi færðu vetrarafbrigðin af hveiti, rúgi, olíurepju og nepju.










**Kynntu þér breitt sáðvöruúrval Líflands. Skoðaðu sáðvörulistann á www.lifland.is**

**Söluráðgjafar Líflands eru við símann og ráða þér heilt um val á sáðvörunni**

Áratuga reynsla, skilvirk dreifing og örugg afhending

Pantanir hjá sölumönnum Líflands í síma 540-1138 eða á sadvara@lifland.is

Sala og ráðgjöf S. 540 1100 | Lynghálsi, Reykjavík Óseyri, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi Borgarbraut, Borgarnesi | www.lifland.is lifland@lifland.is

LÍFLAND

Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Beta, rófa, beðja eða blaðka

**Við strendurnar umhverfis Miðjarðarhaf, út til Asóreyja og allt norður í Oslóarfjörð í Noregi vex stórvaxin og blaðmikil jurt víða í fjörukömbum. Þar myndar hún blaðmikla beðju með þykkri og kröftugri stólparót. Hún lætur það lítið á sig fá þótt brimrótið gangi yfir hana og dafnar ágætlega í söltum jarðveginum.**

Þetta er strandbetan, strandbeðjan eða strandblaðkan, Beta vulgaris og venjulega er var. maritima bætt við hið fræðilega tegundarheiti. Það tengir hana við sjávarstrendur. Heitið beta er komið úr forngrísku. Það birtist fyrst í ritum Aristótelesar drjúgum þrem öldum fyrir vort tímatal og er notað í flestum málum Evrópu líkt og orðið kirkja, með nokkrum frávikum þó.

### *Pýramídar og steinaldarbyggðir*

Elstu heimildir benda til þess að hin ræktaða beta hafi upphaflega verið tekin til ræktunar í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Fyrst framan af voru það einkum matarmikil blöðin sem nýtt voru til manneldis. Samkvæmt þeirra tíma læknavísdómi þótti jurtin einnig heilsusamleg þeim sem þjáðust af sótthita. Því stór og safarík blöðin voru að sjálfsögðu svalandi. Því voru þau sögð bæta meltingu og allt yfirbragð fólks sem var langt niðri vegna harðlífis. Og blöðkurnar þótti líka gott að leggja við opin sár líkt og gert var með græðisúru.

Í fornleifauppgreftri víða um lönd hafa fundist vísbendingar um að betan hafi skipt máli í fæðuöflun, læknisdómum eða átrúnaði. Þetta svæði spannar fornaldargrafir í Austurlöndum nær, egypska pýramída og alveg norður í rústir steinaldarbyggða í norðanverðu Hollandi. Því getur verið nokkuð erfitt að finna upphafspunktinn.



Fóðurbetur bíða vetrarins.

### *Blaðbeta og stilkbeta*

Beinn afkomandi þessara fyrstu ræktunarnota er blaðbetan. Af henni eru tveir stofnar. Hin venjulega blaðbeta, blaðbeðja, silfurbeðja, strandblaðka eða á sumum málum „mangold“ hefur verið í ræktun frá örófi alda. Ræktuð sem einær jurt og í stórum dráttum matreidd og notuð eins og spínat. Blaðbeturækt er mikil um alla Suður-Evrópu og norður til Þýskalands. Í norðurálfunni er hún ræktuð í fremur litlum mæli í heimagörðum núorðið. Önnur gerð, öllu nýrri, er sá stofn blaðbetu sem nefnist stilkbeta eða stilkbeðja. Sá er orðinn öllu vinsælli.

Stofninum mun fyrst hafa verið lýst á átjándu öld. Á enskri tungu dregur hann nafn sitt af því og kallast „Swiss Char“, þótt hann hafi ekki önnur tengsl við það land en þau að náttúrufræðingurinn sem það gerði var Svisslendingur, Gaspard Bauhin að nafni. Bauhin þessi lýsti líka gulrófunni sem tegund og sagði hana vera sænska. Báðum í sömu bók. Enska heitið er yfirfært af franska heitinu á ætiþistli. Þótt útlitið sé ólíkt er bragðið svipað og því mátti nota stilkbetuna í ætiþistils stað – líkt og sojakjöt í borgfirskum nautabökum. Stilkbetan hefur litfagra og skrautlega blaðleggi sem taka sig vel út í matjurtagarðinum. Blöðin eru líka með litsterkum æðum. Við suðu tapast liturinn nokkuð en fyrir þá sem líkar vel við grænmetissalöt í regnbogalitunum er hún sannkallaður fjársjóður.



Rauðbetur – rauðar og hollar.



Stilkbeta á beði.



Ítalskur blaðbetuakur.

### *Fóðurbeta eða fóðurrófa*

Fóðurbetan er eitt af hinum ræktuðu afbrigðum betunnar. Það er óvíst hvaðan hún er upprunnin eða hvar. Líklega hefur hún verið Rómverjum kunn við upphaf okkar tímatals. Og til hennar vísað þegar sagt var í rómverskum ritum að safi úr beturótum tæki ólyst úr fólki og bætti samgang kynjanna. Að auki lagaði hann öndunarerfiðleika og losaði slím úr lungum.

Fóðurbetan er líka kölluð fóðurrófa og er fyrst og fremst ræktuð til skepnufóðurs, sáð að vori og uppskorin að hausti sem vetrarforði fyrir búfé, einkum kýr og svín. Þær verða gífurlega stórar og ekki góðar til átu vegna þess hve fljótt þær tréna. En á meðan þær eru á stærðinni milli hænueggs og eplis hefur trénunin ekki náð yfirhöndinni. Þá er kreistur úr þeim safinn. En sem matjurt er hún ekkert sérlega spennandi. Þó er af henni nokkur sætukeimur. Og þessi sæti keimur átti eftir að hafa mikil pólitísk, efnahagsleg og söguleg áhrif sem brenglaði valdastrúktúrinn í Vestur-Evrópu varanlega á átjándu öld og í upphafi þeirrar nítjándu.



Strandbeta í kjörlendi sínu – Bretlandseyjar.

### *Sykurbetan og morgunverður með Friðriki mikla*

Því það var árið 1747 að þýski efnafræðingurinn Andreas Margraf fann upp aðferð til að einangra sykurkristalla úr fóðurrófum með því að rífa þær niður og leysa þær upp í alkóhóli. Sá sykur var í engu eftirbátur þess sykurs sem unninn var úr sykurreyr í hitabeltisnýlendum Breta, Spánverja og Portúgala. Nemandi hans, Frans Karl Achard, fann upp mun betri og skilvirkari aðferð til að vinna sykurinn úr beturófunum. Frans Karl var í sérlegu uppáhaldi hjá Friðriki öðrum, sem venjulega er kallaður Friðrik mikli, Prússakóngi og sat með honum morgunverð vikulega um leið og hann las honum skýrslu um nýjustu framfarir og vísindi í ríkinu.

Að undirlagi Friðriks mikla voru svo valdar út 23 fóðurbetur með sérlega miklu sætubragði. Frá þessum 23 einstaklingum er svo sykurbetan eða sykurrófan komin eftir miklar víxlanir og kynbætur fram og aftur til að auka sykurmagnið og bæta lögunina fyrir vélvædda úrvinnslu. Um aldamótin 1800 voru fyrstu sykurverksmiðjurnar komnar í fullan gang í Þýskalandi og Frakklandi. Þar með var einokun sykurveldanna rofin endanlega. Og líklega er þar upphafið að hinu gegndarlausa og óholla sykuráti nútímafólks.

### *Rauðbetan – ekki bara rauðrófurauð!*

Rauðrófan eða rauðbetan (rauðbeða upp á dönsku!) rekur lestina í þessari upptalningu. Eiginlega veit enginn hvaðan hún kom eða hvernig hún varð til. Um það eru margar ráðgátur. Rómverjinn Plíníus getur þeirra á fyrstu öld okkar tímatals. Sumir telja hana hafa orðið til í Egyptalandi á dögum faraóanna. Aðrir giska á að hún sé blendingur við aðra betutegund sem vex við strendur Atlasfjalla og á Kanaríeyjum. Fyrstu heimildir sem lesa má um hana í Vestur-Evrópu eru frá Þýskalandi 1558. Í þeim heimildum er hún kölluð rauð rófa og um 1780 er búið að skrifa um hana í enskar garðyrkjubækur. Þar er hún kölluð rauð rómversk rófa. Til Norðurlanda var hún komin til að vera um miðja nítjándu öld. Rauðrófan býður upp á fjölda litbrigða. Fyrir utan að vera rauðrófurauð eru til afbrigði með hvítum, gulum, órans og röndóttum rótum.

Líklega þekkjum við rauðbetuna best sem innlagðar rauðrófur í edikslegi. Eða í hinni rómuðu, rússnesku bort-súpu. En litarefnið í rauðrófum (betanín, E-númerið er 162) kemur víða við og er nánast í öllum rauðlituðum matvælum og varalit. Rauðrófusafi er sagður lækka blóðþrýsting og oft ráðlagður fólki sem hefur við háan blóðþrýsting að stríða. Eitt til tvö glös af safanum á að bæta ástandið undrafljótt. Og svipað magn eflir líka styrk til átaka við erfið verkefni.



Gestir nutu dagsins í einmuna veðurblíðu. Myndir / Esther Ösp Gunnarsdóttir.

## Skógardagurinn mikli í Hallormsstaðaskógi:

# Lárus Íslandsmeistari í skógarhöggi í sjötta sinn

**Fjölmenni lagði leið sína í Hallormsstaðaskóg á dögunum í tilefni af Skógardeginum mikla. Veðrið lék við gesti sem nutu dagsins í einmuna blíðu. Fjöldi viðburða var á dagskrá.**

Íslandsmeistaramótið í skógarhöggi er einn aðalviðburður Skógardagsins mikla á hverju ári og hefur sannarlega fest sig í sessi. Keppnin var spennandi og skemmtileg í ár eins og ávallt áður en skógarbóndinn og skógræktarráðunauturinn Lárus Heiðarsson á Droplaugarstöðum bar sigur úr býtum að þessu sinni. Þetta var í sjötta sinn sem Lárus hampaði Íslandsmeistaratitlinum og greinilegt að hann heldur sér vel við í greininni. Í öðru sæti varð Ólafur Áki Mikaelsson og Hörður Guðmundsson í því þriðja.

Þá var einnig keppt í skógarhlaupi. Í karlaflokki skógarhlaupsins komst Hjalti Þórhallsson fyrstur í mark á tímanum 1.05.10 en í kvennaflokki sigraði Hjálmdís Zoëga á 1.10.50. Í öðru sæti urðu Jón Jónsson og Guðrún Helga Tryggvadóttir og í því þriðja Magnús Guðmundsson og Sigurlaug Helgadóttir. Þess má geta að sigurvegarinn í karlaflokki, Hjalti Þórhallsson, er skógarhöggsmaður á Hallormsstað. Skógarmenn stóðu því sannarlega fyrir sínu á Skógardeginum mikla 2015 segir á vef Skógræktar ríkisins. */MÞÞ*



Veitingar voru á boðstólum eins og vera bera á fallegum skógardegi.



Fjölmenni var í Hallormsstaðaskógi á vel heppnuðum skógardegi.




Mikill árangur er af aðgerðum í Stykkishólmi sem miða að því að halda lúpínu í bæjarlandinu í skefjum.

## Stykkishólmur:

# Góður árangur af lúpínuslætti

**Stykkishólmsbær hefur frá sumrinu 2010 látið slá lúpínu í landi sínu. Slegið er um mitt sumar, þegar lúpínan er í fullum blóma eða fljótlega þar á eftir, áður en lífvænleg fræ hafa myndast. Verkefnið er unnið í samvinnu við og með ráðgjöf Náttúrustofu Vesturlands.**

Árangur aðgerðanna er mikill og er graslendi nú smám saman að taka við af lúpínubreiðum. Vegna mikils fræforða í jarðvegi er þó nauðsynlegt að halda aðgerðum áfram, því annars mun lúpínan fljótt ná sér á strik að nýju, segir á heimasíðu Náttúrufræðistofu Vesturlands.

### *Viðráðanlegt verkefni*

Fram kemur í skýrslu sem gerð var fyrir fáum árum að Stykkishólmur eigi ekki mikið land og aðgerðir gegn ágengum plöntutegundum því enn viðráðanlegar. Komust höfundar að því að útrýming allra ágengra plöntutegunda í bænum væri æskileg og vel framkvæmanleg.

„Það væri því vel við hæfi að Stykkishólmsbær yrði fyrst íslenskra sveitarfélaga til að útrýma ágengum plöntutegundum og fylgja þeim árangri eftir með því að verða fyrsta sveitarfélagið í Evrópu til að setja reglugerð um takmörkun þessara tegunda. Slíkt verkefni yrði að líkindum öðrum sveitarfélögum til eftirbreytni eins og raunin hefur orðið með önnur umhverfisverkefni bæjarins," segir í umræddri skýrslu um ágengar plöntur í Stykkishólmi. */MÞÞ*

## Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar:

# Ástand varnagirðinga með öllu óviðunandi

**Á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 23. júní 2015 var tekið fyrir mál, Áskorun til Matvælastofnunar vegna varnagirðingar frá Hvalfjarðarbotni að Þórsjökli. Var gerð eftirfarandi bókun:**

Oddviti lagði til að sveitarstjórn samþykki eftirfarandi bókun og sendi til MAST með afriti á ráðherra og sveitarfélög sem málið varðar.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar lýsir yfir áhyggjum sínum á ástandi varnagirðinga milli Vesturlandshólfs, Landnámshólfs og Grímsness og Laugardalshólfs. Þess ber að geta að Landnámshólfið er skilgreint sýkt svæði að hluta. Girðingin sem um ræðir liggur frá Hvalfjarðarbotni við Múlafjall um Hvalvatn að Kvígindisfelli að Brunnum við Uxarhryggi í Hrúðurkarla við Þórisjökul. Ástand girðingarinnar er með öllu óviðunandi, sökum langvarandi skorts á viðhaldi. Girðingar sem er illa haldið við skapa mikla hættu fyrir menn og dýr og því óforsvaranlegt að þessir hlutir séu í ólagi árum saman.

Óskar sveitarstjórn skýrra svara hvernig Matvælastofnun hyggst sinna sínu lögbundna hlutverki á viðhaldi áðurnefndrar girðingar. Jafnframt hvort fram hafi farið mat á viðhaldsþörf áðurnefndrar girðingar innan MAST.



## Vínrækt:
# Skandinavísk léttvín

**Áhrif loftslagsbreytinganna í heiminum eru margs konar. Með hækkandi hita bendir flest til þess að vínrækt í Evrópu muni flytjast norðar í álfuna.**



Bændur í Danmörku og á Skáni í Svíþjóð eru þegar farnir að prófa sig áfram með þrúgur og þar sem best gengur eru þeir farnir að framleiða rauð- og hvítvín. Nyrsta vínrækt í Evrópu telst núna vera á býli sem er skammt utan við Malmö í Svíþjóð þar sem er að finna um 20.000 vínviðarplöntur í ræktun.

Heimilisfólk á bænum segir að samkvæmt skráningum hafi mánuður bæst við ræktunartímabilið hjá þeim síðustu fjörutíu árin og það hafi gert þeim kleift að hefja vínviðarræktun fyrir fimmtán árum. Mælingar sýna að hitastig á Skáni hefur hækkað um 2° Celsíus frá þarsíðustu aldamótum.

Vínrækt er einnig talsverð í suðurhéruðum Bretlands, Kent og Sussex, þar sem er framleitt talsvert af freyðivíni. /VH



## Matvælaframleiðsla:
# Mjólkurverðsstríð í breskum stórmörkuðum

**Breskir stórmarkaðir hafa undanfarið keppst hverjir við aðra við að lækka mjólkurverð. Samtök mjólkurframleiðenda í Bretlandi segja verðið undir framleiðslukostnaði.**

Undanfarið hafa stórmarkaðir í Bretlandi eins og lágvöruverslanirnar Aldi og Lidl lækkað útsöluverð á lítra af mjólk um tæpar 30 krónur. Matvælakeðjan Sainsbury hefur nú bæst í hópinn og lækkað mjólkurlítrann hjá sér um sömu krónutölu og býður mjólk á lægra verði en Tesco, Asda og Morrisons sem að öllu jöfnu bjóða lægra verð en Sainsbury.

Samtök mjólkurframleiðenda í Bretlandi segja að verð á mjólk í landinu hafi verið lágt áður en verðstríðið hófst en að nú sé verið að selja mjólk á verði sem er undir framleiðslukostnaði.

Í yfirlýsingu frá Sainsbury segir að þrátt fyrir lækkunina ætli fyrirtækið ekki að lækka innkaupsverð til bænda og sjálft að taka á sig kostnaðaraukann. Bresku bændasamtökin segja að þrátt fyrir yfirlýsingu Sainsbury sýni reynslan að svona lækkanir endi alltaf hjá framleiðendum og mjólkurverðsstríð stórmarkaðanna hafi leitt til gjaldþrots fjölda mjólkurbúa undanfarin ár. /VH



## Nytjar og náttúruvernd:
# Rottur hafsins

**Lagt hefur verið til að nytjar á loðsel við strendur Suður-Ástralíu verði hafnar á ný.**

Áætlaður fjöldi loðsela í einum flóa á svæðinu er um 100.000 og að sögn sjómanna eru selirnir að éta upp allan fisk á stórum hafsvæðum og kalla þeir þau „rottur hafsins“.

Að sögn heimamanna hefur fjölgað gríðarlega í loðselastofninum eftir að hann var friðaður fyrir nokkrum árum og er hann nú allt of stór og hann farinn að auka útbreiðslusvæði sitt verulega. Selirnir éta fisk úr netum sjómanna eða bíta þá þannig að þeir verða ósöluhæfir. Þeir eru einnig sagðir farnir að ganga á sjófuglastofna við suðurströnd álfunnar og þá sérstaklega mörgæsir.

Þingmaður frá Suður-Ástralíu hefur lagt fram tillögu á ástralska þinginu um að nytjar á loðselastofninum verði leyfðar á ný og stofninn þannig grisjaður. /VH




**Þróun útbreiðslu mjaltaþjónabúa á Norðurlöndunum. Eins og sjá má er heldur farið að draga úr fjölguninni í Svíþjóð sem er í samræmi við væntingar í ljósi aukinnar samkeppni sem kúabú þar í landi búa við sem og vaxandi meðalbústærð.**

## Mjólkurframleiðsla á Norðurlöndum:
# Nærri þriðji hver mjólkurlítri frá mjaltaþjónabúum

**Síðustu árin hefur mjaltaþjónum fjölgað mikið á Norðurlöndunum og um síðustu áramót voru slík mjaltatæki á 16,3% af öllum norrænum kúabúum.**

Áætlað er að heildarframleiðsla þessara búa standi undir 28,7% mjólkurframleiðslunnar. Einnig að 27,8% af öllum mjólkurkúm Norðurlanda hafi verið mjólkaðar með mjaltaþjónum um síðustu áramót. Þetta kemur fram í yfirliti frá tæknihópi NMSM og byggir m.a. á upplýsingum innflytjenda mjaltaþjóna allra Norðurlandanna.

NMSM
Nordiske Meieriorganisasjoners Samarbeidsutvalg for Mjølkekvalitetsarbeid

*NMSM*

Afurðastöðvarnar í mjólkuriðnaði á Norðurlöndunum starfrækja samstarfsvettvang fagfólks á sviði mjólkurgæða, mjaltatækni og dýraheilbrigðis sem kallast NMSM (Nordiske Mejeriorganisationers Samarbejdsudvalg for Mælkekvalitetsarbejde). Á MS á Íslandi aðild að þessu samstarfi. Markmiðið með samstarfinu er að efla faglega þekkingu og miðla reynslu, þvert á landamæri, innan framangreindra þriggja faggreina sem eiga nokkra sérstöðu á Norðurlöndum. Enda eiga þau það sameiginlegt að leggja áherslu á dýravelferð, tækninýjungar í mjólkurframleiðslu og á framleiðslu á hágæðamjólk.

Tæknihópur NMSM sér m.a. um að safna árlega upplýsingum um útbreiðslu mjaltaþjóna á Norðurlöndunum. Hefur það verið gert á hverju ári frá því að fyrstu mjaltaþjónarnir litu dagsins ljós í Danmörku árið 1996. Er þetta gagnasafn einstakt í heiminum, en hvergi annars staðar getur vísindafólk komist í viðlíka upplýsingar.

*1.376 mjaltaþjónabú í Noregi*

Eins og sést við lestur töflu 1 þá hafa norskir kúabændur tekið þessari mjaltatækni opnum örmum. Á hverju ári eykst verulega útbreiðsla mjaltaþjónanna þar í landi. Á sama tíma fækkar búum með mjaltaþjóna í Danmörku en skýringin á því er talin felast í því að dönsk mjólkurframleiðsla býr við mikla samkeppni á heimsmarkaði þar sem um tveir af hverjum þremur lítrum fara til útflutnings.

Framleiðslukostnaður með mjaltaþjóna er hæstur pr. lítra. Gefur því auga leið að ef mikið er framleitt af mjólk með þeirri tækni,

*Tafla 1.* **Helstu samtölur mjaltaþjóna á Norðurlöndunum 31. desember 2014**

| | Danmörk | Finnland | Ísland | Noregur | Svíþjóð | Norðurlöndin |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi kúabúa | 3.412 | 8.373 | 650 | 9.496 | 4.394 | 26.325 |
| Þar af með mjaltaþjóna | 824 | 904 | 125 | 1.376 | 1.064 | 4.293 |
| Hlutfall mjaltaþjóna af heild (%) | 24,2 | 10,8 | 19,2 | 14,5 | 24,2 | 16,3 |
| Fjöldi mjaltaþjóna | 2.267 | 1.259 | 149 | 1.429 | 1.790 | 6.894 |
| Fjöldi mjaltaþjóna pr. bú að jafnaði | 2,8 | 1,4 | 1,2 | 1 | 1,7 | 1,6 |

*Tafla 2.* **Mjólkurframleiðsla Norðurlandanna og áætluð hlutdeild mjaltaþjónabúa**

| | Danmörk | Finnland | Ísland | Noregur | Svíþjóð | Norðurlöndin |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildar mjólkurframleiðsla, millj. kg. | 5.113 | 2.347 | 134 | 1.509 | 2.932 | 12.045 |
| Áætlað mjólkurmagn frá mjaltaþjóna-búum, milljónir kg. | 1.303 | 2.357 | 45 | 485 | 1.024 | 3.453 |
| Reiknað hlutfall mjaltaþjónamjólkur af heild (%) | 25,5 | 25,3 | 33,7 | 32,1 | 34,9 | 28,7 |

*Tafla 3.* **Fjöldi kúa á Norðurlöndunum**

| | Danmörk | Finnland | Ísland | Noregur | Svíþjóð | Norðurlöndin |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi kúa (þúsundir) | 551 | 283 | 25 | 195 | 344 | 1.398 |
| Áætlaður fjöldi á mjaltaþjónabúum (þúsundir) | 141 | 65 | 8 | 66 | 108 | 389 |
| Áætlað hlutfall kúa á mjaltþjónabúum (%) | 25,7 | 23,1 | 32,6 | 33,6 | 31,5 | 27,8 |
| Meðalfjöldi kúa á hverju kúabúi | 162 | 34 | 38 | 21 | 78 | 53 |
| Meðalfjöldi kúa á hverju kúabúi án mjaltaþjóns | 158 | 29 | 32 | 16 | 71 | 46 |
| Meðalfjöldi kúa á hverju kúabúi með mjaltaþjón(a) | 172 | 72 | 64 | 48 | 102 | 91 |

þá versnar samkeppnisstaðan. Þá eru dönsk kúabú þau langstærstu á Norðurlöndunum og raunar í allri Evrópu, með rúmlega 160 kýr að jafnaði. Á hverju meðalbúi starfa 1–2 starfsmenn auk ábúandans og því er skiljanlegt að hefðbundnar mjaltir henti betur.

Alls voru um áramótin 4.293 kúabú á Norðurlöndunum með mjaltaþjóna og á þeim alls 6.894 mjaltaþjónar.

***Norðurlöndin framleiða 12 milljarða kg***

Eins og sést við lestur á töflu 2 þá er mjólkurframleiðsla Norðurlandanna nú komin yfir 12 milljarða kg á ári en slíkt magn hefur ekki verið framleitt á Norðurlöndunum í á annan áratug. Sem fyrr ber dönsk mjólkurframleiðsla af með rúmlega 5 milljarða kílóa en þar á eftir kemur sænsk mjólkurframleiðsla með tæplega 3 milljarða kílóa. Tæknihópur NMSM hefur áætlað að af þessum rúmlega 12 milljörðum kílóa mjólkur þá komi um 3,5 milljarðar kílóa frá mjaltaþjónabúum eða nærri 29% allrar mjólkur. Eru þessir útreikningar m.a. byggðir á upplýsingum um bústærðir og meðalnyt.

***Nærri 30% af kúnum mjólkaðar með mjaltaþjónum***

Þó svo að mjaltaþjónar séu á rúmlega 16% búanna þá er ljóst að hlutdeild þessara búa í heildar mjólkurframleiðslunni er mun meiri og felst skýringin á því í bústærðinni eins og sjá má við lestur á töflu 3. Þar kemur m.a. fram að meðal kúabúið á Norðurlöndunum er með 53 árskýr en séu mjaltaþjónabúin dregin út fyrir sviga er myndin töluvert önnur.

Meðalbúið sem er með hefðbundna mjaltatækni er með 46 kýr en meðalbúið sem er með mjaltaþjón er með 91 kú. Mjaltaþjónabúin eru með öðrum orðum tvöfalt stærri að jafnaði en þau kúabú sem nota hefðbundna mjaltatækni.

Sé svo horft til heildarfjölda norrænna kúa, sem voru 1.398 þúsund um síðustu áramót, þá eru nærri 28% þeirra á mjaltaþjónabúum. Hlutfallslega flestar eru í Noregi þar sem 33,8% allra kúa eru á mjaltaþjónabúum.

*Snorri Sigurðsson*
*sns@seges.dk*
*Ráðgjafi hjá SEGES P/S Danmörku*

## Lífræn ræktun:

# Gæti endað í fangelsi fyrir að neita að úða með skordýraeitri

**Vínræktandi í Búrgúndí-héraði í Frakklandi, sem leggur áherslu á lífræna ræktun, á yfir höfði sér allt að sex mánaða fangelsi og háa sekt fyrir að neita að úða akra sína með skordýraeitri.**

Stjórnvöld hafa fyrirskipað vínræktendum í Búrgúndíhéraði að úða vínekrur sínar með skordýraeitri til að stemma stigu við bakteríusýkingu sem herjar á vínviðarplöntur í nágrenni héraðsins. Rök þess sem neitar að eitra er að það komi ekki til greina að eyðileggja jarðveginn með eiturefnum.

Bakterían sem um ræðir nefnist Flavescence dorée á latínu og drepur ungar vínviðarplöntur og dregur verulega úr þrótti og framleiðslugetu fullorðinna plantna. Bakterían berst milli plantna með skordýrum og því talið mögulegt að hefta útbreiðslu hennar með skordýraeitri.

Um 140 þúsund manns hafa skrifað undir stuðningsyfirlýsingu við bóndann auk þess sem fleiri ræktendur í héraðinu eru líklegir til að fylgja í fótspor hans. /VH



**Sýkt planta. Bakterían sem um ræðir nefnist Flavescence dorée á latínu og drepur ungar vínviðarplöntur og dregur verulega úr þrótti og framleiðslugetu fullorðinna plantna.**


PLASTIÐJAN BJARG
IÐJULUNDUR

Starfsþjálfunar – og enduhæfingar vinnustaður

**Lokað frá og með 20. júlí til og með 7. ágúst**

Vegna sumarlokunar eru bændur minntir á að panta **nautgripamerkin** tímanlega.




**Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur**
Furuvöllum 1, 600 Akureyri.
Opnunartími:
Mánudaga – föstudaga, kl. 08.00-16.00
Sími 461-4606, Fax 461 2995
Netfang pbi@akureyri.is



Bændablaðið
Dreift í 32 þúsund eintökum
á 387 dreifingarstaði
og á yfir 5.000 býli á Íslandi







**Jón Viðar Jónmundsson**
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is

# Að liðnu löngu vori

**Nú er lokið lengsta og vinnufrekasta vori sem íslenskir sauðfjárbændur hafa búið við síðan vorið 1979. Þá kom síðan að vísu aldrei sumar í framhaldinu. Við vonum að í ár upplifum við hins vegar hið bærilegasta sumar þó að ætíð sé varlegt að spá um framtíðina. Síðla í vetur og í vor fengu of margir sauðfjárbændur reynslu í sambandi við fóðrun og heilsufar fjárins sem var því miður þungbær. Þess vegna er nauðsynlegt að menn hugleiði nú að sauðburðarönnum afstöðnum hvað megi af þessu öllu læra.**



Á síðasta hluta síðustu aldar var rekinn mikil fræðsla og jafnvel áróður af leiðbeiningaþjónustu fyrir bættri heyverkun og þar með auknum gæðum gróffóður. Á sama tíma breytast heyverkunaraðferðir í grundvallaratriðum og rúllubaggar verða hin ríkjandi heyverkunaraðferð. Í fóðrun sauðfjár verður einnig á síðustu árum grunnbreytingar við fóðrun þess mjög víða með tilkomu gjafagrindanna. Fóðurfræðingar hafa verið iðnir að skýra breytingar í fóðrun á grunni hinna breyttu aðstæðna. Stór hópur sauðfjárbænda hefur tileinkað sér nýjungarnar og náð á þeim góðum tökum. Á síðustu áratugum hafa gróffóðurgæði í landinu breyst feikilega mikið til batnaðar og fóðrun hefur tekið stakkaskiptum til jafnari og betri fóðrunar frá því sem því miður var alltaf algengt að sjá alveg fram á áttunda áratug síðustu aldar. Á enga er hallað þó að nöfn Bjarna Guðmundssonar og Þórarins Lárussonar sé öðrum fremur nefnd í sambandi við þessar breytingar.

Síðasta sumar var, sérstaklega um vesturhluta landsins, óvenjulega úrtakasamt til fóðuröflunar. Fóður fyrir sauðfé var því óvenjuslakt alltof víða á þessu svæði og á einstaka búi um allt land sem því miður á sér of oft stað. Jafnvel virðist í einstaka tilvikum því miður að fremur hefði átt að tala um heyfenginn sem útvatnaðan hálm en gróffóður fyrir sauðfé. Of margir bændur stóðu því frammi fyrir aðstæðum á síðasta hausti sem þeir góðu heilli höfðu ekki þurft að takast á við í marga áratugi.

Því miður berast nú fréttir af óvenjumiklum dauða á ám víða í vetur og vor. Ég hef sjálfur verið meira á ferðinni úti um sveitir og komið í fleiri fjárhús og rætt við fleiri fjárbændur en nokkru sinni áður á mínum langa starfstíma. Því miður taldi ég mig strax um miðjan maí á ferðum um vestanvert landið sjá skugga sem ég þóttist þekkja frá áttunda áratugnum úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Þá strax greindi ég mönnum, sem ég veit að geta vottað, hvað í vændum væri, sem því miður gekk of mikið eftir.

Mér er ljóst að hér muni í sumum tilvikum um talsvert flókið mál að ræða. Í mínum huga eru samt tvær meginástæður fyrir því sem gerðist. Annars vegar hið gríðarlega slæma fóður sem sumir bændur áttu frá síðasta sumri og tugir bænda sem fyrir skakkaföllum hafa orðið hafa lýst fyrir mér með nákvæmlega sömu setningu; „Við vissum síðastliðið haust að við vorum með alltof léleg hey en að þau væru jafnslæm og raunin varð er óralangt frá því sem okkur gat grunað.“ Hið síðara var óvanalegt vatnsveður sem gekk yfir víða á vesturhluta landsins fyrstu vikuna í júní þar sem fremur slakt fóðrunarástand gerði hættuna enn meiri. Eins og veðrinu hefur verið lýst fyrir mér var þetta á verstu stöðum manndrápsveður. Þetta var orð sem ég aldrei hafði skilið á mínum yngri árum, alinn upp við þurrar stórhríðar norðanlands, en fyrst þegar ég mætti slíkum veðrum, hvassviðri og kaldri rigningu á fjallvegum vestanlands skildi ég orðið. Við slíkar aðstæður verður kæling það gífurleg að jafnvel best fóðraða fé nær ekki að lifa það af.

Því sem liðið er verður ekki breytt. Hins vegar held ég að varðandi fyrri þáttinn sem ræddur er hér að framan þurfi bændur og þeir aðilar sem þá þjónusta að meta ýmsa þætti í ljósi reynslunnar og færa margt til betri vegar. Síðari þátturinn flokkast undir náttúruvá sem er ekki í hendi eins né neins að stýra. Líklega hafa sumar eftirhreytur fyrri þáttarins einhver áhrif til að magna áhrif þess síðari eins og áður segir.

Fyrsti þátturinn sem vekur athygli er hve seint ástandið kemur í dagsljósið, þó að sumum hafi verið ljóst nokkru fyrr hvað var að gerast. Af eðlilegum ástæðum beinast augun að þeim aðila sem falið er eftirlit þessara mála samkvæmt lögum, MAST, þaðan heyrðist hvorki hósti né stuna. Starfsmenn margir að vísu komnir í verkfall þegar á vorið leið. Einnig starfrækti RML Sauðfjárskóla vestanlands alveg fram á þann tíma sem vandamál í fóðrun voru farin að birtast einhverjum án þess að kveikja á perunni hjá kennurum þar eða nemendum. Vafalítið má velta fyrir sér hvort þetta fóðrunareftirlit í eldra formi, sem mikið var áður unnið af starfsfólki búnaðarsambandanna, hefði getað forðað talsverðu tjóni. Að sjálfsögðu þjónar engu að benda á sökudólga heldur benda á hvað betur hefði mátt fara.

### *Sofnuðu menn á verðinum varðandi það sem síðar gerðist?*

Því miður held ég megi benda þar á nokkur atriði sem styðji það. Sumarið 2014 sáu fóðurfræðingar RML hámark fóðurgæða fyrr en oftast áður og hraðara fall fóðurgæðanna en áður hafði sést. Þannig segja þeir mér að í raun hafi mestur kraftur úr grösunum verið horfinn snemma í júlí. Síðan kemur ein afleitasta heyskapartíð sem bændur muna sérstaklega á vestanverðu landinu, stöðugar rigningar, mikil spretta og verulegt magn sauðfjárfóðurs ekki slegið og hirt fyrr en í ágúst. Í allmörgum tilfellum mun til viðbótar orku- og efnasnauðu heyi hafa bæst við að verkun tókst ekki sem skyldi. Fóðrið varð blautt og þá um leið ólystugra og stækkaði þannig enn vítahringinn. Þarna hefðu viðvörunarbjöllur hjá fóðurráðgjöfum og fleiri ráðgjöfum bænda átt að hringja fyrr og meira en raunin var. Skarpari aðvaranir en áður hefðu þurft að heyrast strax síðastliðið haust.

Um áratuga skeið hefur leiðbeiningaþjónustan talið sig vera að brýna fyrir bændum nauðsyn heysýnatöku og byggja síðan skipulag vetrar- og vorfóðrunar ánna á þeim niðurstöðum. Eftirtekjan af þeirri vinnu meðal sauðfjárbænda er líkt og raun ber vitni alltof lítil. Hér tel ég bændur verði að horfa í eigin barm. Velta þarf fyrir sér hvort í raun sé mögulegt að tala um gæðastýrða framleiðslu ef menn vita jafn lítið um aðalrekstarþátt framleiðslunnar fyrir utan bústofninn og raun ber vitni. Verða menn ekki í fullri alvöru að velta fyrir sér hvort upplýsingar um gæði fóðursins verði ekki á komandi árum að teljast nauðsynlegt skilyrði gæðastýrðrar framleiðslu?

Um áratuga skeið annaðist ég skýrslur fjárræktarfélagann og ein öfugþróun sem ég horfi þar uppá var hve hratt menn drógu úr vigtun ánna að vetrinum. Biðlaði ég oft til bænda að snúa við þessari þróun en talaði þar mjög fyrir daufum eyrum og gott betur. Meðan þessi vigtun var almenn var hún oft bölvað púl vegna þeirrar tækni sem menn bjuggu þá við. Ég tók fram að þessar upplýsingar hefðu takmarkað ræktunarlegt gildi en væru nauðsynlegt reglubundið eftirlit með fóðrun og heilbrigði ánna. Betur hefðu einhverjir á sínum tíma lesið og breytt eftir ábendingum. Í dag er þessi framkvæmd á flestum búum orðin sáraeinföld, yfirleitt aðeins að reka ærnar gegnum meira og minna sjálfvirkar vogir og lesa þungan á tölvuskjá og ætla verður að flestir geti lesið úr samanburði við síðustu vigtun. Jafnvel enn betri en vigtun er holdastigun ánna, sem því miður allt of fáir bændur hafa lært og enn færri nota. Hvaða bóndi sem er á samt að geta gert sér grein fyrir mun á á í eðlilegum holdum og þeirri sem er mjög farin að tapa holdum.

Tilfinning mín eftir vorið er, að það sé nokkur hópur yngri bænda, jafnvel dýralækna, sem betur fer þekkir ekki lengur fyrstu áhrif vanfóðrunar hjá sauðfé. Þess vegna hefur áreiðanlega einstaka aðili áttað sig full seint á ástandi fóðrunar í hjörðinni og því dregist of lengi að grípa til aðgerða.

Þar sem slök hey eru meginorsök vandans er áreiðanlega einn þáttur þess hve mikill hann varð á einstaka stað að menn meta ástandið rétt alltof seint. Þar hefði vigtun og/eða holdastigun komið að umtalsverðum notum. Á mörgum þessum búum uppgvötast vandinn ekki fyrr en snemma í eða um miðjan apríl. Þá eru ærnar komnar í hámarks fóðurþarfir og á viðkvæmasta stig fóðrunar. Margar tilraunir til að grípa þá í taumana til að leiðrétta þróunina eru því miður dæmdar til að mistakast. Mikil kjarnfóðurgjöf skyndilega við þessar aðstæður getur valdið röskun hjá gripum í misjöfnu fóðrunarástandi.

Einn viðbótarþáttur hins slaka fóðurs er áreiðanlega sá að mörg vítamín og steinefni hafa að stórum hluta tapast úr fóðrinu eða hlutföll þeirra í fóðrinu eru orðin snarrugluð. Slíkt gerir að sjálfsögðu slæmt ástand enn verra og þau hliðaráhrif eru áreiðanlega í sumum tilvikum ástæða þess sem margir tala um hve illa og langan tíma virtist oft taka eða jafnvel ekki takast að ná ám sem farnar voru að misgangast í eðlilegt ástand aftur. Efnaskiptarugl getur tekið langan tíma að leiðrétta. Það hefur alla tíð verið þekkt að einstaka bú þar sem fóðrun öll er til fyrirmyndar lenda í fóðrunarvandræðum vegna óútskýrðrar efnaruglunar í fóðri. Slíkt hefur trúlega gerst á einstaka stað í vetur líkt og dæmi eru um ætíð áður.

Ýmsir velta fyrir sér hvort hlutur breyttrar fóðurtækni sé einhver í því sem gerst hefur. Við fóðrun á slæmu fóðri er vart vafamál að gallar gjafagrindanna koma í ljós. Við þær aðstæður stóraukast líkurnar á að einstakar ær verði útundan og misgangist. Einnig er áreiðanlegt að hjá sumum bændum verður einstaklingseftirlitið í hjörðinni ekki jafn gott og það verður alla jafnan þar sem gefið er á garða.

Hjá sumum er skortur á aðstöðu til að gefa kjarnfóður þegar fóðrað er í gjafargrindum. Gríðarlega margir bændur hafa að vísu búið við það gott gróffóður um langt árabil að kjarnfóðurgjöf er með öllu óþörf. Sem betur fer er sá hópur bænda sem viðhélt slíkri fóðrun síðasta vetur með prýðisárangri miklu miklu stærri en þeir sem mögulega lentu í misalvarlegum útafakstri. Hins vegar er það fullkominn þekkingarskortur að trúa að mögulegt hafi verið að fóðra ær á síðasta mánuði meðgöngu og á sauðburði án kjarnfóðurgjafar á þeim búum þar sem heygæði voru allra lökust.

Margir gefa steinefni og vítamín úr steinefnastömpum með frjálsum aðgangi gripa. Mér hefur verið bent á af snjöllum fóðrurum að við gjafagrindafóðrun beri stundum á óeðlilegu áti einstakra áa sem útundan verða á grindinni úr stömpunum. Velta má fyrir sér hvort slíkt geti mögulega valdið efnaröskun. Líka er spurning hvort ástæða sé til að skoða nánar samsetningu þessa fóðurs, jafnvel út frá þeim möguleika að ofát geti skapað efnaeitrun vegna þess að fyrir einstaka steinefni eru þarfamörkin hjá sauðfé ekki mjög víð.

Rúningur ánna hlýtur að sjálfsögðu ætíð að verða umræðuefni í þessu sambandi. Hér er held ég varlegast að draga nokkrar algildar ályktanir. Vegna lakari fóðurgæða en oft þá sést að sjálfsögðu talsvert af ám sem hafa ullast alltof illa síðla vetrar og í vor eftir að snoðið var rúið. Ullarvöxturinn varð undir í samkeppni við takmarkað næringarframboð, auk mögulegs misgengis í próteinnámi úr fóðrinu. Þetta hefur áreiðanlega eitthvað komið niður á ánum í júníbyrjun í rigningunni þá þar sem hún varð mest. Nokkuð ljóst er að ær í ullu eða snoði koma betur frá þessu vori en hinar en hver og einn verður að meta þá tryggingu í ljósi tekjutaps í ullarsölu.

Einn þáttur sem við vitum að hefur gerbreyst á undanförnum áratugum er sauðfjárstofninn. Þess vegna er fátt eðlilegra en að því sé velt upp hvort slíkt geti verið áhrifaþáttur sem vert sé að huga að. Ég viðurkenni að það mál getur ekki að öllu verið mér óviðkomandi. Hér er að sjálfsögðu um að ræða þá miklu minnkun fitu sem orðið hefur í stofninum. Sigurður Sigurðarson, dýralæknir, nefnir þetta sem mögulegan áhrifavald. Nú hef ég komið á fjölda búa í vor sem náð hafa hvað mestum árangri í þessum efnum á síðustu áratugum án þess að sjá hin minnstu merki slíkra áhrifa. Hins vegar get ég alveg tekið undir með Sigurði að þetta er mál sem á að skoða. Við þær aðstæður að fóðrun hafi farið úr böndunum og veðuráhlaup eins og í byrjun júní þá þykir mér hins vegar með öllu órökrétt annað en gera ráð fyrir að fituleysið bæti ekki ástand gripanna og það verður reynt að skoða þegar gögn verða fyrir hendi. Slíkt er að vísu ekki einfalt mál. Hitt verðum við að muna að stefnan hlýtur ávallt að vera hjá bændum að fé sé vel fóðrað. Það gerði að sjálfsögðu meginþorri allra sauðfjárbænda á Íslandi á síðasta vori og komst með miklum sóma frá hinu langa, kalda og erfiða vori án nokkurra meiri eða minni áfalla en gerist í eðlilegu árferði.

Það sem hér hefur verið til umræðu er ástand hjá miklum minnihluta bænda sem urðu öðru fremur fyrir óvanalegum áföllum við fóðuröflun sumarið 2014. Þau eru hins vegar þess eðli að af þeim verða allir aðilar að læra sem þessi mál koma við, bæði bændur og þjónustulið þeirra.

Sérstakur kafli þessa máls er sú yfirlýsingagleði sem vaknaði hjá sumum aðilum úr dýralæknastétt. Í nokkra daga var því haldið að þjóðinni að mögulega væri á ferðinni nýr smitandi sauðfjársjúkdómur. Bestu menn eins og Jónas vinur minn í Fagradal og margir fleiri hafa lagt trúnað á þetta út frá því sem lesa má í fjölmiðlum. Hér átti að hafa vaknað upp ný tegund smitefnis sem virtist haldin greind þannig að það hafði fyrst og fremst viðkomu á búum þar sem fóðri var óbótavant frá sumrinu áður. Í framhaldinu bættist við yfirlýsingagleði dýralæknayfirvalda hjá MAST byggð á engri tölfræði og á sér nánast engar hliðstæður hér á landi, sem betur fer. Þetta verður ekki frekar rætt hér, þó að það væri tilefni enn lengri greinar en þessara, en í þessu máli skulda fyrrnefndir aðilar íslenskum sauðfjárbændum auðmjúka afsökun á framkomu sinni.

*Þetta túlkar eingöngu mínar skoðanir en ekki á neinn hátt skoðanir þeirra stofnana sem ég hef starfað við.* /JVJ




Sævar Bjarnhéðinsson í Arnarholti ekur í hlað eftir áburðardreifingu á afréttum á vegum Landgræðslufélags Biskupstungna. Myndir /Sigríður Jónsdóttir.

# Ólíkt hafast menn að

**Í ár hefur vorað heldur seint og snjór verið mikill í fjöllum. Í byrjun júní var farið að benda okkur sauðfjárbændum á að gróður tæki seint við sér af þessum sökum. Eflaust var ekki vanþörf á að gera okkur þetta ljóst þar sem við erum ekki sérlega glögg og eigum ekki gott með að fylgjast með tíðarfari eða gróðurframvindu.**

Þrátt fyrir þessa vondu tíð hefur nú hlýnað og í dag, 2. júlí, fóru allmargir bændur héðan úr Biskupstungum með vélar sínar og tæki inn á afrétt til að dreifa áburði á vegum Landgræðslufélags Biskupstungna. Að þessu sinni var dreift með fimm áburðardreifurum og gekk dreifingin vel.

Vonast er til að á mánudaginn 6. júlí verði gróðurfar metið til að taka ákvarðanir um hvenær óhætt er að fara með fé á afréttinn. Það er nefnilega þannig að við, sauðfjárbændur í Biskupstungum, höfum kappkostað að fylgja þeim reglum sem við höfum sett okkur um nýtingu afréttarins. Við erum líka að græða hann upp eftir bestu getu. Og við erum sannarlega stolt af árangrinum.

Sveitarstjórn Biskupstungnahrepps, nú Bláskógabyggðar, hefur alla tíð staðið að afréttarmálunum með miklum sóma og verið áfram um uppbyggingu og ræktun þar innfrá, enda eru afréttir á forræði sveitarfélaga.

Kjalvegur liggur um Biskupstungnaafrétt og er fjölfarinn. Fyrir rúmum aldarfjórðungi setti sveitarfélagið ríðandi ferðamönnum reglur um umgengni á þessari leið, m.a. að fóðra ferðahesta á heyi í áningarstöðum í stað þess að beita þeim á viðkvæman gróður og einnig voru skorður settar við umferð hrossahópa um ákveðin svæði.

Þessar reglur hafa haldið mis vel svo að sumarið 2013 þótti ástæða til að árétta reglur þessar og var það gert með bréfi til ferðamanna og ferðaþjónustuaðila sem ferðast um Biskupstungnaafrétt. Þetta bréf hangir meðal annars í forstofu þjónustuhússins í Árbúðum þar sem kirfilega er tekið fram að EKKI MÁ RÍÐA EFTIR SVARTÁRTORFUM. Árbúðir eru áningarstaður við nefndar Svartártorfur og torfur þessar hafa verið varðar með gríðarmikilli uppgræðslu á vegum Landgræðslufélags Biskupstungna.



Gul frá Myrkholti með sonum sínum í Svartárbotnum sumarið 2011.

Í dag, örugglega viku áður en okkur verður heimilað að flytja eina einustu kind á þennan afrétt, fór 130 hrossa hópur á vegum Íshesta yfir þessar torfur, sem öllum má vera ljóst að ekki er leyfilegt. Þessi hópur var á suðurleið. Í norðurferðinni nokkrum dögum FYRR, var hópurinn EKKI NEMA 100 hross. Þá var þeim líka hleypt yfir Torfurnar. Og þetta er alltaf svona. Það er alveg sama hvaða reglur eru settar til að vernda þetta land, það virðist enginn þurfa að fara eftir þeim nema sauðfjárbændur.

Uppgræðslurnar á Svartártorfum eru langt í frá eina gróðurlendið sem hestaferðirnar leika svona grátt. Það þykir sjálfsagt að víkja útaf brautunum og ríða uppgræðslurnar við áningarstaðina, svo sem í Svartárbotnum og innan við Árbúðir. Grasbletturinn við braggann í Sultarkrika er traðkaður í hverri hestaferð. Þar er lagt á hrossin, þar standa þau kyrr því í sumum ferðum eru tvær rúllur látnar duga í 100–130 hross í hverjum náttstað. Í Skálunum, sem eru gróðurlendi sunnan í Bláfellshálsi, eru leiðtogar hestaferðanna búnir að dúndra hrossaflotunum niður alla bolla og skera þá í sundur með djúpri reiðgötu. Þarna fossar vatn í rigningum öll haust. Hvað í ósköpunum er hægt að gera við svona framferði?

Síðastliðinn vetur kom út Tillaga til kynningar landsskipulagsstefnu 2015–2026 á vegum Skipulagsstofnunar. Þar var m.a. fjallað um skipulag á miðhálendi Íslands.

Í þessu riti um skipulagsstefnu birtist glögglega sá skilningur að aðeins BEIT geti valdið gróður- og jarðvegsskemmdum. Öll umferð manna, gangandi, ríðandi, akandi eða af völdum mannvirkjagerðar, virðist ekki geta haft áhrif á gróður eða jarðveg. Og það er einmitt þessi tegund af skilningi sem blasir við okkur sauðfjárbændum oft á ári. Gróðurleysið er alfarið á okkar ábyrgð, okkur að kenna og það er okkar mál að færa það til betri vegar. Engra annarra.

Ég er ekki að fara fram á að ríðandi fólk sæti sömu ofsóknum og sauðkindin hefur þurft að þola, ég fer aðeins fram á sanngirni og réttlæti. Málflutningur þeirra sem telja sig hafa vit á gróðurfari er oftast ansi einhliða og til þess fallinn að styggja síður þá sem betur mega. Stundum sýnist mér jafnvel að fólki sé nákvæmlega sama um þessi strá, svo lengi sem einhver nær að koma böndum á hið lítilsiglda líf rollubóndans.

Þessi pistill er annar í röðinni, á eftir greininni – Hefjum tösku hátt á loft.

*Sigríður Jónsdóttir*
*Arnarholti.*

# Flugnaplága = sýklaplága



**Eitt af forgangsverkum í byrjun sumars hjá mjólkurframleiðendum ætti að vera ráðstafanir gegn skordýraplágu í fjósum og mjólkurhúsum.**

Flugur þe. sk húsflugur ( Musca domestica) og aðrar minni sem oft fylla fjós og skepnuhús eru bæði hvimleitt ágangsfyrirbæri og síðast en ekki síst bæði sóðaplága og sýklaberar.

Þær skíta á allt sem þær setjast á og bera í sér aragrúa af sýklum og óhreinindum sem valdið geta sjúkdómum í mönnum og skepnum

Fyrir utan sóðaskapinn af slíkum kvikindum sem oft eru í þúsunda tali og jafnvel tugþúsunda tali í fjósum og öðrum skepnuhúsum þá fljúga þær oft í og setjast að á mjólkurtönkum og áhöldum við mjólkurframleiðslu og rata býsna oft ofaní mjólkina í mjólkurtanknum sé tankurinn opin gerð, og kvikindin skapa þannig tilheyrandi ólystilegheit og ekki síst óþrif og sýklaferli.

Mikil flugnaplága í fjósum veldur því að allt er undirlagt af flugnaskít sem erfitt er að þrífa og mengar allt umhverfið sem á að heita matvælaframleiðslustaður.

Einnig verður óþefur í flugnaplágu mikill og slíkt er ekki eingöngu hvimleitt heldur er mjólk afar sækin á lyktarmengun og tekur í sig óbragð af ólyktinni.

Skynsamlegast er að reyna að þrífa vel á stöðum sem flugur eru að vaxa en síðan að eitra ef þörf er á, en ítreka, það ætti að þvo vel áður því hreinn flötur þarfnast minna magn eiturs ef farin er sú leið.

Best er að nota álímispjöld eða penslunarspjöld vegna þess að ekki ætti að úða eitri um allt vegna hættu á að menga mjólkina og ef skepnur eru inni veldur eiturúðun vanlíðan.

Dvalarstaður ungfluga og lirfa flugunnar er oft neðan í haughúslofti og neðan í stéttum í fjósi, en einnig undir flórristum og þarf því að úða eitri af kunnáttu og vandvirkni á þá staði enda ekki hægt að koma þar fyrir spjöldum til þess að árangur náist.

Skylda er samkvæmt mjólkurreglugerð að sjá til þess að halda flugum og meindýrum í skefjum í fjósum og mjólkurhúsum og því ættu allir að gera ráðstafanir gegn flugu á vorin þegar hún er að byrja að kvikna.

Tvennt er það sem flugum er meinilla við en það er hreinlæti og lágt hitastig eða kuldi.

Því er áríðandi forvörn að hafa eins hreint og unnt er í fjósum og mjólkurhúsum og ekki síst, vel loftræst og eins kalt og mögulegt er.

Og ef flugnaplága hefur herjað og búið er að drepa hana niður, þrífið þá og þvoið flugnaskítinn burt, sér í lagi af mjaltakerfinu og mjólkurtönkum því eins og áður sagði, hrein fjós eru illa liðin af flugunni og óþefurinn af flugnaskítnum er ótrúlegur.

Látið ævinlega fagmenn um eitrun og eins og áður sagði bíðið ekki eftir því að flugan klekist út og fylli fjósin og skíti á alla hluti, eitrið áður!

Í raun er ekki fráleitt að halda því fram að flugnaplága (mikill ágangur flugu) geti orsakað eða a.m.k. viðhaldið lakara júgurheilbrigði mjólkurkúa þar sem flugnagerið herjar á kýrnar, angrar þær og pirrar á allan hátt þannig að viðkomandi gripir verða taugastrekktari og þar með veilli fyrir sjúkdómum s.s. júgurbólgu því þekkt er að góð líðan kúa eykur á hreysti þeirra og eiginleika til að takast á við sýkingar með eigin ónæmiskerfi.

Pirraðar kýr með aragrúa flugna sveimandi og skríðandi yfir og á eru því ákjósanlegt skotmark sýkla sem valdið geta júgurbólgu.

Það er því áríðandi að klippa kýrnar því annars svitna þær meira og verða skítugri og af leiðir meiri ágangur flugna og skordýra.

*Kristján Gunnarsson*
*ráðgjafi Bústólpa ehf.*

Vorharðindin fyrir vestan:

# Sauðkindin er varnarlaus í rigningarslagviðrum og slyddu!

**Sannleikurinn er sá að það gerir hret á flestum vorum hér fyrir vestan. Þetta var er engin undantekning. Auk þess hefur það verið mjög kalt eins og oft er raunin.**



Sigurjón á Lokinhömrum með ánni Svöl sem hrapaði úr Fuglberginu forðum, fleiri hundruð metra. Og lifði það af. Aldrei hvarflaði að þeim mikla fjárræktarmanni að svipta ærnar sínar þeirri einu náttúrulegu vörn sem þær höfðu á köldu vestfirsku vori. Ljósm. H.

Mannskepnan er búin að ræna sauðkindinni þeirri einu vörn sem hún hefur í slíkum vorum: Ullinni. Hún hélt lífinu í henni í gegnum aldirnar og þar með hinni íslensku þjóð. Nú eru blessaðar ærnar settar varnarlausar út í vorharðindin og verra en það. Er nema von að illa fari sagði gamall og lífsreyndur smali um daginn. En oft er það gott er gamlir kveða eins og þar stendur.

Spekingarnir í Heita pottinum á Þingeyri láta ekki að sér hæða. Um daginn var verið að ræða um sauðkindina og hvernig henni reiðir af án hinnar einu varnar sem náttúran hefur gefið henni. Semsagt ullarlausri með tvö og þrjú lömb.

Þá sagði ein frúin: „Hvernig ætli hefði farið fyrir léttadrengnum á Brekku ef honum hefði nú verið sleppt út úr fjárhúsinu allsberum í því ógnarlega vatns- og slydduveðri sem var í vikunni?“ Ekki stóð á svari: „Hann hefði króknað úr kulda, nákvæmlega eins og ullarlausar ærnar í tuga- eða hundraðatali um daginn hér fyrir vestan.“

Menn voru algjörlega sammála um að það sé nákvæmlega sama lögmálið, hvort sem um mannskepnuna er að ræða eða sauðkindina. Nema hvað sauðkindin er harðgerðari. Og nú þurfa sauðfjárbændur að athuga sinn gang. Þó fyrr hefði verið.

*Hallgrímur Sveinsson*

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Fjárvís

# Nokkur orð um skýrsluhald sauðfjár



Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Ráðunautur í sauðfjárrækt
eyjolfur@rml.is

**Um mánaðamótin mars/apríl sl. var skýrsluhaldskerfið í sauðfjárrækt uppfært. Uppfærslunni var svo fylgt eftir með kynningarfundum um allt land í apríl og júní sem nú er lokið en á þá fundi mættu rúmlega 600 aðilar. Á fundunum var farið yfir helstu breytingar á kerfinu og sýnt hvernig skráningarkerfið virkar.**

Samhliða þessu voru útbúin kennslumyndbönd og eru tenglar á þau aðgengilegir á heimasíðu RML.

Skráning vorgagna hefur gengið vel það sem af er. Af athugasemdum/ábendingum frá notendum að dæma eru menn almennt ánægðir og telja skráningu vorgagna ganga betur fyrir sig en í eldri útgáfu. Áfram er þó unnið að endurbótum og lagfæringum á kerfinu og allar ábendingar vel þegnar. Hægt er að senda þær á netfangið fjarvis@rml.is eða með því að nota hnappinn „Senda athugasemd“ í Fjárvís.




Ein þeirra breytinga sem nú gildir frá vorinu 2015 er að notendur velja sjálfir hvort þeir vilji áfram fá sendar bækur til útfyllingar. Innheimt verður gjald af þeim sem kjósa að fá bækurnar sendar áfram. Gjaldið verður 2.000 kr/án vsk. á hverja bók. Notendur




geta sjálfir prentað bækur með því að velja PDF-skjal í kerfinu sem útbýr bókina til útprentunar á A4 blöð. Við uppfærslu Fjárvís var þessi möguleiki þannig stilltur hjá öllum notendum að þeir myndu vilja fá bók en þessu atriði er breytt í „Stillingar – Notandi“. Þeir notendur sem ekki vilja fá haustbók 2015 verða því að breyta stillingum á sínu búi fyrir miðjan ágúst nk. Þá verður ráðist í að prenta bækur fyrir þá sem vilja fá bækur til útfyllingar í haust.

Líkt og áður verður kynbótamat fyrir frjósemi reiknað í sumar og gögn frá vorinu 2015 tekin með í þeim útreikningum og því ekki ... svo nýjustu upplýsingar um þann eiginlega séu tiltækar við val ásetningslamba í haust.

Á vorbókunum sem menn eiga núna er viðmiðunardagsetning vegna gagnaskila 15. júlí nk. Vanti menn aðstoð við skráningu gagna er hægt að hafa samband við RML í síma 516-5000 eða með því að senda tölvupóst á fjarvis@rml.is.

Jafnframt er minnt á kennslumyndböndin á heimasíðu RML, þar eru í dag myndbönd sem taka á öllum helstu atriðum varðandi skráningu vorgagna.

---

Eldgosið í Holuhrauni gæti mögulega skýrt ærdauða að mati Jónasar Elíassonar, rannsóknarprófessors í verkfræði við HÍ:

# Meltingarsjokk vegna brennisteinsúrfellis

**Verkfræðiprófessor við Háskóla Íslands telur að ærdauðinn í vetur og vor geti stafað af meltingarsjokki vegna brennisteinsúrfellinga úr Holuhrauni. Regn losaði brennistein úr gosmekkinum yfir Norður- og Vesturlandi.**

Um 4.660 kindur létust í vetur og vor án þess að viðhlítandi skýring hafi fundist og ýmsar skýringar á ærdauðanum hafa verið settar fram. Talað hefur verið um að dauðinn stafi af völdum sjúkdóms, lélegs fóðurs eða að féð hafi verið rúið of snemma og veturinn kaldur. Einnig er talið að um samverkandi þætti geti verið að ræða.

Jónas Elíasson, rannsóknarprófessor í verkfræði við Háskóla Íslands, telur mögulegt að ærdauðinn stafi af meltingarsjokki hjá ám vegna brennisteinsúrfellinga úr gosefnum úr Holuhrauni.

Jónas er félagi í alþjóðlegum samtökum um rannsóknir á gosösku úr lofti. Meðlimir samtakanna mældu gosösku, brennistein og önnur efni sem komu frá eldstöðvunum í Holuhrauni eins og Bændablaðið hefur greint frá. Þar er fjallað um líkan sem má nota til að reikna hvar brennisteinninn féll, og rannsaka fylgni milli brennisteinsúrfellisins og ærdauðans.

Hann segir að erfiðustu aðstæðurnar fyrir ærnar séu þegar beitilandið er að koma undan snjó og brennisteinninn í snjónum verður eftir á grasinu. Þegar landið skolast svo í úrkomu sem ekki inniheldur brennistein, hverfur hann smám saman. Því mun hann varla finnast nú þótt eftir honum sé leitað.

Til að mæta þessari hættu hefði þurft að taka sýni úr úrkomu og jarðvegi, og ekki hleypa lambfé á mengað beitiland fyrr en mengunin er horfin.

*Fóstrið og mjólkin gengur fyrir*

„Magnið af brennisteini sem fé innbyrti er ekki nægjanlegt til að valda eitrun en samt nóg til að setja meltingu þess og næringarefnaupptöku úr skorðum og valda næringarskorti þannig að féð deyr úr hor þrátt fyrir að hafa nóg hey.

Fari næringarefnaupptaka lembdra áa úr skorðum gengur þroski lamba í móðurkviði eða framleiðsla mjólkurinnar eftir burð fyrir í líkamsstarfsemi ærinnar og það getur dregið hana til dauða.“

*Brennisteinn úr Holuhrauni*

Jónas segir að úrkoma hreinsi brennistein og önnur aðskotaefni úr loftinu. Einkum er snjókoma mikilvirk hreinsun. Svo virðist sem ærdauðinn sé á svæðum þar sem gosmökkurinn frá Holuhrauni fór yfir landið með úrkomuátt.

„Menn hafa hafnað þessari tilgátu á þeim forsendum að fé sem var næst gosstöðvunum hafi sloppið. Slíkt fellur samt ágætlega að hugmyndinni því Austurland er næst gosstöðvunum og fær gosmökkinn til sín í vestanátt og eins og allir vita rignir ekki í vestanátt á Austfjörðum. Hins vegar rignir á Norður- og Vesturlandi í austanátt. Það svæði fékk mökkinn yfir sig með úrkomuátt og þar er ærdauðinn mestur.“ /VH




Kort sem sýnir útbreiðslu brennisteins í hægri norðaustanátt (Belgingur ehf.).

---

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Vinna við viðhald borgar sig alltaf



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Nú eru margir byrjaðir í heyskap eða að byrja. Á hverju ári hafa komið fréttir af bruna dráttarvéla og tækja sem við þær eru tengd.**

Samkvæmt rannsóknum sem dráttarvélaframleiðandinn John Deere gerði í USA þá er 75% tilfella þar sem dráttarvélar brunnu orsökin að eldur byrjaði og náði að magnast upp vegna óhreininda (þurrt gras, lauf og olíulekaóhreinindi). Hins vegar kom fyrsti neistinn sem læsti sig í óhreinindin frá legum sem voru þurrar, brotnar og ofhitnuðu. Við nánari lestur á þessari rannsókn sem vitnað er til þá hafði gleymst að smyrja í legur (koppa), koppar voru stíflaðir og tóku ekki smurningu. Svona afsakanir á enginn að láta frá sér, það þarf að smyrja reglulega í alla koppa og ef koppur er stíflaður er í 99% tilfella mjög auðvelt að skipta út smurkoppum.

*Auðvelt að þrífa flestar vélar*

Glussatengi vilja oft smita olíu og í olíusmitið vill safnast ryk, drulla og sandur. Að halda tengjakistunni aftan á vélinni hreinni er afar auðvelt með því að nota olíuhreinsi og heitt vatn. Mér hefur reynst það vel að vera með steinolíu í lítilli rauðkálskrukku og lítinn málningarpensil sem ég notaði til að þrífa sand og mold úr hraðtengjunum áður en tengin eru notuð. Reglulega þarf að hreinsa gras og hey sem oft vill festast hvort



Samkvæmt rannsóknum er orsökin fyrir dráttarvélarbruna í 75% tilfella sú að eldur byrjaði og náði að magnast upp vegna óhreininda.

Myndir / HLJ

sínum megin við vatnskassann og olíukælinn á vélum (þetta er svo vel vindþurrkað að þessi óhreinindi eru í raun jafn eldfim og bensín). Það hefur komið fram áður í þessum pistlum að fáar dráttarvélar eru með slökkvitæki, en það er best að festa það aftan á vinstra afturbrettið á hefðbundinni dráttarvél.

*Rétt loftmagn í dekkjum getur sparað allt að 20% eldsneytisnotkun*

Það skiptir afar miklu máli að vera með rétt loftmagn í hjólbörðum, en mjög algengt er að menn séu að keyra bæði dráttarvélar og tæki sem tengd eru við þær á allt of lágum loftþrýstingi. Á flestum vélum eru upplýsingar um loftmagn í hjólbörðum. Með réttu loftmagni í hjólbörðum má spara allt að 20% eldsneyti, en að keyra á allt of lágum



loftþrýstingi fer ekki vel með dekkin, vélin erfiðar meira, hitnar og mun meiri hætta er á að skemma dekkin á mjúkum þunnum hliðunum. Michelin hefur verið að hanna dekk sem mega vera með aðeins lægri loftþrýsting en önnur dekk almennt, en mitt ráð er að fara alltaf eftir leiðbeiningum frá framleiðanda hverrar vélar um rétt loftmagn í dekkjum.

Lesendabás

# Markmiðum mjólkursamnings hefur verið náð

## – vonandi hefur skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands ekki kostað mikið

**Landbúnaðarráðherra bað Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að skoða árangur af markmiðum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar.**

Ég hélt að megintilgangur hennar hafi átt að vera að fara yfir þau markmið er snúa að verðlagningu á mjólk til bænda, til neytenda og mjólkuriðnaðarins.

Ég sagði reyndar einhvers staðar þegar skýrslan kom út að ég vonaði að hún hafi ekki kostað mikið. Það getur reyndar ekki verið þegar flett er gegnum hana og skoðuð efnistök og ályktanir.

Látum ályktanir liggja á milli hluta – þar ræður viðhorf þeirra sem á penna halda. Rétt eins og sú ályktun sem ég skrifa hér um skýrsluna. Í það minnsta er þetta tæplega það gagn sem vonast var eftir til að byggja framtíðarstefnumótun á.



Haraldur Benediktsson.

### *Mikill árangur*

En samt ber að undirstrika að árangur af markmiðum er í hendi. Afurðaverð hefur hækkað til bænda, mjólkuriðnaður hefur hagrætt og neytendur njóta verulegs ávinnings í hlutfallslega lægra verði. Reyndar er þetta stórkostlegur árangur og furðar mig hve hljótt hefur verið um þennan hluta.

Bæði Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda hafa reynt að vekja á þessu athygli – en ekki fengið verðskuldaðan sess. Ég get ekki annað en furðað mig á að fulltrúar launþegahreyfingarinnar í verðlagsnefnd hafi ekki fagnað þessari meginniðurstöðu. Það er óþarfa hógværð hjá þeim – enda fullyrði ég að þau sem þar sátu náðu góðum árangri fyrir almenning.

Þau ár sem ég átti samstarf við fulltrúa BSRB og ASÍ í verðlagsnefnd, get ég vottað að trúmennska þeirra fyrir hlutverki sínu var sterk, og skýrslan lýsir árangri þeirra. Þetta ber ekki að skilja sem svo að einhver helgislepja hafi verið yfir vinnu nefndarinnar, – en þar var tekist á með rökum og skilningi á aðstæðum.

### *Aðeins um samanburð og efnistök*

Á þessu kalda vori er nú til dæmis áhugavert að reyna að skilja hvernig hægt er með beinum samanburði að bera saman búskaparaðstæður í öðrum löndum. Ég sé t.d. að sumir vinir mínir í bændastétt, í nágrannalöndum okkar, eru þegar búnir með fyrsta slátt. Kýr búnar að vera á beit í allt að 7–8 vikur. Kýr hér á landi voru að komast út í fyrstu viku júnímánaðar.

> Verð á Íslandi er með öllum styrkjum en verð erlendis er án tillits til styrkja við framleiðslu. Til viðbótar er bændaverð í dag langt undir eðlilegri verðlagningu – sem gerir þennan samanburð sérstaklega ósvífinn – að ekki sé meira sagt.

### *Eitt dæmi um ótrúverðugan samanburð í skýrslunni*

„Mjólkin kostaði samtals 15½ milljarð króna á ári frá íslenskum bændum, en innflutt mjólk hefði kostað tæplega 7½ milljarð á bændaverði, með flutningskostnaði hingað til lands.“ Hér virðist hvorki vera borið saman sama vara né sama verð.

Íslensk vara er fersk mjólk sem nota má í hvaða vöru sem er; erlent verð er meðalverð á undanrennu og smjöri sem ekki er hægt að nota til framleiðslu nema lítils hluta mjólkurafurða.

Verð á Íslandi er með öllum styrkjum en verð erlendis er án tillits til styrkja við framleiðslu. Til viðbótar er bændaverð í dag langt undir eðlilegri verðlagningu, – sem gerir þennan samanburð sérstaklega ósvífinn – að ekki sé meira sagt.

Það er krísuástand í evrópskri mjólkurframleiðslu og reyndar um heim allan, í dag. Hundruð búa verða gjaldþrota í hverri viku. Að taka bændaverð í dag og gera ekki neina tilraun til að leiðrétta fyrir ástandi sem nú ríkir er því einfaldlega alvarleg blekking – að ekki sé talað um hvernig að því er síðan staðið og við hvað er miðað.



> Ég sagði reyndar einhvers staðar þegar skýrslan kom út að ég vonaði að hún hafi ekki kostað mikið. Það getur reyndar ekki verið þegar flett er gegnum hana og skoðuð efnistök og ályktanir.

> Við höfum sóað tíma og fjármunum í að bíða eftir þessari skýrslu – tíma sem við hefðum betur varið til að treysta framtíðarhorfur mjólkurframleiðslu á Íslandi. Þar er því miður ekki burðugt ástand mála og vandséð hvernig á að sækja sambærilegar kjarabætur fyrir bændur – eins og almennt er verið að semja um.

### *Megum ekki missa meiri tíma*

Við höfum sóað tíma og fjármunum í að bíða eftir þessari skýrslu – tíma sem við hefðum betur varið til að treysta framtíðarhorfur mjólkurframleiðslu á Íslandi. Þar er því miður ekki burðugt ástand mála og vandséð hvernig á að sækja sambærilegar kjarabætur fyrir bændur – eins og almennt er verið að semja um.

Vissulega er landbúnaðarráðherra að leitast við að opna og auka möguleika landbúnaðarins – það verður að virða þá tilraun hans til að breikka umræðu um landbúnað. Það á hann að gera – en umfjöllun og efnistök skýrslunnar eru hins vegar ekki að takast það.

Skýrslan staðfestir reyndar að bæði bændur og neytendur hafa náð markmiðum sínum á undanförnum árum.

*Haraldur Benediktsson,*
*bóndi og alþingismaður*

# KROSSGÁTA Bændablaðsins



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 17 | HÓPS | SNÚA HEYI | AÐ BAKI | Í RÖÐ | BUNDIÐ | ■ | BLUND | MOKUÐU | LAND | SKAP-RAUNA |
| | | | | HLÍTA | | | | | | | | | | |
| | | | | FJÖRGAST | | | | | | MÁLMUR / HRÓP | | | | |
| | | | | EINATT | | | | UPPGERÐAR-VEIKI / LIÐUGUR | | | | | | |
| | | | | BLAÐRA | | | | | | | FLEY / HELBER | | | |
| ■ | | BYLGJA | ULLAR-FLÓKI | SPIL / KLAKA | | | | | GJALDA / RÚN | | | | | |
| LEIKUR | | | | | | ÁLAG | BEISLI / SVEIA | | | | | SLAKUR | TEMUR | SAMTÖK |
| AÐ AUKI | | | | | ÁKAFLEGA / SKILABOÐ | | | | | DRYKKJAR-ÍLÁT / GUMS | | | | |
| TVEIR EINS | | | MATAR-ÍLÁT / SÝKJA | | | | | | RENTA / GELDING | | | | | |
| FLJÓT-FÆRNI | | | | SKJÖN / SPENDÝR | | | | HINDRA / HEIMTING | | | | | | PRÓFAÐ |
| ■ | | BLAÐUR / SAMS-KONAR | | | | ÖRLÖG / GLANSA | | | | | DÝRA-HLJÓÐ / TERTA | | | |
| LÍMBAND | | | | | ÞRÁÐUR / UPPISTAÐA | | | | | ÍÞRÓTTA-FÉLAG | | | SPRÆKUR | |
| NAFNBÓT | | | | | | | STÆKKA / ÓLÆTI | | | | | HÓLMI / ÚR HÓFI | | |
| KVK NAFN | | | | MISJAFN | | | | | | ÖGN | | | | |
| Í RÖÐ | | | STÚLKA | | | | | | EINS | | | | | |

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



MYND: ERIK CHRISTENSEN (CC BY-SA 3.0)

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 16 | KASTA | KRYDD | ÍSHROÐI | Í RÖÐ | LJÁR | ■ | MUNDA | HEITI | YNDIS | ÞEFA |
| | | | | TILVÍSUN | S | K | Í | R | S | K | O | T | U | N |
| | | | | BOX | K | A | S | S | I | MÁLM-HÚÐA / HANGA | T | I | N | A |
| | | | | DÝRA-HLJÓÐ | U | R | R | TÝNA / DUNDA | G | L | A | T | A | S |
| | | | | SEINLÆTI / NÝLEGA | T | R | E | G | Ð | A | SVELGUR / MÓTMÆLI | I | Ð | A |
| ■ | ↓ | TÆMA | SVIPAÐ / BOGI | Á | L | Í | K | A | ÓHEILINDI / Í RÖÐ | F | A | L | S | SVIF |
| FEGRA | P | R | Ý | Ð | A | GAUL | ÁN / HYGGST | U | T | A | N | FRAM-BURÐUR | GILDRA | Á |
| MINNKA | R | Ý | R | A | HAMINGJU / KANTUR | G | Æ | F | U | HÆLA / HELDUR BROTT | D | Á | S | T |
| HLJÓM | Ó | M | NEYTA / ÞÓTTI | N | J | Ó | T | A | OFRA / FERÐAST | F | Ó | R | N | A |
| FRAM-KOMA | F | A | S | MJÖG / NÆRÐAR | A | L | L | HEGNA / RJÁLA | R | E | F | S | A | MERGÐ |
| ■ | A | SKÍTUR / MÖGL | T | A | Ð | MJÖG | A | F | A | R | GRÖM / ÓSVIKINN | E | R | G |
| ÞVO | S | K | O | L | A | BÓK / ÁI | R | I | T | LOFT-TEGUND / HÁTTUR | E | T | A | N |
| MULDRA | T | U | L | D | R | A | STEIN-TEGUND / BARDAGI | K | A | L | K | FRÁ | VÖRU-MERKI | Ó |
| SKERGÁLA | U | R | T | A | ÍLÁT | F | A | T | FÍFLAST | A | T | A | S | T |
| TVEIR EINS | R | R | ESPA | R | E | I | T | A | ÚT-HLUTAÐIR | G | A | F | S | T |

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

## Líf og lyst

## Bærinn okkar



Magnús, Halldóra og Jóhann Ingi.



Gunnþór Sveinn.




# Víkingsstaðir

**Magnús Sigurðsson, Halldóra Sveinsdóttir og Ína Gunnlaugsdóttir komu inn í búskapinn á Víkingsstöðum árið 2003 en þar reka þau félagsbú ásamt móður Magnúsar og Ingibjörgu, systur hans, sem býr á Auðólfsstöðum. Ingibjörg kemur í sauðburð og á haustin til að hafa stjórn á því hvað er sett á. Magnús er uppalinn á Víkingsstöðum en foreldrar hans fluttu þangað 1974.**

**Býli:** Víkingsstaðir.

**Staðsett í sveit:**
Völlum á Fljótsdalshéraði.

**Ábúendur:**
Magnús Sigurðsson, Halldóra Sveinsdóttir og Ína Gunnlaugsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):**
Við eigum þrjá drengi, Sigurð Orra (1999), Jóhann Inga (2001) og Gunnþór Svein (2010). Fjórir hundar og tveir kettir.



**Stærð jarðar:**
Um 400 hektarar.



Frá vinstri Sigurður Orri, Jóhann Ingi, Magnús og Gunnþór Sveinn fyrir framan.

**Gerð bús:**
Sauðfjárbú og verktaka við heyskap.

**Fjöldi búfjár og tegundir:**
Um 430 fjár.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?**
Fer eftir árstíðum, hefðbundin störf á sauðfjárbúi.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?**
Flest eru bústörfin skemmtileg en þó er alltaf gaman að heyja í góðu veðri, eins getur það verið leiðinlegt í óþurrkatíð.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?**
Svipaðan og hann er í dag.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?**
Teljum þau vera í góðum málum í dag. Þurfum að hafa þar öfluga forsvarsmenn á næstu árum.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?**
Við verðum að vona að framtíð hans sé björt.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Teljum að helstu tækifærin séu í útflutningi á mjólkurafurðum og lambakjöti. Þurfum að halda á lofti hreinleika afurðanna.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?**
Léttmjólk, ostur, skinka og egg.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?**
Það gætu verið nokkur svör við þessari spurningu ef allir eru spurðir. Þó klikkar grillað ærfile aldrei.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?**
Ætli það sé ekki bara að hafa flutt austur aftur eftir ellefu ára búsetu í Reykjavík.



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Safaríkar nautasteikur svíkja engan

**Grillvertíðin er í hámarki þessar vikurnar og tilvalið að leyfa sér smá munað. Allir elska steik, toppaða með smjörsteiktum sveppum og nýjum kartöflum.**

Íslensku jurtirnar sem hægt er að tína úti í náttúrunni geta gefið grillsteikinni alveg nýtt bragð – sem þó er kunnuglegt. Prófið blóðberg, kerfil og birkilauf næst þegar þið eldið safaríkar steikur. Gamla góða bernaise-sósan fær smá upplyftingu með kerfli. Í lokin er kókoskúluuppskrift sem er gott að eiga í handraðanum þegar íslensku hindberin eru fáanleg.



### T-bein steik

Hráefni

- 4 stk. t-bein nautasteikur
- 475 ml nautakjötskraftur (vatn og kraftur)
- 225 g sveppir, sneiddir eða skornir í tvo hluta
- 100 ml rjómi
- 2 matskeiðar smjör
- salt og pipar eftir smekk

**Aðferð**

Hitið grillið á háan hita. Bræðið smjörið á pönnu yfir miðlungshita. Bætið í sveppum og eldið þar til mesti vökvinn er farinn úr pönnunni. Bætið nautakjötsseyði og hrærið. Sjóðið þar til vökvinn fer að þykkna. Bætið í rjóma og lækkið hitann.

Kryddið t-bone steikur með salti og pipar eftir þörfum. Setjið á grillið og eldið í um 2 mínútur á hlið. Færið síðan á kaldari stað á grillinu.

Haldið áfram að grilla í 5 til 7 mínútur eða þar til steikurnar ná tilætluðum hita, setjið undir álpappír til að kjötið nái að hvíla fyrir skurð um (55–58°C í kjarna).

Þegar steikurnar eru tilbúnar, toppið hverja steik með sveppum og framreiðið með kartöflum. Ef einhver er að rækta vatnakarsa þá væri hann fullkominn með eða bragðmikið klettasalat.



### Nauta ribeye með íslenskum jurtum

Hugmyndin er að láta kjötið „hvíla“ í hrúgu af íslenskum jurtum og kryddi til að gefa kjötinu ferskt bragð. Safinn af elduðu kjötinu blandast saman við bragðið af ferskum jurtunum. Þetta gæti verið langbesta steik sem þú átt eftir að gera og það með íslenskum jurtum út náttúrunni.

Hráefni

- 1 stykki þykkur ribeye
- Salt og ferskur malaður pipar
- Ferskur kerfill
- Nokkur birkilauf
- Ólífuolía
- 1 búnt ferskt blóðberg
- Nokkrir sprotar af brumi af barrtré
- Ferskt rautt chili
- 3 hvítlauksgeirar
- 1/2 sítróna

Hitið pönnu eða grill á háan hita. Kryddið steikina rækilega með salti og pipar á öllum hliðum.

Dragið blóðbergið af stilkunum og nuddið inn laufin inn í kjötið. Leyfið kjötinu að hvíla. Fínskerið kerfil, chili og hvítlauk. Setjið á trébretti eða fat.

Kreistið sítrónusafa og smá ólífuolíu yfir jurtirnar. Blandið saman.

Setjið steikina á pönnu eða grill og ekki snúa of oft. Snúið við eftir um 2–3 mínútur og brúnið hina hliðina í aðrar 2–3 mínútur. Látið svo á kaldan stað á grillinu eða lækkið hitann í 80°C á ofninum (þar til hiti nær 57°C ).

Flytjið kjöt á fatið með öllum jurtunum og kryddinu. Látið kjöt hvíla í um 5 mínútur.

Nuddið kryddið inn í kjötið áður en það er skorið og framreitt með meðlæti að eigin vali, til dæmis heimalagaðri bearnaise-sósu sem búið er að setja kerfil í stað extragons.



### Kerfill bearnaise

Hráefni

- 3 stk. eggjarauður
- 300 ml brætt smjör
- 1 msk. dijon-sinnep
- 2 msk. bearnaise kryddlögur (bearnaise essens) eftir smekk
- 1/2 búnt ferskur kerfill
- Eftir smekk salt og pipar
- Eftir smekk kjötkraftur

Bræðið smjörið, þeytið eggjarauðurnar og bætið smjöri varlega út í eggjarauðurnar og þeytið vel á meðan. Kryddið með bernaise-essens (kryddlegi), dijon-sinnepi, sítrónusafa, kerfli og salti og pipar eftir smekk.

### Fersk íslensk hindber og kókoskúlur

Ef fólk vill hollari kókoskúlur er hægt að vinna saman döðlur og hnetur í stað sykursins. Það gæti þurft að róa vandláta gesti sem eru vanir þessum gömlu góðu, líka er hægt að vera með grófari kókos til að fá skemmtilegt útlit á kúlurnar.

Hráefni

- 2 öskjur fersk hindber
- 100 g smjör
- 1 dl sykur
- 3 dl haframjöl
- 2 msk. kakó
- 1 tsk. vanilludropar
- 1/2 tsk. salt
- (döðlur og hnetur) má sleppa
- kókosmjöl

Öllu hráefninu er blandað saman og hnoðað í skál. Síðan eru mótaðar litlar kúlur, sem að lokum er velt upp úr kókosmjöli. Hver kúla skreytt með fersku hindberi.

PRJÓNAHORNIÐ garn@garn.is

# Heklaður skvísukragi

**Garn:** Whistler frá Garn.is
**Heklunál:** 4 mm
1 dokka ætti að duga í tvo kraga og kostar dokkan 199 kr.

Aþena, systurdóttir mín, er 3 ára skvísa sem hefur gaman af því að klæða sig upp og vera fín. Nú er sumar og nýtur Aþena þess að geta verið í kjól og þurfa ekki að fela glingur og skart undir peysu eða jakka. Bleikur er uppáhalds liturinn hennar Aþenu og vakti bleiki kraginn sem ég heklaði handa henni mikla lukku.

Þessi kragi er heklaður eftir uppskrift sem birtist í Bændablaðinu 2013, en ég breytti uppskriftinni aðeins til þess að hann hentaði betur yngri skvísum.





**Uppskrift:**
Uppskriftin er þannig að hægt er að hafa kragann í hvaða stærð sem er. En passa þarf upp á lykkjufjöldinn gangi upp í 7 til þess að mynstrið gangi upp. Til viðmiðunar var ég með 63 og 77 loftlykkjur í krögunum sem ég heklaði, að auki er svo bætt við 5 loftlykkjum til þess að gera hnappagat.

Fitjið upp margfeldið af 7 þar til æskilegri stærð er náð, þá er bætt við 5 LL.

1. **umf:** Heklið 1 FP í 6. LL frá nálinni (hnappagat gert), 1 FP í hverja LL út umf. Ég hekla í hnúðinn aftan á loftlykkjunum í stað þess að hekla framan í loftlykkjurnar, þetta geri ég til þess að hálsmálið sé fallegra.
2. **umf:** Heklið 1 LL, *1 FP í næstu 6 L, 2 FP í næstu L (útaukning gerð)*, endurtakið frá * að * út umf, en heklið aðeins 1 FP í síðustu L umf í stað þess að gera 2 FP.
3. **umf:** Heklið 1 LL, 1 FP í allar L út umf.
4. **umf:** Heklið 3 LL (telst sem 1 ST), sl. 2 L, *[1 ST, 3 LL, 1 ST] saman í næstu L, sl. 3 L*, endurtakið frá * að * þar til aðeins 3 L eru eftir, þá er sl. 2 L og heklað 1 ST í síðustu L.
5. **umf:** Heklið 3 LL, sl. 2 L *[2 ST, 4 LL, 2 ST] saman í næsta LL-bil, sl. 2 L*, endurtakið frá * að * út umf, heklið 1 ST í 3. LL af þeim þrem sem heklaðar voru í byrjun síðustu umferðar.

*Hnúður:* Heklið 4 LL, 1 KL í 1. LL

6. **umf:** Heklið 1 LL, 1 FP í 1. L, sl. 2 L, *[3 ST, hnúður, 3 ST] saman í næsta LL-bil, sl. 2 L, 1 FP á milli ST, sl. 2 L*, endurtakið frá * að * út umf, ekki næst að klára síðustu endurtekninguna að fullu, í lokin er heklaður 1 FP í 3. LL af þeim þrem sem heklaðar voru í byrjun síðustu umferðar.

Slítið frá, gangið frá endum og saumið töluna á. Fleiri myndir er að finna á www.garn.is og þar er einnig hægt að nálgast þessa uppskrift í rafrænu formi. *Góða skemmtun! – Elín Guðrúnardóttir*









**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 1 | | 9 | | 4 |
| | | 1 | 4 | 8 | 9 | | 3 | |
| | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | 5 |
| | | | 8 | 5 | | | | |
| | 7 | 2 | | | 6 | | | |
| 9 | | 6 | | | | | 2 | 7 |
| | 3 | 8 | | 6 | | | | |
| 2 | | | | | 8 | | | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | | 7 | 6 |
| | | | 9 | | | 3 | | |
| 9 | | 7 | | | 5 | | 1 | 2 |
| | | 4 | | | | | | |
| | 3 | | | 5 | | | | |
| 1 | | | 2 | 7 | | | 3 | 5 |
| | 6 | | 3 | | | | | |
| | | | | 6 | 1 | | 2 | |
| 7 | | | | 8 | | | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 1 | | |
| | 3 | 4 | | | | | 7 | 9 |
| 2 | | | | 8 | | | 4 | |
| | | | 7 | | 9 | | | |
| | | 7 | | 1 | | 9 | | |
| | | | 3 | | 2 | | | |
| | 4 | | | 5 | | | | 1 |
| 7 | 6 | | | | | 2 | 3 | |
| | | 8 | | | | | 9 | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 7 | 9 | 8 | | 2 | |
| | | 6 | | | | 8 | | |
| | | | | | | | | |
| 1 | | | 9 | | 4 | | | 5 |
| 2 | | | | | | | | 6 |
| 7 | | | 8 | | 1 | | | 3 |
| | | | | | | | | |
| | | 7 | | | | 9 | | |
| | 5 | | 4 | 1 | 6 | | 3 | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Skemmtilegast að spila fótbolta

**Bjarki Snær er 8 ára nemandi í Kirkjubæjarskóla. Hann æfir fótbolta og blak og ætlar bráðum að fara að læra að spila á trommur. Bjarka Snæ finnst spagettí og hakk besti maturinn.**



**Nafn:** Bjarki Snær Sigurðsson.

**Aldur:** 8 ára.

**Stjörnumerki:** Naut

**Búseta:** Hemra og Túngata 6.

**Skóli:** Kirkjubæjarskóli á Síðu.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Fótbolti.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Beltisdýr.

**Uppáhaldsmatur:** Hakk og spagettí.

**Uppáhaldshljómsveit:** Pollapönk.

**Uppáhaldskvikmynd:** Þættir um Harry og Heimi.

**Fyrsta minning þín?** Man ekki.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Já, ég æfi fótbolta og krakkablak og byrja að æfa bráðum á trommur.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Fótboltamaður.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Þegar ég fór út á svell með pabba á snjósleðanum.

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert?** Að leiðast.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Ég fór á Gullfoss og Geysi.

## Vélabásinn



Hjörtur Leonard Jónsson
liklegur@internet.is

### Peugeot Expert sendibíll:

# Virkar ekki stór en innanmál er mikið

**Eitthvað er síðan ég reynsluók sendibíl og þegar ég átti leið fram hjá Bernhard í síðustu viku kom ég við og heilsaði upp á Hlyn sölumann. Þótt fyrirvarinn væri stuttur var ekkert mál að fá lánaðan bíl til prufuaksturs.**

Bíllinn sem ég fékk heitir Peugeot Expert VAN L1H1 og er beinskiptur með 90 hestafla vél.

*Virkar ekki stór að sjá, en innanmál er mikið*

Bíllinn var sérpantaður og er með rennihurð fyrir aftan bílstjórahurð sem aukabúnað. Rennihurð vinstra megin fyrir aftan bílstjórahurð (vinstra megin) verður bönnuð í Evrópu innan skamms (2016). Frá farangursrými í ökumannsrými er lokað, en lítill gluggi er á þilinu þannig að hægt er að sjá aftur með baksýnisspeglinum og yfir í farangursrýmið. Utan séð fannst mér bíllinn lítill, en þegar ég hafði mátað fullorðins reiðhjól inn í farangursrýmið fannst mér það vera ósköp lítið og ræfilslegt þarna eitt inni í bílnum (hefði vel getað komið 4–5 svona reiðhjólum inn í bílinn án þess að þau snertust.

Í gólfinu eru a.m.k. átta festingar til að festa farangur. Varðandi farangursrýmið fannst mér allt aðgengi að því gott og burðarþolið var ekki að skemma fyrir sem er 1.200 kg, málin á farangursrýminu eru: b: 1,6m , h: 1,45 m, dýpt: 2,25 m.

Það eina sem plagaði mig var að í hvert skipti sem ég ók af stað eftir að hafa opnað farangursrýmið (sem var galtómt) þá læsti farangursrýmið sér með töluverðum smelli og hrökk ég alltaf við.

*Stuttur prufuakstur á tómum sendibíl*

Í flestum tilfellum þegar ég prófa bíla reyni ég að keyra þá a.m.k. 100 km, en þar sem að bíllinn var tómur og ég hafði ekkert til að flytja eða prófa með og án þunga fannst mér enginn tilgangur vera í því að keyra bara til þess eins að ná 100 km markinu.

Fimm gíra kassinn er þægilegur og hæfir bílnum vel (gæti hugsanlega samt háð bílnum á hámarksshleðslu, með kerru í eftirdragi).

HDi dísilvélin sem er 1.560 rúmsentímetrar, á að skila 90 hestöflum. Tog vélarinnar fannst mér vera ágætt upp brekkur (enda tómur bíll), og sem dæmi kom ég að Ártúnsbrekkunni á 80 km hraða og hreyfði ekki gjöf og bíllinn tapaði sáralitlum hraða á brekkunni.

Uppgefin meðaleyðsla er 6,7 lítrar á hundraðið miðað við blandaðan akstur. Burðargetan er uppgefin 1.206 kg en uppgefin dráttarþyngd með bremsuvagn er 1.472 kg.

*Öryggismálin í lagi og góður útbúnaður*

Þó að bíllinn sé ætlaður sem sendibíll þá er hann vel útbúinn hvað öryggismál varðar, ABS hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi, hraðatengt aflstýri, loftpúðar fyrir farþegarýmið, mikið af hólfum bæði stór og smá, upphitaðir hliðarspeglar og tvöfalt farþegasæti (bíllinn er skráður fyrir þrjá).

Hægt er að sérpanta Peugeot Expert með ýmsum aukabúnaði og jafnvel sem smárútu, en nánari upplýsingar um það er hjá sölumönnum Peugeot í Bernhard. Verðið á Peugeot Expert bílnum sem ég prófaði er ekki nema 3.590.000.



**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Þyngd | 1.655 kg |
| Hæð | 1.942 mm |
| Breidd | 1.986mm |
| Lengd | 4.805 mm |
| Dráttargeta | 1.472 kg |

Peugeot Expert. Myndir / HLJ



Svona rennihurðir verða bannaðar í framtíðinni.



Fullorðins reiðhjólið virkaði frekar smátt inni í farangursrýminu.



Hólfin eru mörg, en þetta minnir mig óneitanlega á handþvottaskál.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook
Smáauglýsingar 56-30-300



**Liebherr L507 Speeder hjólaskófla**

2005 árg.

Skófla, gaflar og hraðtengi.

Snyrtileg og vel með farin vél.



**Yanmar Vio57**

2014 árg.

6 tonn

Steelwrist rótortilt og 3 skóflur.



**Yanmar SV18 smágrafa**

2015 árg.

1,9 tonn



**Yanmar C12 beltavagn**

2015 árg.

Burðargeta 1150 kg



**Kaeser M135 loftpressa**

2011 árg.

13 rúmmetra, 10 bör.

18 KW rafall.



**Weber jarðvegsþjöppur og hopparar til á lager**



**Tsurumi-dælur í miklu úrvali**

**Uppl. í síma 660-6051.**

MERKÚR

merkur.is




Til sölu Manito 626 árgerð 1990. Verð: 1,600,000 + vsk. Uppl. í síma 893-6404.



Álfagalleríyð í sveitinni Teigi Eyjafjarðarsveit. Opið alla daga í júlí og ágúst frá kl. 13:00 til 17:00.



Til sölu Case 580G traktorsgrafa og Deutz D4006 traktor. Tækin eru bæði í lagi og gangfær en glussaleki er á traktorsgröfu. Þau eru staðsett á Hornafirði. Frekari uppl. fást í síma 859-8109.



Honda VTX 1800, 2007. Ekið 16.000. Hjólið er glæsilegt og búið að nostra við það. - Einhver skipti skoðuð t.d 4wd Traktor með ám.tækjum. Uppl. hjá Geir í síma 847-5170. Verð Kr. 1.390.000.



Til sölu Polaris Trail Boss 330. Árg 2004. Sjálfskipt. Lítið notað hjól, ný sprautað og málað. Í toppstandi. Uppl. í síma 899-1041.



Til sölu Scania árgerð 1996 ekinn 180.000 km. Palfinger krani 24 tonn metrar Verð: 3,850,000 kr + vsk. Uppl. í síma 893-6404.



Vicon RF121 rúlluvél vel með farin og í góðu lagi. Vélin hefur oftast verið geymd innandyra . Verð tilboð. Uppl. í síma 699-4028.



Besta verðið á klakanum! ´06 Hyundai Terracan 2,9 TDI ek: 294 þ.km. Topp viðhald, var í eigu Íslandsspósts. Hedd & tímareim búið, góð þjónustubók. Tilboð 890 þús!!! Uppl. í síma 849-3333.



Deutz-Fahr einna stjörnu múgavél til sölu. Vélin er geymd inni og tilbúin til notkunar. Er staðsett á Suðurlandi. Uppl. í síma 663-1820.



Til sölu Kel-Berg S39 seglvagn 3ja öxla. Verð 1,7 miljón + vsk. Á sama stað er einnig til sölu Westwood V20-50D sláttutraktor, sem nýr, með Janmar dísilmótor. Verð 1,1 miljón + vsk Uppl. í síma 869-0175.



Patura spennar í úrvali. P1 er bæði fyrir 12V og 230V. 5km. drægni. Frábært verð aðeins kr. 29.900,- Mikið úrval af öðrum rafgirðingarvörum skoðið Patura bækling 2015 á www.brimco.is - Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf. Sími 894-5111. Opið kl.13.00-16.30.



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4.27 m, hæð 1.10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 auk vsk. Verð 2-4 stk 22.900 auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 auk vsk. Uppl. í símum 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Til sölu ruslagámar í þremur stærðum. Uppl. í síma 893-1229.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Frábærar vörur framleiddar skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30. www.brimco.is



Getum útvegað þessi tæki í mörgum útfærslum og stærðum. Ryðfrítt stál eða ál, þola 120° hita. Fjölnota tæki sem eru hraðvirk og skila 100% vinnu. Sumar útfærslurnar gætu hentað vel í þrif á gólfum í gripahúsum. Hákonarson ehf. Netfang hak@hak.is Uppl. í síma 892-4163, og einnig á www.hak.is



Háþrýstibúnaður fyrir heitt vatn. Þrýsingur allt að 500 Bar @ 30 L / min. Hákonarson ehf , netfang : hak@hak.is. Uppl í síma 892-4163 , www.hak.is



Kerrur á einum og tveimur öxlum, með og án bremsum, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Íslensk smíði. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið 13:00-16:30 - www.brimco.is



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0mtr. í tveimur þéttleikum. Einnig fáanlegar í föstum lengdum. Allir lokur og lamir fylgja. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13:00-16:30.



Skóbursti fyrir utan heimilið eða vinnustaðinn. Galv.grind með góðum burstum. Verðið er aðeins kr. 7.500 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13.00-16.30. Sjá á www.brimco.is



Tveggja öxla kerrur, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Verð frá kr. 489.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Íslensk smíði. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið 13:00-16:30. www.brimco.is



Úrval af girðingarefni til sölu. Tunnet er frá kr. 7.200,- stk.+vsk. ÍsBú Síðumúla 31, 108 Reykjavík. Sími 562-9018 - isbu@isbutrade.com eða á www.isbutrade.com


BRIGGS & STRATTON

**Mótorar og varahlutir á lager**

**Hröð og góð þjónusta**

**Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI**

**MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS**




Samasz sláttuvélar, ýmsar stærðir. Verð frá kr. 275.000.- án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Til sölu 30T Krani í topp standi. Uppl. í síma 840-6100.



Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Fyrirliggjandi á Austurlandi. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.


Bændablaðið

Næsta blað kemur út 23. júlí 2015


Palmse malarvagn, fjaðrandi hásingar og beisli, burðargeta 18 tonn. Búvís ehf. Sími 465-1332.


Sérfræðingar í loftræsilausnum. Eigum á lager mikið úrval af þýskum þakblásurum frá Ruck Ventilatoren. Ísmar, Síðumúla 28, sími 510-5100, www.ismar.is



Vega- og framkvæmdamerkingar. Ísmar, Síðumúla 28, sími 510-5100, www.ismar.is


Traktorsdrifnar rafstöðvar ( Agro-Watt ) www.sogaenergyteam.com - Stærðir : 10,8 KW – 72 KW. Stöðvarnar eru með eða án, AVR ( spennujafnara ). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, td. Mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum ofl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum, fyrir magndælingu á, vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2” – 3” – 4”. Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar : rafmagn, bensín / diesel, glussaknúnar ( mjög háþrýstar ). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak


Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsogandi traktorsdrifnar dælur. Bensínknúnar dælur með Honda mótorum, allt að 4" díseldrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl.í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Vökvaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsogandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - Aflgjafar; rafmagn, Hondabensín, Yanmardísel, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Háþrýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenrörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háþrýstilöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8” , ½” , 5/8” , ¾” . Bensín / diesel, vatnsflæði allt að:132 L / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háþrýstiþvott. Vandaður og hentugur búnaður, fyrir sveitafélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl.í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Max þrýstingur : 200 Bar, 250 Bar, 500 Bar. Vatnsflæði: 15 L / min, 25 L / min. Max hiti á vatni : 140°. Hákonarson ehf., Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Á hagstæðu verði: Ný Same dráttavél 87 hö. með Ámoksturtækjum. Einnig 135 hö Same dráttavél 2005 notuð aðeins 630vst Uppl. í símum 587-6065 og 892-0016 og á facebook.



Á hagstæðu verði, 10% afsl: 6 stjörnu lyftutengdar Abimac HTS 720/6 heytætlur vökvalyft með króktindum og varahjóli, vinnslubreidd 650 cm. Uppl. í símum 587-6065 og 892-0016 og á facebook.


Á afar hagstæðu verði: Ziegler diskasláttuvélar 2,9 mt. hraðfestingar á hnífum, skólaus diskabakki dregur ekki með sér slegið hey, þýsk gæði endist tugi ára. Uppl. í símum 587-6065 og 892-0016 og á facebook.


Burðarmikil og góð alhliða/fjárkerra til sölu. Krossviðarklædd með sliskjum að aftan, hægt að keyra t.d.fjórhjól um borð. Í afturhlera er einnig hurð til að hleypa kindum um/frá borði, einnig laus falskur botn með fjármottum. Hliðum er hægt að smella af. Innanmál, lengd 292cm og breidd 132cm. Verðhugmynd 450.000kr, öll tilboð skoðuð. Uppl.í síma 821-9772 og mikluvellir@simnet.is


Weckman sturtuvagnar 6,5 tonna, 11 tonna og 13 tonna. Til á lager. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.


Weckman rúlluvagnar. Stærð palls 2,55 x 8,6 m Til á lager. H. Hauksson ehf. sími 5881130


Ford Transit, árg. ´13, ek. 37 þús. Háþekja og langur, 3,5 tonna bíll. Klæddur að innan. Auka tímastillt olíumiðstöð. Negld dekk og sumardekk fylgja. Ný yfirfarinn af Brimborg, vsk.-bíll, dráttarkr., rennihurðir beggja vegna. Eins og nýr. Uppl. í síma 663-4455. Sjá einnig á jrbilar.is


Til sölu Húsbíll M- benz Sprinter 316 disel 4x4 árg. '01 (innréttaður 2007) ekinn 250 þús km. Mjög snyrtilegur bíll gott útlit og vel með farinn. Ásett verð kr 6.200.000 Uppl. gefur Ágúst í símum 487-8688 og 893-8877.


Til sölu NIFTY 170 SD 4 WD Diesel/ rafmagn vinnulyfta árg.'07. Uppl. í í síma 896-6199.


Samasz heyþyrla, vinnslubreidd 530 m. Verð kr 892.000.- án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.


Toyota Hilux. Til sölu Toyota Hilux árg. 2004 með pallhúsi. Góður bíll sem alltaf hefur verið í þjónustu. Smurbók fylgir með. Uppl. í síma 894-1040 (Rúnar).


Sendibíll DAF45 1992 kassabíll ca 30 rúmmetra kassi, ekinn ca 230.000, nýskoðaður. Næsta skoðun 2017 .Verð 750.000. Uppl í síma 892-0808.


Eigum 2 hreinræktaðar tíkur til sölu úr goti frá Gerplu-Kennel. Foreldrar eru í sveit og eru með góða yfirvegaða skapgerð. Hér eru efni í smalahunda. Uppl. í síma 868-4500. Myndir á Facebook, Guðný Halla Gunnlaugsdóttir, eða Gerplu kennel.


Til sölu mjög vel með farið sófasett, þriggja sæta sófi og tveir stólar. Verð ca. 230.000,- Uppl.í síma 693-8089


Krone BigPack VFS128 stórbaggavél á tandehásingu. Baggastærð 120x90cm. Árg. '03 Verð kr. 2.190.000 án vsk. Kraftvélar, sími 535-3500 www.kraftvelar.is


CaseIH 4230 með Veto FX2015 ámokstrustækjum. Árg.´98, 84 hestöfl. 5.100 vinnust. Verð kr. 2.100.000 án vsk. Kraftvélar, sími 535-3500 www.kraftvelar.is


Til sölu Fahr KS 90 stjörnurakstravél gömul og góð vél í góðu lagi. Verð kr. 175,000 án vsk. Er á Suðurlandi. Uppl. í síma 894-4566.


Scanía 124 G árg.'96, vatnsbíll/ olíubíll,18.000 l áltankur og mikið af aukabúnaði, ný skoðaður, erum einnig með hásingar undan vörubílum, vögnum og fl Uppl. í síma 770-2400 eða steintak@simnet.is http://steintak.is/min/min-utsbreyting.php?utsnum=342


Erum með 3 báta til sölu ásamt ýmsu tengt bátum á heimasíðunni http://steintak.is/augl.php?fl=5 Uppl. í síma 770-2400 eða steintak@simnet.is


Til sölu gámatjald fest á milli tveggja 40ft gáma, fæst fyrir lítið gegn því að vera tekið niður. Uppl. í síma 869-0175.


Nissan Terrano II - 2,7TDI - ssk, árg.'99. Sóllúga, lítið slitin 33“ BFG A/T dekk. Ekinn 255 þús. km. Skoðaður 2016, endurb. alternator, nýir rafgeymar, hjólabúnaður og hemlar talsvert endurnýjað. Tilboðsverð 520 þús. Uppl. í síma 774-3858.


Palmze rúlluvagn, lengd 8,02 m. Verð 1.590.000 án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.


Samasz sláttuvélasamstæði. Vinnslubreidd 8,6 m. Verð 3.833.000 + vsk Búvís ehf. Sími 465-1332.


Samasz sláttuvél, vinnslubreidd 3 m. Verð 1.082.000 án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.


Til sölu einingar í ca 10 rúmm. Kæliklefa ásamt kælivél og kælibvlásara (270cm. B 210cm. H 206cm) Uppl. í síma 694-4555.

Fuglastígskort fyrir Norðurland vestra:

# Landsvæðið vel til fuglaskoðunar fallið

**Gefið hefur verið út fuglastígskort fyrir Norðurland vestra, en á því er merktir alls 17 staðir sem þykja áhugaverðir fyrir fuglaskoðunaráhugamenn.**

Svæðið nær allt frá Borðeyri í vestri að Þórðarhöfða í austri. Verkefnið er unnið af Ferðamálasamtökum Norðurlands vestra í samvinnu við Selasetur Íslands, Ferðamálafélag V-Hún., Ferðamálafélag A-Hún., Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði og Ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Verkefnið er styrkt af Vaxtarsamningi Norðurlands vestra og hefur verkefnastjórn verið á höndum Selaseturs Íslands.

### *Einn af vaxtarbroddum ferðaþjónustunnar*

Á vef Selasetursins segir að vonir séu bundnar við að fuglastígurinn muni efla ferðamennsku á Norðurlandi vestra með því að víkka út þann hóp ferðamanna sem þangað kemur sem og lengja þann tíma sem ferðamenn sækja landsvæðið heim.

Stígurinn geti verið einn af vaxtarbroddum ferðaþjónustunnar og lengt ferðamannatímabilið snemma á vorin þegar til dæmis tún á Norðurlandi vestra fyllast af helsingjum, álftum og gæsum og á haustin þegar fuglar koma saman í stórum hópum til að undirbúa sig undir flugið á vetrarstöðvarnar. Norðurland vestra sé mjög vel til fuglaskoðunar fallið og sé aðgengi að fuglategundum, sem þyki eftirsóknarverðar til skoðunar, gott.

### *Stöðum bætt á kortið síðar*

Vinna við verkefnið hefur staðið í á þriðja ár. Sumarið 2014 var Ellen Magnúsdóttir fuglafræðingur ráðin til starfa og skoðaði hún vænlega staði og taldi tegundir sem þar sáust.

Staðirnir voru valdir eftir athuganir hennar, en athygli vakin á því að ýmsir fleiri áhugaverðir staðir komi einnig til greina. Stefnt er að því að fjölga stöðum jafnt og þétt í síðari útgáfum á kortinu. Sótt hefur verið um styrki til áframhaldandi athugana á fuglum á svæðinu til að halda áfram að þróa stíginn.

### *Dreift til ferðaþjónustuaðila*

Kortinu verður dreift til ferðaþjónustuaðila á svæðinu, en einnig á einni af stærstu fuglasýningum heims í Bretlandi næsta haust.

*/MÞÞ*




Bændablaðið
Næsta blað kemur út 23. júlí 2015





















JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

# PÖTTINGER

## Mest seldu heyvinnutæki á Íslandi til margra ára*




GÆÐI, ENDING OG HÁTT ENDURSÖLUVERÐ

*Samkvæmt samræmdum útflutningstölum evrópskra tækjaframleiðenda.



Einstök ending og frábær fylgni við landið



Betri dreifing og mun meiri ending



Mun hreinna og verðmætara fóður

# Samsett og til afgreiðslu strax!

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is